


SIGURÐUR HALLDÓR JESSON
*Snyrtimennskan í fyrirrúmi*
• Tíska • Heimili • Heilsa
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

birta
SNORRI IDOLSTJARNA
*Hlédrægur og metnaðargjarn*
• tíska • tónlist • uppeldi
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. apríl 2006 — 101. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## Samuel Beckett 100 ára



Írska leikskáldið sem skrifaði um mennskuna, bjargarleysi mannsins og tilgangsleysi lífsins.

MENNING 38

## Bakar brauð fyrir messuna



Séra Arna Grétarsdóttir hefur í nógu að snúast um páskana og bakaði sjálf brauðið fyrir skírdagsmessu í Seltjarnarneskirkju í kvöld.

TÍMAMÓT 30

## Ekki hljómsveit heldur upplifun



Einar Örn Benediktsson og Curver Thoroddsen, mennirnir á bak við Ghostigital, segja frá fermingarveislu þar sem þeir ráku alla út að skokka.

VIÐTAL 36

## Tap í Hollandi



Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu tapaði fyrir Hollandi í vináttulandsleik ytra í gær, 2-1. Landsliðsþjálfarinn sagði það skammarlegt að tapa leiknum.

ÍÞRÓTTIR 60

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞYKKNAR UPP VESTAN TIL** í dag verður vestlæg eða norðvestlæg átt. Allhvasst á útnesjum norðaustan til, annars mun hægari. Él norðaustan til í fyrstu en svo úrkomulítið. Þykknar upp vestan til með éljum. Hiti nálægt frostmarki.

VEÐUR 4




# Töpuðu milljarði

**Sjóðir á snærum Nýsköpunarsjóðs hafa tapað nærri milljarði króna af upphaflegu stofnfé sem nam einum og hálfum milljarði króna. Þeir áttu einkum að sinna áhættufjárfestingum á landsbyggðinni en reyndin varð önnur.**

**NÝSKÖPUN** Framtakssjóður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur fest fé í 27 nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum frá stofnun árið 1997.

Í svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns Möller, Samfylkingunni, kemur fram að markmið um að fjárfesta einkum í atvinnuþróun utan höfuðborgarinnar hafi ekki náðst þar sem eftirspurn á landsbyggðinni eftir fjárfestingarfé úr framtakssjóðnum hafi verið minni en ráð var fyrir gert. Taldi Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra í umræðum á Alþingi í vikunni að starfsemin hefði ekki skilaði því sem vænst hefði verið í upphafi.

Af 15 fyrirtækjum sem framtakssjóðurinn hefur fjárfest í eru fimmtán í Reykjavík, fimm í Norðausturkjördæmi, þrjú í Suðurkjördæmi, tvö í Norðvesturkjördæmi og eitt í Suðvesturkjördæmi.

Upphaflega lagði ríkisstjórnin einn milljarð króna í Framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins af söluandvirði Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og var fjármagnið boðið út í fernu lagi til ávöxtunar í öllum landshlutum gegn því að hver og einn legði til 125 milljónir króna. Samtals var því stofnfé 1,5 milljarðar króna.

Fram komi í umræðum á Alþingi í vikunni að nærri einn milljarður króna af stofnfé hefði tapast því einungis hefðu verið liðlega 590 milljónir króna eftir af stofnfé fyrir um tveimur árum síðan.

Dregið er í efa að mörg fyrirtækjanna hefðu haldið velli ef ekki hefði notið stuðnings sjóðanna því skortur hefði verið á áhættufé frá árinu 2000, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Nokkur fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota og önnur sameinast öðrum en sjóðunum var einungis heimilt að kaupa hluti í fyrirtækjum en ekki veita þeim lán. Ekki hefur verið haldið saman gögnum um heildarveltu þessara fyrirtækja né starfsmannafjölda þeirra. Meðal fyrirtækja sem sjóðurinn á hlut í eru tölvuleikjafyrirtækið CCP hf, Fiskey sem fæst við lúðueldi í Eyjafirði, Landmat sem þróar farsímakerfi, líftæknifyrirtækin Orf og Prokaría, Þórsbrunnur sem flytur út vatn, Gagnvirk miðlun og hugbúnaðarfyrirtækin Vefur, Veðvörur, Umsýn, Atferlisgreining og Bergspá.

johannh@frettabladid.is



**GÓSENTÍÐ HJÁ BLÓMASÖLUM** Sigurður Þórir Sigurðsson, blómasali í Blómatorginu í Vesturbæ Reykjavíkur, átti fullt í fangi með að fylla á rekka sína þegar ljósmyndari átti leið hjá í gær. Mikil sala er á páskaliljum og túlípönum fyrir páskahátíðina. Sagðist Sigurður hafa selt allt að átta þúsund stykki síðustu daga fyrir utan sölu á annars konar blómum sem einnig eru vinsæl. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einbýlishúsalóðir í Úlfarsárdal seldust á 10,8 til 21 milljón í útboði borgarinnar:

# Tíu lóðir fyrir einbýli óseldar

**LÓÐAÚTHLUTUN** Tíu af fjörutíu einbýlishúsalóðum seldust ekki í útboði í Úlfarsárdal og verða boðnar út eftir páska. Hæsta verð fyrir einbýlishúsalóð í fyrsta byggingaráfanga var rúmlega 21 milljón en það lægsta 10,8 milljónir. Ódýrasta parhúsalóðin seldist á um þrettán milljónir en sú dýrasta á 23,5 milljónir.

Benedikt Jósepsson, sem átti hæsta tilboðið í allar utan einnar einbýlishúsalóðar í fyrstu atrennu, greiðir um 20,3 milljónir fyrir sína lóð. Systir hans greiðir rúmar 19,2 og faðir tæpar 18,3 milljónir. Benedikt er sáttur við sinn hlut og hyggst ekki fara í mál við borgina vegna útboðsins. Byggingarfyrirtæki hans keypti byggingarrétt undir tvenn raðhús á um fjörutíu milljónir króna hvort.



**Í ÚLFARSÁRDAL** Í þessu fyrirhugaða nýja hverfi seldist ódýrasta parhúsalóðin á þrettán milljónir króna. Myndin er tölvuteiknuð.

Fasteignafélagið Hlíð byggir fimm fjölbýli og þrenn raðhús og greiðir frá um þrjátíu milljónum til fimmtíu milljóna fyrir byggingarréttinn á lóðunum.

Níu af þrjátíu einbýlishúsalóðum seldust á tíu til tólf milljónir og sex á tólf til fjórtán milljónir. Fyrir átta lóðir fengust fjórtán til átján milljónir, og fimm lóðir seldust á átján milljónir eða meira.

Verðið var jafnara fyrir parhúsalóðirnar. Átta greiddu tólf til fjórtán milljónir, níu greiddu fjórtán til sextán milljónir, þrettán greiða sextán til átján milljónir og níu átján milljónir eða meira.

- gag

Norskur aðstoðarráðherra:

# Vilja taka þátt í vörnum Íslands

**VARNARMÁL** Espen Barth Eide, aðstoðarvarnarmálaráðherra Noregs, segir vel hugsanlegt að Noregur komi til með að taka aukinn þátt í vörnum Íslands eftir brottför bandaríska varnarliðsins í haust.



ESPEN BARTH EIDE

Á varnarmálaráðstefnu, sem fram fór í Bodö í Norður-Noregi, sagði Barth Eide að „Noregur muni innan ramma NATO taka þátt í viðræðum um það hvernig mæta megi varnarþörfum Íslands," að því er haft er eftir honum í Aftenposten. Minnti hann á að siglingaleiðin milli norsku olíu- og gasborpallanna og Bandaríkjanna lægi fram hjá Íslandi.

Barth Eide hefur lengi verið einn helsti utanríkismálaráðgjafi Jens Stoltenberg forsætisráðherra.

- aa

Hækkun verðbólgu:

# Vöruverð mun fara hækkandi

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólgan hefur bein áhrif á verðtryggð lán landsmanna. Það gildir sérstaklega um lán sem tekin hafa verið til fimm ára eða lengri tíma. Gert er ráð fyrir að höfuðstóll lána hækki um eitt prósent miðað við 5,5 prósenta verðbólgu. Um 80 prósent af skuldum heimilanna er verðtryggður.

Henný Hinz, forstöðumaður verðlagseftirlits ASÍ, segir að verðbólgumælingin nú upp á 5,5 prósent sé í takt við spár.

„Mikil hækkun hefur verið á eldsneyti og bílaverði sem kemur talsvert á óvart en gengisveikingin á krónunni virðist ekki hafa skilað sér í öðrum vöruliðum nema að litlum hluta þannig að við eigum eftir að sjá það betur á komandi mánuðum. Verðbólgutölurnar næstu mánuði geta orðið enn hærri," segir hún.

Verð á bensínlítranum var í gær víða komið í tæpar 123 krónur.

- ghs / sjá síðu 6





## SPURNING DAGSINS

*Eyþór, ertu hermaur?*

„Ég er einn af mörgum hermaurum sem eru iðnir við að bæta samfélagið í Árborg.“

Eyþór Arnalds, stjórnmála- og tónlistarmaður, leiðir lista Sjálfstæðisflokksins í Árborg, en hann hefur tekið gríðarlegt stökk í fylgi síðan í síðustu kosningum. Todmobile, hljómsveit Eyþórs, gerði Pöddulagið feikivinsælt um árið og varð Eyþóri þar tíðrætt um svonefndan hermaur.

Kjarabarátta starfsfólks og félagsliða á dvalar- og hjúkrunarheimilum:

# Verkfalli frestað í sex daga

**KJARAMÁL** Sérhæft starfsfólk og félagsliðar á dvalar- og hjúkrunarheimilum hafa frestað boðuðu setuverkfalli til 27. apríl næstkomandi en verkfallið átti að hefjast 21. apríl. Þetta var ákveðið eftir óformlegan fund forsvarsmanna launanefndar Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) og talsmönnum starfsmanna sem starfa á hjúkrunarheimilum ásamt stéttarfélaginu Eflingu í gær. Launanefndin fór fram á fundinn.

Ákveðið var að hefja formlegar viðræður strax eftir páska eða þann 18. apríl. SFH setti fram þá kröfu að fyrirhuguðum aðgerðum yrði frestað sem talsmenn starfsmanna féllust á. Harpa Ólafsdóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs Eflingar, vonar að kominn sé skriður á málið. „Þau gengu hreint til verks hjá launanefndinni og óskuðu eftir því að nú yrði farið í viðræður að fullum þunga því þeir hefðu vonir um fjármagn til lausn deilunnar. Viðræðurnar munu ná til allra stærstu hjúkrunarheimilanna á höfuðborgarsvæðinu.“ Kristján Sigurðsson, formaður launanefndar SFH, segist trúa því að stjórnvöld komi að málinu. „Ég hef góða tilfinningu fyrir því þó að við séum ekki búin að heyra í þeim formlega. Eitthvað verðum við þó að taka á okkur sjálf og hagræða. Velta við steinum í rekstrinum.“ **- shá**



**FRÁ HRAFNISTU** Vikulöngu setuverkfalli sérhæfðs starfsfólks og félagsliða á dvalarheimilum hefur verið frestað.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árás með sveðju í Garðabæ:

# Dæmdur í sex ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Ungur maður úr Garðabæ, Tindur Jónsson, var í gær dæmdur í sex ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Dómurinn féll í Héraðsdómi Reykjaness.

Í ágúst síðastliðnum réðst Tindur á mann með sveðju í Garðabæ. Sló Tindur manninn ítrekað með sveðjunni þannig að maðurinn hlaut mikil sár á höfði og líkama. Töldu læknar sem sinntu fórnarlambinu eftir árásina mikla mildi að ekki hlaust bani af. Var Tindur einnig dæmdur til að greiða fórnarlambinu 250 þúsund krónur í miskabætur en farið hafði verið fram á 750 þúsund í upphafi. **- aöe**

Ökumaður sendibíls lést:

# Fékk aðsvif og bíllinn valt

**LÖGREGLA** Rétt rúmlega sextugur ökumaður vörubíls fékk aðsvif og lést í gærmorgun.

Hann var á leið um Reykjanesbraut til móts við Kaplakrika í Hafnarfirði þegar hann fékk aðsvif. Hann missti stjórn á bílnum og ók út af. Tveir vegfarendur komu að og reyndu strax lífgunartilraunir á honum. Lögregla kom skjótt á vettvang og sjúkrabíll sem flutti manninn á Landspítalann, þar sem lífgunartilraunir héldu áfram.

Maðurinn var fæddur 1945. Ekki er hægt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. **- gag**

Landspítalinn dæmdur:

# Greiði sex milljónir í bætur

**DÓMSMÁL** Landspítalinn hefur verið dæmdur í héraði til að greiða rúmar sex milljónir auk vaxta vegna ónákvæmni lækna við stofnunina. Rétta þurfti hné manns um tíu gráður en réttingunni var hætt áður en því var náð.

Dómarar segja að við læknismeðferðina hafi verið sýnt saknæmt gáleysi. Þeir taka undir með matsmönnum sem fullyrða ekki að mistök hafi verið gerð, en telja hins vegar ljóst að snúningi á hnénu hafi verið hætt of snemma. Það sé líklega helsta ástæða þess að aðgerðin skilaði ekki nægjanlegum árangri.

Maðurinn slasaðist í vinnuslysi og var frá vinnu í 31,5 mánuði. Hann hlaut fimmtán prósenta örorku. Spítalinn hefur þrjá mánuði til að áfrýja dómnum. **- gag**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílslys á Ólafsfjarðarvegi** Lögregla á Akureyri fékk tilkynningu um bílslys á Ólafsfjarðarvegi í gærkvöldi. Hafði bíll lent út af veginum en ekki var orðið ljóst hvort slys urðu á fólki þegar Fréttablaðið fór í prentun.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**Á BATAVEGI** Pálmi ætlar ekki að láta deigan síga þrátt fyrir slysið og hyggst halda aftur til starfa með björgunarsveit Ísafjarðar sem fyrst.

# Fótbrot eftir snjóflóð

**Ísfirðingurinn Pálmi Árnason er einn björgunarmanna sem komu ferðalöngum til hjálpar á Súðavíkurvegi fyrir réttri viku. Pálmi brotnaði illa á fæti í leiðangrinum þegar hann klemmdist milli tveggja bíla en er nú á batavegi.**

**BJÖRGUN** „Það var mikil skelfing í fólki,“ segir Pálmi Árnason, 38 ára símvirki frá Ísafirði. Hann var einn björgunarmannanna sem komu ferðamönnum til bjargar á Súðavíkurvegi fyrir réttri viku. Ferðamennirnir voru fastir milli tveggja snjóflljóða sem fallið höfðu á veginn og komust hvorki lönd né strönd. Tæpara mátti vart standa því einungis sekúndum eftir að björgunarmennirnir komu á vettvang féll snjóflóð á annan fólksbíl ferðalanganna og ýtti honum á bíl björgunarmannanna þar sem hann staðnæmdist. Án þeirrar fyrirstöðu hefði bíllinn sennilega farið fram af vegarbrúninni og þá hefði varla þurft að spyrja að leikslokum.

Björgunin gekk þó ekki alveg slysalaust því Pálmi klemmdist milli bílanna þegar flóðið skellti þeim saman og fótbrotnaði við það illa á vinstri fæti.

Pálmi segir aðstæðurnar við björgunina hafa verið mjög slæmar. „Það var svo hvasst að það var varla stætt og skyggnið var lítið sem ekkert. Við sáum ekki bílana fyrr en við vorum komnir alveg upp við þá. Við lögðum aðeins til hliðar við aftari bílinn, ég stökk út og var á leið fram fyrir bílinn þegar ég hentist skyndilega til hliðar og klemmdist milli bílanna. Ég áttaði mig varla á því hvað var í gangi.“

Hann segist hafa fundið fyrir miklum sársauka sem varð bara sterkari þegar flóðið tróðst áfram og þrýstingurinn jókst. „Ég var viss um að ég væri brotinn á báðum.“

Pálmi og félagar komu á hárréttum tíma og hann er að vonum ánægður með að hafa bjargað mannslífum. „Það er bara verst að ég skuli hafa klemmst á milli. Reyndar er ég feginn því að hafa ekki verið kominn fram fyrir bílinn því þá hefði flóðið auðveldlega getað sópað mér fram af brúninni. Það má því kannski kalla þetta lán í óláni.“

Eftir flóðið var bíl björgunarmannanna bakkað burt og Pálmi færður til aðhlynningar. „Ég sá það strax að það var eitthvað mikið að fætinum. Hann sneri í einhverja mjög óvenjulega átt.“ Til að kóróna vandræðin bilaði bíllinn á leiðinni til baka og þurfti Pálmi að bíða sárkvalinn eftir frekari aðstoð.

Hann var fluttur til Reykjavíkur og lagður inn á Fossvogsspítala. Þar segist hann hafa fengið góða læknishjálp. „Ég hélt að maður yrði strengdur upp í loft og gifsaður út og suður en ég var farinn að hreyfa mig strax daginn eftir.“

Pálmi fór heim til Ísafjarðar í gær ásamt konu sinni og börnum og þar tekur endurhæfing við. Hann segist aldrei hafa verið í vafa um að hann myndi bjargast. „Ég treysti mínum félögum fyrir mér,“ segir Pálmi sem ætlar að halda björgunarstarfinu ótrauður áfram um leið og hann braggast.

**stigur@frettabladid.is**

Danska leynilögreglan:

# Aukin hætta á hryðjuverkum

**DANMÖRK** Hættan á að hryðjuverk verði framin í Danmörku hefur aukist í kjölfar Múhameðsteikningafársins. Þetta er mat dönsku leynilögreglunnar PET.

Frá því er greint í Politiken að þegar slíkt hryðjuverkahættumat var birt í byrjun febrúar, var talið að hættan hefði ekkert aukist. Nú segir að sú neikvæða athygli sem beindist að landinu í múslimalöndum vegna Múhameðsteikninganna hefði aukið hættuna á að hryðjuverkamenn létu að sér kveða í Danmörku. Í skýrslunni segir að Múhameðsteikningafárið hafi fært hægriöfgahópum umtalsverðan liðsauka. **- aa**

Eiturlyfjafundur í Mexíkó:

# Fimm tonn af kókaíni í flugi

**MEXÍKÓ, AP** Mexíkóskir hermenn gerðu upptækt fimm og hálft tonn af kókaíni í sendingu sem kom með áætlunarflugi frá Venesúela, að sögn yfirmanna hersins á þriðjudag. Talið er að götuvirði eiturlyfjanna jafngildi yfir sjö milljörðum króna, en efnið fannst pakkað í 128 svartar ferðatöskur.



**HERFORINGI** Carlos Gaytan herforingi.

Hermennirnir, sem höfðu fengið ábendingu frá venesúelskum og bandarískum yfirvöldum, biðu vélarinnar á vellinum í Ciudad de Carmen, og handtóku aðstoðarflugmanninn, sem er frá Kólumbíu, og tvo mexíkóska menn er biðu vélarinnar á vellinum, en flugmaðurinn slapp. Engir farþegar voru um borð. **- smk**




Bandaríkjamenn vilja að Öryggisráðið grípi til aðgerða gegn Íran:

# Einróma gagnrýni á Íran

**ÍRAN, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, vill að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna grípi til harðra aðgerða vegna yfirlýsinga Írana um að þeim hafi tekist að auðga úran til kjarnorkukframleiðslu.

Bæði Rússar og Kínverjar tóku í gær undir gagnrýni Bandaríkjamanna, Breta, Frakka og Þjóðverja á Írana vegna yfirlýsingarinnar, sem Íranar sendu frá sér á þriðjudaginn. Rússar segja þó óþarfa að gera of mikið úr þessu máli og Kínverjar segja ekki annað koma til umræðu en að reyna áfram samningaleiðina.

Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, segir Írana eingöngu ætla sér að framleiða kjarnorku í friðsamlegum tilgangi. Sérfræðingar í kjarnorkumálum halda því fram að enn vanti mikið upp á að Íranar verði færir um að framleiða kjarnorkuvopn, meðal annars eigi þeir engan kjarnakljúf.

Condoleezza Rice sagði þetta þó ekki snúast um það hvort Íranar hafi rétt til þess að nota kjarnorku í friðsamlegum tilgangi, heldur „trúir heimurinn því ekki að Íranar eigi að ráða yfir getu eða tækni sem gæti leitt til kjarnorkuvopna.“

Hún tók þó fram að Bandaríkin krefðust þess ekki að Öryggisráðið yrði kallað saman til neyðarfundar. **-gb**



**FORSETI ÍRANS** Mahmoud Ahmadinejad lætur gagnrýni stórveldanna sem vind um eyrun þjóta og stærir sig af getu Írana til þess að auðga úran til kjarnorkuframleiðslu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 32206 04/2006




+ Bókaðu flug og bíl á www.icelandair.is

Á meginlandi Evrópu má finna margar freistandi ökuleiðir, t.d. hina frægu rómantísku leið, sem liggur frá Wurzburg suður til Alpafjalla, um ægifagrar sveitir og stórbrotin fjallahéruð. Einnig má aka gegnum Rínardalinn frá Koblenz, um hina grænu Normandí í Frakklandi, svo fátt eitt sé nefnt. Opin ferð býður upp á stórkostlega möguleika þar sem smekkur þinn ræður för.

Safnaðu
Vildarpunktum

WWW.ICELANDAIR.IS

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.4.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,27 | 75,63 |
| Sterlingspund | 132,03 | 132,67 |
| Evra | 91,37 | 91,89 |
| Dönsk króna | 12,244 | 12,316 |
| Norsk króna | 11,671 | 11,739 |
| Sænsk króna | 9,804 | 9,862 |
| Japanskt jen | 0,6369 | 0,6407 |
| SDR | 108,64 | 109,28 |

*Gengisvísitala krónunnar*

127,8039

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslenskir hagfræðingar ósammála kollegum sínum hjá Danske Bank:

# Engin kreppa en samdráttur

**EFNAHAGSMÁL** Hagfræðingar Danske Bank og íslenskir kollegar þeirra eru ósammála um stefnu íslenska hagkerfisins. Höfundar skýrslu Danske Bank um íslenskt efnahagslíf skiptust á skoðunum við kollega sína á fundi Félags viðskipta- og hagfræðinga í gær.

Dönsku hagfræðingarnir telja að eftir veislu undanfarinna missera sé von á heiftarlegum timburmönnum. „Við fullyrðum ekki að Ísland sé dauðadæmt, en við teljum að því eigið að takast á við timburmennina áður en veisluhöld hefjast á ný,“ sagði Lars Christensen, greinandi hjá Danske Bank.



**LARS CHRISTENSEN** Svartsýnn á íslenskt hagkerfi.

Carsten Valgreen aðalhagfræðingur greiningardeildarinnar segir ekkert hafa komið fram sem breyti sýn þeirra á íslenskt efnahagslíf. Íslendingar ættu að fagna skoðanaskiptum og alþjóðleg athygli þýði að menn megi búast við að vera spurðir spurninga.

Hagfræðingarnir Edda Rós Karlsdóttir hjá Landsbankanum, Tryggvi Þór Herbertsson hjá Hagfræðistofnun og Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, deila ekki hinni dökku sýn með Dönunum. Þessir hagfræðingar eru þeirrar skoðunar að fram undan sé samdráttur sem sé nauðsynlegur til að hagkerfið nái jafnvægi á ný. Ekki séu líkur á að landsframleiðsla dragist saman í þeim mæli sem Danirnir halda fram, en hagvöxtur muni dragast saman og með veikingu krónunnar sér verðbólguskot fyrirsjáanlegt. **- hh**

Rannsókn á CIA-mannráni:

# Ráðherra neitar að aðstoða

**RÓM, AP** Dómsmálaráðherra Ítalíu neitaði á miðvikudag að miðla áfram til yfirvalda í Bandaríkjunum beiðni ítalsks saksóknara um að 22 meintir útsendarar bandarísku leyniþjónustunnar CIA verði handteknir vegna gruns um að hafa verið viðriðnir mannránið á egypskum klerki í Mílanó árið 2003.

Ráðherrann, Roberto Castelli, hafði áður sagt saksóknarann vera „and-amerískan“, en málið hefur þegar valdið nokkurri spennu í samskiptum Ítalíu og Bandaríkjanna. Saksóknarinn, Armando Spataro, sagðist myndu bera beiðnina aftur upp er ný ríkisstjórn hefur verið mynduð. **- aa**



**BERA AF SÉR SAKIR** Yfirmenn Liaoning sjúkrahússins í Kína á blaðamannafundi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Falun Gong í Kína:

# Segja yfirvöld fjarlægja líffæri

**KÍNA, AP** Talsmenn kínversks sjúkrahúss harðneituðu í gær ásökunum talsmanna Falun Gong-iðkenda um að líffæri hafi verið fjarlægð úr Falun Gong-iðkendum sem sitja í fangavörslu í Kína. Eins vísuðu talsmenn sjúkrahússins á bug ásökunum um að hafa meðlimi hópsins í haldi í kjallaranum og að brenna lík þeirra eftir að hafa fjarlægt líffærin.

Yfirmenn Liaoning-sjúkrahússins, sem sérhæfir sig í meðferð blóðtappa, sögðu sjúkrahúsið ekki einu sinni hafa nægan tækjabúnað til að sinna líffæraflutningum.

Hreyfing Falun Gong-iðkenda er bönnuð í Kína, og segja stuðningsmenn hennar að líffæri hafi verið fjarlægð úr allt að 6.000 meðlimum. **- smk**

## FUGLAFLENSA

Breskur fuglafræðingur telur að dauð álft sem greindist með fuglaflensuveiruna H5N1 og fannst í höfninni í Cellardyke í Skotlandi, hafi hugsanlega verið á leiðinni til Íslands frá meginlandi Evrópu. Upphaflega var talið að um hnúðsvan væri að ræða.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Útafakstur við Blönduós** Fólksbíll lenti út af í Langadal, skammt frá Bjarnólfsstöðum, í fyrrakvöld. Karl og kona voru í bílnum og voru þau bæði flutt á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Karlmaðurinn slapp nánast ómeiddur en konan meiddist lítillega á hálsi.

# Harkaleg atlaga að íslensku efnahagslífi

**Forsætisráðherra segir erlenda aðila skapa efnahagslegan óstöðugleika í gróðaskyni. Hann gagnrýnir fjárfestingastefnu norska olíusjóðsins sem er undir stjórn norska Seðlabankans. Ráðherra vill að Seðlabanki Íslands skoði málið.**

**VIÐSKIPTI** „Ég tel algjörlega óeðlilegt, þótt ekkert ólöglegt sé við þetta, að sjóður sem er undir stjórn norska Seðlabankans reyni að skapa óstöðugleika í íslensku efnahagslífi til að græða á því,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. Hann vísar þar til skortstöðu bankans gegn skuldabréfum íslenskra banka, en þá er gerður samningur um sölu skuldabréfa gegn endurkaupum eftir ákveðinn tíma. Falli bréfin í verði á þeim tíma græðir seljandinn.

„Úti um allan heim eru aðilar sem reyna að skapa efnahagslegan óstöðugleika í ábataskyni og hefur oft verið gert í ýmsu formi. En þegar svona sjóður eða bankar, meðal annars með því að gefa út neikvæð álit, standa í slíku þá þarf að leiða það í ljós,“ segir Halldór og kveðst hafa farið þess á leit við Seðlabanka Íslands að reynt verði að upplýsa þessi mál sem best. „Ég tel harkalega atlögu hafa verið gerða að íslensku efnahagslífi með ýmsum órökstuddum fullyrðingum. Ef þær eru meðal annars settar fram í ábataskyni þarf það að koma fram. En hvort eitthvað verður hægt að sanna um það ætla ég ekki að fullyrða, en vil að farið verði ofan í það þannig að við getum þá lært af því.“

Norski olíusjóðurinn er í viðskiptum við Merrill-Lynch, en neikvæð skýrsla Merrill-Lynch um íslenskt efnahagslíf kom út í byrjun mars.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** vill rannsaka hvort hagnaðarvon hafi búið að baki yfirlýsingum Merrill-Lynch og fleiri um íslenskt efnahagslíf.

Sérfræðingar segja hins vegar ekki óeðlilegt að sjálfstæður sjóður, eins og Norski olíusjóðurinn sem aukinheldur má ekki fjárfesta á markaði í Noregi, beiti hverjum þeim ráðum sem hann geti til að ávaxta fé sitt, en skortstöður eru þar á meðal. Mönnum þykir þó staðan sem tekin var í bréfum Kaupþings banka nokkuð stór, en telja þetta hluta af því rekstrarumhverfi sem bönkunum er búið. Af sjötíu og þremur skortstöðum sem sjóðurinn var með skráðar um áramót er Kaupþingsstaðan í þriðja sæti og Landsbankastaðan í áttunda.

Norski olíusjóðurinn óx gríðarlega á síðasta ári með miklum hækkunum á olíuverði og góðri ávöxtun á hlutabréfamörkuðum. Eignir námu 1.400 milljörðum norskra króna um síðustu áramót eða sem nemur 16.000 milljörðum króna.

olikr@frettabladid.is/eggert@frettabladid.is



**FJÁRFESTINGARSTEFNA OLÍUSJÓÐSINS**

*Þjóna á hagsmunum Noregs og samfélagsins þar sem fjárfest er.*

Áhersla hefur verið lögð á að Norski olíusjóðurinn vinni eftir ábyrgri fjárfestingastefnu sem þjóni hagsmunum Noregs og samfélagsins sem fjárfesting á sér stað. Nokkur fyrirtæki sem að mati sjóðsins vinna gegn almannahagsmunum hafa verið sett á bannlista. Þórólfur Matthíasson, prófessor við viðskipta- og hagfræðiskor Háskóla Íslands, segist ekki hafa skoðað málefni Olíusjóðsins sérstaklega en furðar sig dálítið á stórri stöðutöku gegn íslensku bönkunum. „Þeir hafa ábyggilega ekki leyfi til að reyna að setja fyrirtæki á hausinn,“ segir hann og vísar til fjárfestingarstefnu bankans.

**STÆRSTU SKORTSTÖÐUR NORSKA OLÍUSJÓÐSINS UM ÁRAMÓT**

| Nafn | Milljarðar króna (ISK) |
|---|---|
| Ríkissjóður Bretlands | 588,01 |
| Ríkissjóður Bandaríkjanna | 439,74 |
| **Kaupþing banki** | **20,32** |
| British Telecommunications PLC | 16,54 |
| Ríkissjóður Belgíu | 10,30 |
| mmO2 PLC | 7,13 |
| Commerzbank AG | 6,17 |
| **Landsbanki Íslands** | **6,05** |
| OTE PLC | |
| 5,65 | |
| DSG International PLC | 5,27 |
| Lánasýsla Bandaríkjanna (GNMA) | 4,85 |
| Ríkissjóður Finnlands | 4,61 |
| Computer Sciences Corporation | 4,34 |
| Casino Guichard Perrachon SA | 4,24 |
| ACE Ltd | 4,15 |
| Safeway PLC | 3,98 |
| Gannett Co Inc | 2,87 |
| Rentokil Initial | 2,53 |
| Atlas Copco AB | 2,21 |
| Metro Finance BV | 1,89 |

**Heimild: Seðlabanki Noregs. Miðað við 11,7 króna gengi norsku krónunnar.*

*Vorblót* er ný tónlistarhátíð.
Þar finnur þú jazz, funk, heimstónlist og óuppgvötaðar leiðir.
www.riteofspring.is
27.-30. apríl
Á NASA við Austurvöll.
Miðaverð á hverja tónleika er 2.900 kr (auk 225 kr miðagjalds)
Miði á alla hátíðina kostar 5.900 kr (auk 400 kr miðagjalds).
Miðasala í verslunum Skífunar, BT Akureyri & Egilsstöðum og á www.midi.is.
Vorblót RITE OF SPRING
ICELANDAIR

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**GLEÐILEGA PÁSKA**

Jæja, þá er páskafríið hafið. Veðrið leikur alltaf stórt hlutverk þessa helgi enda margir sem leggja land undir fót, sumir til útlanda í leit að betra veðri og tilbreytingu. Aðrir innanlands til að heimsækja vini og ættingja nú eða fara í sumarbústað. Veðurhorfurnar lofa góðu. Menn fá sitt lítið af hverju næstu daga.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg norðvestlæg átt. Bjart í fyrstu en þykknar smám saman upp. Hiti 0-3 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Strekkingur sunnan og vestan til, annars hægari.

*» laugardagur*



Snýst smám saman í norðlæga átt og kólnar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skúrir | Manchester | 12°C alskýjað | Torrevieja | 21°C léttskýjað |
| Osló | 3°C skúrir | París | 14°C alskýjað | Mílano | 16°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 8°C léttskýjað | Frankfurt | 9°C skúrir | New York | 21°C skúrir |
| Helsinki | 2°C alskýjað | Madríd | 22°C hálfskýjað | San Francisco | 17°C skýjað/skúr |
| London | 14°C alskýjað | Barcelona | 18°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 27°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Afskornar
páskaliljur
10 stk
599
Á græna torginu í Skútuvogi
Kryddplöntur fyrir páskaveisluna
199
Páskaliljur
Blómaval Skútuvogi er opið:
Skírdag: 10.00 - 21.00
Föstudaginn langa: lokað
Laugardag: 09.00 - 21.00
Páskadag: lokað
Annan í páskum: 10.00 - 19.00
Soldis
Silkitré & silkiblóm
ný sending
full búð af
sumarblómum
Sýpris 100 sm og leirpottur 999
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu fengið flensu á árinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 32,5% |
| Nei | 67,5% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Hefurðu farið í leikhús í vetur?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Þyrla Landhelgisgæslunnar reiðubúin í útkall eftir skoðun:

# TF-Líf orðin flugfær á ný

**LANDHELGISGÆSLAN** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF Líf, fór í sitt fyrsta flug í langan tíma í gær en hún hefur verið í viðhaldsskoðun síðustu misseri.

Dagmar Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, sagði flugið hafa gengið vel og að þyrlan væri nú tilbúin til notkunar.

Oddur Garðarsson, sem nú starfar sem flugvirki hjá landhelgisgæslunni, sagði upp störfum sem tæknistjóri hjá gæslunni þar sem hann taldi fjáskort standa viðhaldi á þyrlum gæslunnar fyrir þrifum.

Höskuldur Ólafsson tekur við starfi Odds sem tæknistjóri. Höskuldur, sem er menntaður flugvirki, hefur starfað hjá flugeftirliti Flugmálastjórnar Íslands undanfarin ár.

Skoðunin á TF Líf, sem var reglubundin skoðun eftir 3.000 klukkustunda flug, var öll unnin í dagvinnu vegna fjárskorts en það er í fyrsta skipti sem slíkt er gert. Vinnan við skoðunina tók um fimmtán hundruð vinnustundir.

Til stendur að skapa Landhelgisgæslunni hentugra rekstrarumhverfi en ekki hefur verið ákveðið hvernig leyst verður úr fjárþörf gæslunnar.

Gefið hefur verið í skyn að Landhelgisgæslan verði stórefld samfara breytingum á öryggis- og varnarstarfi íslenskra stjórnvalda. **- mh**



**TF LÍF** TF Líf kom úr fyrsta flugi sínu í gær eftir ítarlega skoðun. Hún sést hér í flugskýli Landhelgisgæslunnar eftir flugið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bestu háskólar heims:

# 1.200 íslenskir nemendur

**MENNTAMÁL** Rúmlega tólf hundruð Íslendingar hafa stundað nám við fremstu háskóla heims á síðustu tíu árum samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Um 120 Íslendingar sækja árlega nám við háskóla sem hafa verið í hópi hundrað bestu háskóla heimsins en viðmið rektors Háskóla Íslands er að komast í þann hóp á næstu árum. Fram kemur í vefriti fjármálaráðuneytisins að íslenskum námsmönnum erlendis fækkaði þegar hætt var að lána fyrir skólagjöldum í grunnháskólanámi árið 1992. Voru þeir það ár 413 talsins en voru 280 árið eftir. **- aöe**

Hagfræðingur LÍÚ:

# Þróun sem beðið var eftir

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það hefur verið mjög erfitt fyrir sjávarútveginn að búa við svona hátt gengi allan þennan tíma. Gengið, eins og það var orðið, setti samkeppnisstöðu greinarinnar í mikinn vanda. Leiðréttingin sem nú er að koma fram hafa allir sem tengjast sjávarútvegi verið að bíða eftir lengi,“ segir Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur Landssambands íslenskra útvegsmanna.



SVEINN HJÖRTUR HJARTARSON

Sveinn segir þróun gengisvísitölunnar undanfarið hafa mjög jákvæð áhrif á sjávarútveginn og aðrar útflutnings- og samkeppnisgreinar sem starfa í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. **- shá**

## OLÍUMÁLIÐ

**Hittu fjármálaráðherra** Forsvarsmenn Atlantsolíu gengu á fund fjármálaráðherra í gær. Þeir kröfðust þess að samningi ríkisins við Skeljung, sem undirritaður var degi eftir að fjársektir vegna olíuverðsamráðs fyrirtækisins, Essó og Olís birtust, yrði sagt upp. Bjóða ætti verkið út að nýju.

# Mikilvægt að stjórnvöld stígi á bremsurnar

**Fyllsta ástæða er til óróleika vegna verðbólgunnar. Verðbólgan á eftir að vaxa enn frekar nema hið opinbera stígi á bremsurnar og sjái til þess að verðbólguskotið valdi ekki víxlhækkunum.**

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólgan mælist nú 5,5 prósent á ársgrundvelli og hefur ekki mælst hærri í fjögur ár. Verðhækkanir á bensíni og olíu hafa þar mest áhrif en einnig hækkun á fasteignaverði og nýjum bílum. Á síðustu þremur mánuðum hefur vísitala neysluverðs hækkað um 2,2 prósent. Það jafngildir 9,1 prósents verðbólgu á ári.

Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, deilir áhyggjum manna af þróuninni og segir verðbólgumælinguna nú hættumerki sem beri að taka mark á.

„Þetta minnir óneitanlega á gamla tíma þegar við réðum ekki við efnahagsmálin og vorum með verðbólguna í tveimur tölustöfum en við eigum að geta unnið okkur út úr þessu ef rétt er á spilum haldið,“ segir hann.

Jón Steindór telur að bregðast þurfi við verðbólgunni með samstilltu átaki hins opinbera og Seðlabankans. Miklar breytingar hafi verið á genginu og hætta sé á því að verðlagið fari úr böndunum.



**BENSÍNSTÖÐ ESSÓ VIÐ GEIRSGÖTU** Eldsneyti hefur hækkað mikið að undanförnu. Á einu ári hefur bensín hækkað úr 107 krónum í 124. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Það er augljóst að verðbólgutölurnar sýna að verðlag er að hækka. Bensínverð fer hækkandi þó að vonandi sé það tímabundið. Það er augljóst að við horfum framan í verðbólguskot og það er óljóst hversu langvinnt það verður,“ segir hann.

Samtök iðnaðarins telja, eins og ASÍ og fleiri samtök, að beita þurfi aðhaldi í framkvæmdum af hálfu hins opinbera. „Mann óar við því að heyra seðlabankastjóra tala um stýrivexti upp á 16 prósent. Menn verða að beita tiltækum ráðum en maður hefur ugg í brjósti og spyr sig hvort það skili tilætluðum árangri að hækka stýrivexti svo mikið. Í ljósi reynslunnar sýnist manni að ekki hafi tekist að halda aftur af þessari þróun hingað til,“ segir Jón Steindór.



JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON



HANNES G. SIGURÐSSON

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að gengislækkun hafi verið mikil. Í ljósi eftirspurnar og neyslu komi hækkanir á innflutningsverði kannski hraðar út í innlent verðlag en búist var við.

„Gengislækkunin varð hraðari en búist var við og því er skellurinn meiri en ella. Við verðum að standa þetta af okkur en það er mikilvægt að þetta verðbólguskot verði einskiptiskúfur og valdi ekki víxlhækkunum verðlags, launa og gengis þegar fram í sækir. Því er brýnt að opinberir aðilar stígi á bremsurnar og er ljóst að þörf er fyrir aðhaldssama stefnu hjá Seðlabankanum.“ **ghs@frettabladid.is**

### AFBORGUN HÚSNÆÐISLÁNA

Miðað er við fjölskyldu sem tók 15 milljóna króna íbúðalán í fyrra og greiðir 4,7 prósenta vexti. Höfuðstóllinn hækkar um 825 þúsund krónur miðað við að verðbólga hafi verið engin í fyrra en sé 5,5 prósent nú.

Árleg afborgun hækkar um 64.527 krónur á ári.

### REKSTUR BÍLA

Miðað er við fjölskyldu sem rekur tvo bíla. Fjölskyldan eyddi 7.500 krónur í bensín á viku. Bensínreikningurinn hækkar í um 8.000 krónur á viku. Bensínreikningur fjölskyldunnar hefur þá hækkað um 21.450 krónur á ári. Almennar kjarasamningsbundnar hækkanir námu 2,5 prósentum í janúar og skerðist kaupmátturinn sem þessu nemur.

Framkvæmdastjóri FÍB hvetur ríkið til að draga úr skattheimtu á bensíni:

# Ríkið þénar 700 milljónir

Ríkissjóður græðir hátt í einn milljarð króna á hækkandi bensínverði á ársgrundvelli, samkvæmt útreikningum FÍB. Fyrir neytendur nemur útgjaldaaukningin hátt í fjóra milljarða króna. Bensínverð er stór liður í verðbólgumælingunni nú.

Nýjasta bensínverðið á þjónustustöð nemur 122,80 krónum. Miðað við þetta verð í heilt ár er þetta hækkun upp á 3.350 milljónir króna fyrir neytendur og ríkið þénar um 660 milljónir króna umfram virðisaukaskatt. FÍB hvetur ríkið til að draga úr skattheimtu á bensíni.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir að horfurnar varðandi eldsneytisverð séu ekki jákvæðar og því sé eðlilegt að stjórnvöld grípi inn í, ekki síst vegna þess hversu mikið þau þéna á bensínskattinum.



„Vægi bensíns er mjög mælanlegt í vísitölunni. Þessi verðbólguþróun nú er meðal annars vegna hækkunar á eldsneyti sem er stór liður í vísitölunni þannig að það er hægt að hafa bein áhrif á þróun vísitölu með því að draga úr skattheimtu. Það er borð fyrir báru því að ríkið þénar á hækkun heimsmarkaðsverðs og í leiðinni gengisfalli krónunnar,“ segir hann.

Runólfur rifjar upp fordæmi þess að stjórnvöld hafi gripið tímabundið inn í verðlagsþróun með lækkun bensínskatta. Fyrra fordæmið er frá Flóabardaganum 1990-1991 og svo í baráttunni við að halda rauða strikinu 2002-2003.



# Garðhúsgögn

## grill og hitarar á ótrúlegu verði

**12.999 kr**

### Square sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.



Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði

**17.990 kr**

### Octagonal sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.



Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði

**36.999 kr**

### Newbury Folding sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.



Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði

**54.999 kr**

### Butterfly sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.



Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði



**TILBOÐ**
**59.990 kr**
Verð áður 69.990,-

### BBQ Master gasgrill
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli, hver með sér stillingum, 40000BTU
- 12000 BTU brass hliðarbrennari
- Eld-temjarar úr ryðfríu stáli
- Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Riotisserie grillteinn
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli
- Elektrónísk kveikja
- Hitamælir
- Útdregið hliðarborð
- Skápur með hurð
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla

Ferðagasgrill fylgir öllum gasgrillum

Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

**OPIÐ**
Opið í dag skírdag, lokað á morgun föstudaginn langa



**9.999 kr**

### Borðhitari 1000
- Geta: allt að 3,2 kw (11.000BTU)
- Hitasvæði: allt að 9 m²
- Brennari úr ryðfríu stáli
- Hæð: 90 cm
- Stærð á hatti 50 cm



**14.999 kr**

### Verandarhitari 8300
- 3 hitastillingar
- Elektrónísk kveikja
- Hjól til að auðvelda tilfærslu
- ODS (Oxigen depletion system)

**82.999 kr**



### Galway garðhúsgagnasett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stækkanlegt borð 230x110 cm og 6 stillanlegir stólar með sessum.

Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði

ODDI VOA6888 hsug

Gildir til 19. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

Búlgaría - stærsti sólarstaðurinn okkar.
Berðu saman verð og gæði.



apollo

Beint leigflug til stærsta sólarstaðar við Svartahafið.

5 100 300 www.apollo.is


Framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar í undirbúningi:

# Hugmyndasamkeppni hafin

**SKIPULAGSMÁL** Keppnislýsing og keppnisgögn alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar voru gerð opinber í gær og er hægt að nálgast þau á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Vænst er þátttöku fagfólks um allan heim á sviði byggingarlistar og skipulags en mjög óvenjulegt er að uppbyggingarsvæði á borð við Vatnsmýrina sé til staðar svo nálægt borgarmiðju, ekki síst þegar um höfuðborg er að ræða.

Svæðið er um 150 hektarar að stærð og hafa verið settar fram hugmyndir um 10.000 til 30.000 manna byggð til dæmis með blöndun við þekkingariðnað.

Keppnin er í tveimur áföngum og í fyrri áfanga hafa keppendur tíu vikur til að skila inn hugmyndum. Í seinni áfanga verða þær átta hugmyndir sem komust í gegnum fyrri áfanga útfærðar og er gert ráð fyrir að honum muni ljúka í byrjun nóvember á þessu ári.

Heildarfjárhæð verðlaunanna er um 65 milljónir króna. Hvert teymi sem kemst í gegnum fyrsta áfanga fær um tvær milljónir króna í verðlaun að viðbættum verksamningi upp á um sex milljónir króna til að útfæra hugmynd sína nánar. **- sdg**



**VATNSMÝRARSVÆÐIÐ** Átta hugmyndir verða valdar í fyrri áfanga keppninnar sem verða svo útfærðar í seinni áfanganum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNHEIÐUR

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hraðakstur í Hafnarfirði** Tólf voru teknir fyrir hraðakstur í Hafnarfirði í fyrrinótt. Lögreglan segir engan hafa verið á ofsahraða en alla yfir leyfilegum mörkum. Lítið var um útköll aðfaranótt miðvikudags og rólegt hjá lögreglu.

**Lögreglan eflir eftirlit** Á Ísafirði eflir lögreglan eftirlit um páskahelgina. Von er á fjölda fólks í bæinn vegna Rokkhátíðar alþýðunnar. Hún hefst þann 15. apríl. Einnig er búist við mörgum á skíði.


## Hluthafafundur Dagsbrúnar hf.

**Dagsbrún hf. boðar hér með til hluthafafundar sem haldinn verður mánudaginn 24. apríl 2006 kl.16 á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Rvk.**

*Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:*

1. Tillögur stjórnar um hækkun hlutafjár.
2. Kjör stjórnar.
3. Önnur mál.

*Stjórn Dagsbrúnar hf. leggur fyrir fundinn eftirfarandi tillögur:*

1. Tillaga um breytingu á gr. 2.01.4 í samþykktum félagsins. Hækkun hlutafjár allt að 1.450.000.000 kr. vegna samruna eða yfirtöku á öðrum félögum.
2. Tillaga um breytingu á gr. 2.01.5 í samþykktum félagsins. Hækkun hlutafjár að fjárhæð 413.333.333 kr. vegna kaupa á hlutum í Kögun hf.
3. Stjórnarkjör.

*Dagskrá og fundargögn verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, Síðumúla 28, Reykjavík, viku fyrir fundinn. Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað.*

**Stjórn Dagsbrúnar hf.**

DAGSBRÚN




**ÚR RÉTTARSAL** Mynd teiknuð í bandarískum réttarsal þar sem réttað er í máli Zacarias Moussaoui sem ákærður er fyrir aðild að hryðjuverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttað yfir Moussaoui í Bandaríkjunum:

# Kviðdómi sýndar myndir af líkum

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískir saksóknarar sýndu kviðdómi á þriðjudag myndir af illa brenndum líkum sem fundust í höfuðstöðvum bandaríska varnarmálaráðuneytisins eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin í september 2001. Myndirnar voru sýndar í réttarhöldum yfir Zacarias Moussaoui, sem ákærður er fyrir aðild að hryðjuverkunum. Leonie Brinkema dómari hafði áður varað við því að sýning svo hroðalegra mynda gæti hnekkt dauðadómi, væri honum áfrýjað.

Saksóknari er um það bil að ljúka málflutningi sínum í málinu.

Moussaoui, sem er franskur ríkisborgari, hefur játað aðild að hryðjuverkunum, þótt hann hafi setið í bandarísku fangelsi er þau áttu sér stað. Í síðustu viku ákvað kviðdómurinn að hann mætti sæta dauðadómi fyrir aðild sína, því hann hefði logið að lögreglu mánuði fyrir árásirnar, sem leiddi til dauða að minnsta kosti eins manns.

Verjendur segjast geta sannað að Moussaoui sé ekki heill á geði, að al-Kaída menn líti á hann sem hálfgerðan trúð og að aftaka myndi uppfylla drauma hans um að vera gerður að píslarvotti. Því sé best að dæma hann eingöngu í lífstíðarfangelsi. **- smk**


*Vorblót* er ný tónlistarhátíð. Þar finnur þú jazz, funk, heimstónlist og óuppgvötaðar leiðir.
www.riteofspring.is

27.-30. apríl
Á NASA við Austurvöll.

Miðaverð á hverja tónleika er 2.900 kr (auk 225 kr miðagjalds)
Miði á alla hátíðina kostar 5.900 kr (auk 400 kr miðagjalds).
Miðasala í verslunum Skífunar, BT Akureyri & Egilstöðum og á www.midi.is.



FIMMTUDAGUR 27. APRÍL, 20:00
Ife Tolentino (BRA)

hr*örlygur
Vorblót
RITE OF SPRING
ICELANDAIR
NFS

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN

**ÞAU SKIPA SEX EFSTU SÆTIN Á F-LISTA FRJÁLSLYNDRA OG ÓHÁÐRA TIL BORGARSTJÓRNARKOSNINGA Í VOR**



1. Ólafur F. Magnússon, læknir og borgarfulltrúi
2. Margrét K. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri og varaborgarfulltrúi
3. Guðrún Ásmundsdóttir, leikkona, leikstjóri og leikritahöfundur
4. Ásta Þorleifsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi
5. Anna Sigríður Ólafsdóttir, doktor í næringarfræði
6. Kjartan Eggertsson, skólastjóri Tónskóla Hörpunnar

- Fjölgun hjúkrunarrýma og efling heimaþjónustu fyrir aldraða
- Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni
- 19. aldar götumynd Laugavegarins verði varðveitt
- Orkuveitan og Landsvirkjun verði áfram í eigu almennings
- Heilsdagsskóli með máltíðum, íþróttum, list og verknámi frá upphafi skólagöngu
- Efling atvinnulífs og þekkingariðnaðar í borginni
- Frítt í strætó fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja
- Styrking stofnbrauta og Sundabraut í sátt við íbúana
- Átak í ferli- og aðgengismálum fatlaðra
- Sýnilegri löggæsla í hverfum borgarinnar
- Verndun óspilltrar náttúru í borginni
- Aukin þátttaka íbúa í stjórnun borgarinnar
- Fjölgun lóða án útboðs

*Gleðilega páska*

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR xF

Kosningaskrifstofa Aðalstræti 9, s. 552 2600 • flistinn@xf.is • www.f-listinn.is



**VORSNJÓR** Stólarnir á þessu kaffihúsi í St. Gallen í Sviss voru þaktir þykku snjólagi eftir vorhret þar á þriðjudag. Þó búast veðurfræðingar við miklum umskiptum í veðrinu og spá 20 stiga hita þar í landi á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsóknir sænskra vísindamanna á Stradivarius-fiðlum:

# Ætla að endurskapa hljóminn

**STOKKHÓLMI, AP** Tveir sænskir vísindamenn vonast til að hafa fundið lausnina á ráðgátunni um hinn einstaka hljóm sem Stradivarius-fiðlur eru svo rómaðar fyrir.

Mats Tinnsten og Peter Carlsson við Mið-sænska háskólann í Östersund hafa þróað tölvuhugbúnað, sem getur greint eiginleika hinna 300 ára gömlu Stradivarius-fiðlna betur en áður hefur reynst unnt. Markmiðið er að smíða eftirmynd af Stradivarius-fiðlu, sem hefur nákvæmlega sömu hljómeiginleika.

„Við teljum okkur vera á góðri leið með að takast þetta ætlunarverk,“ hefur AP eftir Tinnsten. „Við vonumst til að það verði hægt að spila á Stradivarius-eftirlíkingu innan næstu tveggja ára.“

Antoni Stradivari smíðaði yfir 1.100 fiðlur á verkstæði sínu í Cremona á Ítalíu. Síðan hann dó árið 1737 hafa verið gerðar ótal tilraunir til að líkja eftir handverki hans.

Þeir Tinnsten og Carlsson beita flóknum stærðfræðiformúlum til að reikna út hvernig fiðla þurfi að vera gerð til að hljóma eins og Stradivarius. - aa



**STRADIVARIUS-FIÐLA** Taldar hljómfögrustu fiðlur fyrr og síðar. Um 600 þeirra eru enn til. NORDICPHOTOS/AFP

Höfuðborgarsvæðið:

# Ungir karlar með lekanda

**HEILBRIGÐISMÁL** Lekandatilfellum á Íslandi fjölgar jafnt og þétt. Sýklafræðideild Landspítalans hefur tilkynnt um þrettán sjúklinga með lekanda á þremur fyrstu mánuðum ársins. Nítján einstaklingar greindust með lekanda á Íslandi allt árið 2005.

Mikil aukning var einnig á fjölda greindra tilfella milli áranna 2004 og 2005. Karlmenn eru í meirihluta smitaðra og eru flestir á aldrinum 20-29 ára. Nánast allir sem greinst hafa eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Flestir greinast á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítalans. - shá

Forsetakosningarnar í Perú:

# Garcia kominn yfir Flores

**PERÚ, AP** Enn var verið að telja atkvæði í gær í forsetakosningum sem fram fóru í Perú á sunnudag. Mikil spenna ríkti meðal frambjóðendanna um hver hlyti annað sæti og tæki því þátt í annarri umferð kosninganna sem fram fara í maí eða júní, þegar kosið verður á milli tveggja efstu frambjóðendanna.



ALAN GARCIA

Þegar nær 87 prósent atkvæða höfðu verið talin hafði herforinginn fyrrverandi Ollanta Humala hlotið 30,4 prósent þeirra og mun því taka þátt í seinni umferð kosninganna. Alan Garcia, fyrrverandi forseti landsins, var kominn með aðeins fleiri atkvæði en Lourdes Flores, eða 24,6 prósent á móti 23,4 prósentum Flores. - smk

## HEILBRIGÐISMÁL

**Fjórir með hettusótt** Fjórir einstaklingar fæddir á árunum 1984-1986 greindust með hettusótt í síðastliðnum marsmánuði. Sóttvarnarlæknir telur að hettusóttarfaraldurinn, sem staðið hefur í ellefu mánuði, sé því að fjara út.

## LÖGREGLUFRÉTT

**Hraðakstur á Reykjanesbraut** Rétt fyrir miðnætti í fyrrinótt voru þrír ökumenn stöðvaðir á bílum sínum á Reykjanesbraut á of miklum hraða. Sá sem hraðast ók mældist á rúmlega 130 kílómetra hraða.

## HEILBRIGÐISMÁL

**Börn og fullorðnir fá mislinga** Mislingar hafa greinst í Danmörku og Englandi að undanförnu og er jafnt um börn og fullorðna að ræða. Enginn hinna sýktu hafði verið bólusettur gegn þessum sjúkdómi en bólusetning gefur fullkomna vörn. Tíu prósent þeirra sem fá mislinga fá alvarlega fylgikvilla.



**ATKVÆÐASEÐLAR Í RUSLINU** Lögreglumaður skoðar nokkra kassa með atkvæðaseðlum sem fundust fyrir utan einn af kjörstöðunum í Róm. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Meirihluti Prodis hvílir á sjö heiðursþingmönnum

**Romano Prodi segist ekki hafa reiknað með sjö heiðursmeðlimum öldungadeildarinnar þegar hann lýsti yfir sigri. Verið er að fara yfir vafaatkvæði, en í gær fundust kassar með aktvæðaseðlum í ruslagámi í Róm.**

**ÍTALÍA, AP** Til þess að verjast falli á ítalska þinginu þarf væntanleg stjórn Romanos Prodi að reiða sig á stuðning, eða í það minnsta hlutleysi, sjö manna sem eru til æviloka heiðursmeðlimir í öldungadeildinni.

„Ég taldi ekki heiðursmeðlimina með því það er ekki venjan að telja þá með,“ sagði Prodi í gær við blaðamenn. „En þeir greiða atkvæði og þeir eru hluti af öldungadeildinni.“

Atkvæðagreiðsla heiðursþingmannanna gæti ráðið úrslitum í þingmálum, til dæmis ef nokkrir þingmenn í hinu fjölskrúðuga bandalagi Prodis myndu svíkjast undan merkjum. Þessir sjö menn gætu þá gripið inn í og greitt atkvæði með stjórninni. Sömuleiðis gætu þeir komið í veg fyrir að stjórn Prodis næði að koma málum í gegnum þingið með því að greiða atkvæði gegn frumvarpi, jafnvel þótt allir 158 öldungadeildarþingmenn stjórnarinnar væru samþykkir frumvarpinu, því stjórnarandstæðingarnir eru 156 og skortir því ekki nema tvö atkvæði í viðbót til að fella frumvörp.

Meðal þessara ævimeðlima öldungadeildarinnar eru tveir fyrrverandi forsetar landsins, þeir Oscar Luigi Scalfaro og Francesco Cossiga. Einnig er í hópnum Guiliano Andreotti, fyrrverandi forsætisráðherra, og Giorgio Napolitano, fyrrverandi þingforseti sem áður var meðlimur í Kommúnistaflokknum.

Emilio Colombo, fyrrverandi forsætisráðherra, er einnig meðlimur til æviloka. Þá er einn Nóbelsverðlaunahafi í hópnum, Rita Levi Montalcini, sem og bílahönnuðurinn Sergio Pininfarina.

Silvio Berlusconi forsætisráðherra, sem tapaði naumlega í kosningunum, ítrekaði í gær ásakanir sínar um að ekki hefði allt verið með felldu í framkvæmd kosninganna. „Það eru mörg dæmi um svik,“ sagði hann við blaðamenn.

Hann sagðist hafa rætt málið við Carlo Azeglio Ciampi forseta, en sagði ekki hvaða undirtektir hann hefði fengið hjá honum.

„Niðurstöðurnar verða að breytast,“ sagði Berlusconi. „Það þarf að fara yfir talningu frá 60 þúsund kjördæmum.“

Í gær fundust nokkrir kassar með atkvæðaseðlum í ruslagámi í Róm, rétt hjá einum af kjörstöðum borgarinnar. Seðlarnir í kössunum voru í grænum umslögum og höfðu verið taldir með í niðurstöðutölum kosninganna. Þeir voru merktir innanríkisráðuneytinu.

Romano Prodi ítrekaði hins vegar í gær að hann óttaðist engan veginn endurtalningu, þrátt fyrir það hve meirihlutinn er naumur.

gudsteinn@frettabladid.is




# Hávaxtareikningar




# Háir vextir og mikið öryggi fara saman hjá SPRON!

Innlánsreikningar SPRON eru hugsaðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja háa vexti og mikið öryggi, hvort sem það er til styttri eða lengri tíma.

Það eru ekki aðeins góð vaxtakjör sem SPRON hefur upp á að bjóða heldur gerist þjónustan ekki betri meðal banka og sparisjóða í Reykjavík og nágrenni, samanber Íslensku ánægjuvogina 2005.

**Frábært tilboð!**
Þeir sem stofna Netreikningana SPRON Vaxtabót eða SPRON Viðbót á www.spron.is fyrir 1. maí fá **10% vaxtaálag** á greidda vexti um næstu áramót.

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1.apríl 2006
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

spron
– frelsi í bankaviðskiptum

## „ORÐRÉTT“

*Skortur á málþófi*

**„Þar er unnið frá kl. 9.15 til 18.15, það eru aldrei kvöldfundir og dagheimili er starfandi innan þingsins.“**

SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR, FORSETI ALÞINGIS, Í VIÐTALI UM SKOSKA ÞINGIÐ Í MORGUNBLAÐINU Í GÆR.

*Löglegt en siðlaust*

**„[Það er] siðlaust í lýðræðisþjóðfélagi að láta peninga ráða hvaða frambjóðendur ná augum og eyrum kjósenda.“**

SVANUR KRISTJÁNSSON PRÓFESSOR Í FRÉTTABLAÐINU Í GÆR.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR REKTOR HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Skapar sér skjól fyrir vindinum



„Allt gott að frétta,“ segir Kristín Ingólfsdóttir sem er heimavið þegar blaðamaður slær á þráðinn. Nóg er um að vera hjá Kristínu í embætti rektors Háskóla Íslands og margt á döfinni í málefnum skólans. „Það sem ber hæst núna er stefnumótunarvinnan sem við erum í um þessar mundir. Við erum að varða leiðina að okkar langtímamarkmiði og ganga frá aðgerðaáætlun um hvað við þurfum að gera til að ná þessum árangri og kostnaði við það,“ segir Kristín og bætir við að mikil og góð þátttaka sé í stefnumótunarvinnunni og mikil bjartsýni í fólki.

Í fjölmiðlum undanfarið hefur verið talað um hugsanlega sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og segir Kristín að viðræður þar á milli séu í fullum gangi.

„Einnig höfum við verið að endurskoða samning við Landspítala-háskólasjúkrahús og heilmikil vinna hefur verið unnin í því að undanförnu.“ Að sögn Kristínar er gert ráð fyrir að skrifað verði undir nýjan samning milli stofnananna síðar í mánuðinum. „Við erum að endurmeta samstarfið og leggja drög að nýjungum svo við getum fléttað starfsemi þessara stofnana í meiri mæli en verið hefur.“

Kristín hyggst taka sér frí frá annasamri vinnu nú um páskana og bregða sér upp í Borgarfjörð þar sem fjölskyldan á sumarhús. „Við erum mikið í trjárækt og um páskana er stefnan að taka holur og setja skít í þær.“ Kristín segir það hluta af vinnu við langtímamarkmið hjónanna um að koma sér upp skjóli við sumarhúsið áður en þau fari á eftirlaun. „Það er sterk norðaustanátt við húsið sem við ætlum að reyna að beisla.“

Það sem er framundan hjá Kristínu er meðal annars heimsóknir erlendra vísindamanna og doktorsvarnir sem hún segist hlakka til að takast á við.

## SJÓNARHÓLL

FUGLAFLENSAN



LOGI ÓLAFSSON KNATTSPYRNUÞJÁLFARI

### *Engar áhyggjur*

Áhyggjur af fuglaflensu hrjá ekki Loga Ólafsson, fyrrverandi landsliðsþjálfara í knattspyrnu, þó að margt annað geri það að hans sögn. Hann leggur sér enn fiðurfé til munns svo lengi sem fiðrið hefur verið fjarlægt og fuglarnir séu eldaðir og segir enga breytingu verða þar á þó að umrædd fuglaflensa geisi nú víða um heim. „Ef Spaugstofan hefur rétt fyrir sér að Siggi Sigurjóns með gæsahúð og spóaleggi sé með fuglaflensu þá hefði ég áhyggjur en ég treysti á vísindamenn sem vit hafa á þessum málum hafi rétt fyrir sér með að engar stökkbreytingar geti átt sér stað og valdið einhverjum mannskaða og faraldri í kjölfarið.“

## Át yfir sig af kexi og sælgæti

Frægasti fíll Srí Lanka, Raja, er veikur eftir að hafa étið yfir sig af smákökum, súkkulaði og öðru sælgæti sem gestir gáfu honum á nýárshátíð búddista.

Raja býr í musteri í höfuðborginni Kólombó, og komu þúsundir manna með alls kyns sælgæti til hans í tilefni hátíðarhaldanna sem hófust á fimmtudag í síðustu viku, að sögn munkanna sem sjá um Raja.

Í dagrenningu á þriðjudag fundu munkarnir Raja sárkvalinn og með tár í augunum. Nú reyna dýralæknar, dýrafræðingar og munkarnir að hjúkra honum til heilsu á ný. Fílar eru grænmetisætur sem þola illa tilbúinn mat, og hafa munkarnir nú lagt blátt bann við að gestir gefi Raja mat. - smk



**SÁRLASINN** Fíllinn Raja er sárþjáður eftir að hafa étið yfir sig af sælgæti sem honum var fært í tilefni nýárshátíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


## PÁSKADAGSKRÁ

**NFS tekur á sig sérstakan páskabúning yfir páskahátíðina og í boði verður fjölbreytt og fróðleg íslensk dagskrá.**

**Laugardagur 15. apríl:**

**HELGIN** kl. 10.00
Öðruvísi viðtalsþáttur í umsjá Eiríks Jónssonar og Reynis Traustasonar.

**FRÉTTAVIKAN** kl. 11.00
Hallgrímur Thorsteinsson fer yfir helstu fréttir vikunnar með álitsgjöfunum Pétri Gunnarssyni fréttastjóra Fréttablaðsins og Skúla Helgasyni framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar.

**SKAFTAHLÍÐ** kl. 12.25
Kristjáns Más Unnarssonar fréttamaður ræðir við Pál Sigurjónsson stjórnarformann Ístaks.

**Páskadagur:**

**ÞETTA FÓLK** kl. 11.00
Halla Gunnarsdóttir fjallar um Ísrael út frá mörgum áhugaverðum hliðum og fær til sín góða gesti.

**HÆTTUR HAFSINS** kl. 17.00
Ný heimildamynd um íslenska sjómenn og störf þeirra við mjög erfið skilyrði.

**MAÐUR Í MYND** kl. 19.10
Sigmundur Ernir Rúnarsson ræðir við Þór Vigfússon hjá Draugasetrinu á Stokkseyri.

**VOPNIN KVÖDD** kl. 20.00
Áhugaverður nýr heimildarþáttur þar sem Óli Tynes rekur sögu varnaliðsins á Miðnesheiði í víðu samhengi.

**Annar í páskum:**

**SKAFTAHLÍÐ** kl. 12.25
Heimir Már Pétursson fréttamaður ræðir við Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðing.

NFS

vísir VEF TV




**IRMA MATCHAVARIANI OG AMAL TAMIMI** Þær stöllur vinna saman í Alþjóðahúsi við Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Eggjamálun og brauðgerð meðal páskahefða

**Nú fara í hönd páskar með tilheyrandi hátíðahaldi og frídögum. Misjafnt er eftir trúfélögum hvernig fólk heldur upp á páskana.**

Páskarnir eru aðalhátíð kristinnar kirkju og er þá minnst krossfestingar og upprisu Jesú. Í rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni er páskadagur viku seinna eða frá miðnætti laugardagsins 22. apríl til miðnættis sunnudags 23. apríl.

Að sögn Irmu Matchavariani, sem er í rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni, er aðalmunurinn á páskahaldinu fólginn í tímasetningunni. Jól og páska beri upp á miðnætti hjá þeim. Að öðru leyti sé páskahaldið hjá þeim mjög svipað og hjá flestum öðrum landsmönnum.

Gömul páskahefð er að fólk sjóði egg og máli í öllum regnbog-



ans litum og ýmsum munstrum. Irma segir þessa hefð ríka hjá þeim og er rauður aðalliturinn sem er notaður. „Í gamla daga var aðalskemmtiefnið fyrir krakkana að lita eggin,“ segir Irma.

Einnig er sérstakt páskabrauð með rúsínum bakað sem heitir Gúlich á rússnesku og er svipað og íslensk jólakaka á bragðið að sögn Irmu. Fólk kemur svo með eggin og brauðið í kirkjuna þar sem prestur blessar það. Hægt er að koma með eggin og brauðið á laugardagsmorguninn til blessunar en einnig koma margir með það í páskamessuna og láta blessa það áður en hún hefst.

Rússneska rétttrúnaðarkirkjan á Íslandi er með kirkju á Sólvallagötunni en páskamessan mun fara fram í Dómkirkjunni og hefst hún stundarfjórðung í miðnætti laugardagskvöldið 22. apríl. Öllum er velkomið að koma að sögn Irmu. Sjálf stefnir hún á að taka einnig þátt í páskahaldinu núna um helgina og ætlar í kirkju á sunnudaginn.

Múslimar halda ekki páska hátíðlega en Amal Tamimi segir að hefð fyrir því að mála egg fylgi páskunum í Palestínu. Að sögn Amal tíðkast það að kristnir sendi múslimskum vinum og nágrönnum máluð egg að gjöf í tilefni páskanna sem óski kristnum á móti til hamingju með hátíðina.

Amal hyggst ekki halda neitt sérstaklega upp á páskana en ætlar að kaupa páskaegg handa börnunum og njóta þeirra frídaga sem fylgja hátíðinni.

Veðurstofan spáir breytilegu veðri um páskahelgina:

# Gluggaveður um páskana

Útlit er fyrir fallegt en kalt og hvasst veður sunnanlands á páskadag og annan í páskum að sögn Ásdísar Auðunsdóttur, veðurfræðings á Veðurstofu Íslands.

Í dag verður frekar kalt og norðanátt um allt land, nokkuð hvöss norðvestanlands með éljum en bjartviðri sunnan og vestan til. Á morgun má búast við hlýnandi veðri og vaxandi suðaustanátt með tilheyrandi votviðri, strax fyrri part dags vestanlands en um kvöld austan til.

„Síðan er helsta breytingin sú að hann á að snúa í norðanátt strax á laugardag,“ segir Ásdís. Því fylgir kólnandi veður um land allt, einhver snjókoma norðanlands en léttir til fyrir sunnan. „Það helst á páskadag nema hvað að það verður líklega heldur hvassara þá.“ Hitinn verður allt að fjögur stig sunnanlands á páskadag en heldur kaldara annars staðar. Það sama verður líklega uppi á teningnum annan í páskum.

Það verður því gluggaveður á höfuðborgarsvæðinu um páskana, bjart og fallegt en kalt og hvasst, og tilvalið að draga gluggatjöldin frá við morgunverðarborðið. - sh



**VEÐRIÐ Í GÆR** Búast má við fallegu en nöpru gluggaveðri um páskahelgina.




# opið alla páskana

... einnig föstudaginn langa og páskadag

**Opið allan sólarhringinn:**
Akureyri
Engihjalla
Hjarðarhaga
Keflavík
Langarima
Lágmúla
Staðarbergi

www.10-11.is

10-11
...þegar þér hentar

# VELKOMIN Í HÚSGAGNAHÖLLI

## húsgögn og húsbúnaður á betra verði



ANDREW
borðstofustóll
7.980

**FU 827 BORÐSTOFUBORÐ**
hvíttuð eik, 90 x 200 cm.
Stækkanlegt í 440 cm.
**59.980**

## Borðstofustólar



**BONN** borðstofustóll með krómgrind.
Fæst í mörgum litum. Kr. **4.990**



**GIZMO** borðstofustóll úr leðri með álfótum,
fæst creme, svartur og mokka. Kr. **8.980**

## Stækkanlegt allt að 440 cm







149.880

**DC LANGBORÐ** vandað eikarborð B100 x
L200/440 H75,5 cm. Fæst olíu- eða sápuborið.



**BOSTON**
hornsófi
**79.980**

BOSTON HORNSÓFI

**BOSTON 5** sæta hornsófi, L246 X 250 X D90 cm,
fæst í camel og sand. Kr. **79.980**



SÓFI 5079 3 sæta 79.980 2 sæta 69.980 Stóll 49.98

**SÓFI 5079** 3 sæta sófi B225 x D95 x H52/95 cm Kr. **79.990.** **SÓFI 5079** 2 sæta sófi, B170 x D95 x H52/95 c
Kr. **69.990.** **5079** stóll Kr. **49.990.** **10.000 KR. AUKAAFSLÁTTUR EF SETTIÐ ER KEYPT SAMAN 3+2**

**OPIÐ UM PÁSKANA**

Skírdag **12-18** • Föstudagurinn langi **LOKAÐ** • Laugard 15. apríl **10 - 18**
Páskadagur **LOKAÐ** • Annar í páskum **LOKAÐ**

NA

# HÚSGAGNAHÖLLIN












SPIRIT LAZYBOY SÓFI 79.980

**SPIRIT** Lazyboy sófi með skemli beggja vegna, fæst dökkgrænn og ljósbrúnn. **79.980**



KUBUS HILLUR 29.980 19.980

**KUBUS** hilla 4x4 B156 x D36 x H166 cm, fæst hvít, í hlyn, hnotu og í eik. Kr. **29.980.**
**KUBUS** hilla 3x3 B118,6 x D36,3 x H118,6 cm, fæst í hlyn, hnotu, hvít og kirsuber. Kr. **19.980**

**Vissir þú**
*að Óður frá Brún á 437 skráð afkvæmi. Hæst dæmd er Hryðja frá Hvoli með 8,65 í aðaleinkunn en einnig á hann gæðingasynina Aron frá Strandarhöfði og Töfra frá Kjartansstöðum.*
*www.worldfengur.com*

# Fákar
*og fólk*

HESTAMAÐURINN: HULDA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR Í GEYSI

## Ætlaði varla að þora aftur inn

„Þetta er í annað skipti sem ég keppi og það var satt að segja alveg frábært,“ segir Hulda Björk Gunnarsdóttir sem keppti fyrir hestamannafélagið Geysi í nýafstöðnu kvennatölti Gusts og Landsbankans.

Hulda mætti til leiks með unga hryssu, Viðju frá Djúpadal, undan Prinsi frá Úlfljótsvatni, reið sig upp úr B-úrslitum í byrjendaflokki og alla leið upp í 2. sætið. Geri aðrir betur.

„Ég fór í fyrra með dóttur minni, Helgu Björk Helgadóttur, sem einnig var að keppa. Þá reið ég mína tvo hringi og síðan ekki söguna meir. Þá fannst mér svo gaman, að ég ákvað að ef ég myndi lifa til næsta árs þá skyldi ég sko fara. Og ég stóð við það,“ bætir Hulda við. Hún hefur háð hetjulega baráttu við krabbamein, en lætur það ekki aftra sér frá því að stunda hestamennskuna af krafti með dóttur sinni.



Eftir forkeppnina nú brá hún sér í heimsókn til móður sinnar í Kópavogi, en hafði ekki staldrað lengi við, þegar dóttir hennar hringdi úr reiðhöllinni og sagði henni að hún væri í 6. sæti í B-úrslitum.

„Ég hugsaði bara, guð minn góður, hvað er ég búin að koma mér í. Ég er nefnilega svo feimin að ég ætlaði varla að þora aftur inn á völlinn,“ segir Hulda. „En ég hafði gott klappið þarna og ég skemmti mér óskaplega vel.“

Þær mæðgur, Hulda og Helga Björk, hafa stundað hestamennskuna saman af kappi undanfarin ár, dóttirin sem keppandi og móðirin sem helsti stuðningsmaður. Hulda segir að nú sé hún búin að setja sér takmark, sem er að vinna byrjendaflokkinn og síðan næsta flokk. Hún hafi góðan einkaþjálfara þar sem er Helga Björk. Eða með öðrum orðum, nú er eggið farið að kenna hænunni.

**HESTAR** Hulda Björk á Viðju frá Djúpadal í kvennatölti Gusts og Landsbankans.

### Hestamenn varaðir við vélhjólakeppni



Í kvöld mun Vélhjólaklúbburinn halda keppni til styrktar æfingasvæði sem klúbburinn ásamt Landsambandi vélsleðamanna fékk úthlutað á síðasta ári í mynni Jósepsdals. Keppnin mun fara fram í gömlu kartöflugörðum Reykjavíkur við Korpúlfsstaðagolfvöll og hefst kl 13.00.

Þar sem reiðgata liggur við hliðina á keppnissvæðinu vill keppnisstjórn koma því áleiðis til hestamanna sem kynnu að vera þar á ferð að teyma hestana eftir reiðgötunni fram hjá kartöflugörðunum meðan á keppni stendur til þess að forða því að þeir fælist.

### Útgáfa HESTA í blóma




Þemablað tímaritsins HESTA um Hrafn frá Holtsmúla í Skagafirði er komið út. Í blaðinu er fjallað um hinn merka stóðhest, sögu hans í máli og myndum, bakgrunn, ættir og afkomendur.
Þá er stóðhestablaðið HESTAR einnig komið út. Þar eru auglýstir 129 stóðhestar til notkunar hér á landi en einnig eru nokkrar greinar eftir dýralækna og fleiri kunnáttumenn.
Hægt er að nálgast bæði blöðin á bensínstöðvum ESSO og í hestavöruverslunum.

### Tölt landsliðsnefndar LH

Ístölt landsliðsnefndar Landssambands hestamannafélaga verður haldið nú um helgina í Skautahöllinni í Laugardal. Þar koma saman margir af bestu gæðingum og knöpum landsins, meðal annars sigurvegarar úr ýmsum keppnum sem þegar hafa verið haldnar. Þar verður til dæmis sigurvegari Svellkaldra kvenna, Lagarfljótstöltsins og Ístöltsins svo fátt eitt sé nefnt.
Forsala aðgöngumiða er í versluninni Lífalandi en einnig verða seldir miðar við innganginn. Húsið opnar klukkan 19.00 og hefst mótið klukkutíma síðar.

### Nýtt tölublað Eiðfaxa



Nýtt tölublað tímaritsins Eiðfaxa er komið út. Meðal annars er rætt við ræktandann Eystein á Tjarnarlandi, rætt um hvort nauðsynlegt sé að vita hvort hestur er rétt- eða örvfættur og litið er til komandi landsmóts og hugsanlegra keppenda. Trausti Þór Guðmundsson tamningameistari skrifar um útgeislun og fas. Farið er yfir rakstur hrossa og krabbamein í íslenskum hestum en nokkrar tegundir krabbameina eru þekktar í íslenska hrossastofninum.
Nokkrir heldri reiðmenn á besta aldri eru teknir tali og skoðað hvernig líkamsrækt járningamenn ættu að stunda.


VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar




**SAMTAKA NÚ** Töltslaufurnar þurfa mikla æfingu enda ekki hlaupið að því að hafa tuttugu hesta í einni reiðhöll. Þá þarf samhæfing milli hests og knapa að vera alger. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Tölt í takt við Beethoven

**Stórsýning hestamanna verður haldin dagana 5. til 7. maí í Reiðhöllinni í Víðidal. Eitt af aðalatriðum eru töltslaufur Ragnars Petersen þar sem íslenski hesturinn sýnir sínar bestu hliðar í flóknum og glannalegum æfingum sem fá fólk til að grípa andann á lofti.**




**ODDATÖLT** Hópurinn hefur æft reglulega síðan í febrúar og má því búast við skemmtilegri og vel æfðri sýningu. Að sjálfsögðu setja samstæðir búningar og kraftmikil tónlist punktinn yfir i-ið.

Fastur liður í hverri reiðhallarsýningu er svokölluð mynsturreið þar sem hópur knapa ríður tölt í fjölbreyttu mynstri á vellinum. Þessar sýningar er sívinsælar og mjög skemmtilegar þegar vel er gert.

Ragnar Petersen hefur þjálfað og hannað marga sýninguna. Fyrir Stórsýningu hestamanna í byrjun maí ætlar hann enn að toppa sig og hefur nú þjálfað tuttugu reiðmenn í töltslaufum sínum síðan í febrúar. „Ég hef aldrei verið með svo marga áður,“ segir Ragnar sem reynir ávallt að gera eitthvað nýtt fyrir hverja sýningu. „Ég reyni að koma með eitthvað sem hrífur, er glannalegt og hratt. Ég reyni að búa til spennu í stúkunni þannig að fólk hugsi, „þetta er ekki hægt,“ og þar spilar tónlistin stóran part,“ upplýsir Ragnar sem að þessu sinni ætlar að láta hópinn tölta í takt við fimmtu sinfóníu Beethovens í nútímabúningi.

Slík mynsturreið á sér ekki langa sögu á Íslandi en víða erlendis eru sett upp sýningaratriði á borð við þetta en þó með öðrum áherslum. „Það sem gerir okkar atriði öðruvísi er að útlendu hestarnir eru að gera kúnstir sem þurfa langan aðdraganda og miklar æfingar. Við erum hins vegar að sýna fljúgandi gangtegund,“ segir Ragnar og upplýsir að val á hestum geti verið töluvert snúið enda þurfa hestarnir að hafa margt til að bera í svona sýningu. „Ég vil þjálan hest í góðum höfuðburði og hreingengan. Fótaburður skiptir minna máli,“ segir Ragnar sem telur að hið einstaka lunderni íslenska hestsins sé tilvalið í slíkar sýningar.

Þótt æfingar hafi hafist í febrúar hefur undirbúningurinn staðið mun lengur. Ragnar safnar hugmyndum og punktar þær hjá sér þangað til hann sest að lokum niður og býr til atriði og spinnur allt saman.

Á Stórsýningu hestamanna verður margt annað í boði sem heillar augað og segir Ragnar að markið hafi verið sett hærra en oft áður. „Við vildum hafa færri hross og aðeins þau bestu. Það verða ekki hópar á gólfinu einu,“ segir Ragnar og lofar heimsfrægum skemmtikrafti en leynd hvíli yfir hver það sé. Þó geti hann upplýst að hann verði dreginn inn í salinn á fjaðurskreyttum hestvagni.

Margt annað er um að vera þessa sýningarhelgi. Um daginn verður Hólaskóli með kennslusýningu, auk þess verður sölusýning á hestum og á laugardagskvöldinu er bæði veitingasalan í Reiðhöllinni og félagsheimilið opið fyrir þyrsta sýningargesti.



**SLAUFUMEISTARINN** Ragnar Petersen hefur búið til ófáar töltslaufur á síðustu árum.

solveig@frettabladid.is



# TÍMI TIL AÐ LEYSA MÁLIN

Mikil umræða hefur verið um málefni eldri borgara að undanförnu. Og ekki að ástæðulausu. Það er sjálfsagt réttlætismál að leiðrétta strax lægstu laun þeirra sem vinna að umönnun aldraðra.

En einnig er mikilvægt að marka stefnu til framtíðar um það hvernig við viljum búa að þeim sem eldri eru.

Við sjálfstæðismenn munum

- » gera eldri borgurum kleift að búa á eigin heimili svo lengi sem þeir kjósa og efla og samræma heimaþjónustu og heimahjúkrun
- » auka val og fjölbreytni í húsnæði fyrir eldri borgara við skipulag nýrra hverfa í borginni
- » lækka fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði
- » tryggja að til verði fjölbreytt sameiginlegt búsetuform hjúkrunar-, þjónustu- og leiguíbúða ásamt almennum íbúðum til þess að vinna gegn félagslegri einangrun eldri borgara
- » gera stórátak í byggingu hjúkrunarheimila í samvinnu við ríkið og byggja 200 þjónustu- og leiguíbúðir fyrir eldri borgara.

Þetta er allt á valdi Reykjavíkurborgar að framkvæma. Það er kominn tími til að hætta ásökunum og upphrópunum. Við skulum frekar taka höndum saman um lausn í málefnum eldri borgara.

Gleðilega páska

leiðtogi sjálfstæðismanna í Reykjavík

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.652 **-1,59%**

**Fjöldi viðskipta:** 323
**Velta:** 2.125 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | **+3,1%** | **Glitnir** | **-2,31%** |
| **Icelandic Group** | **+0,56%** | **Alfesca** | **-2,20%** |
| **Grandi** | **+0,42%** | **KB banki** | **-2,17%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 59,30 +0,00% ... Alfesca 4,00 -2,20%... Atorka 5,70 -0,87% ... Bakkavör 50,40 -1,18% ... Dagsbrún 6,55 -1,50% ... FL Group 20,90 -1,88% ... Flaga 3,33 +3,1% ... Glitnir 16,90 -2,31% ... KB banki 768,00 -2,17% ... Kögun 74,70 -0,00% ... Landsbankinn 23,40 -2,09% ... Marel 73,20 -1,08% ... Mosaic Fashions 18,20 -1,09% ... Straumur-Burðarás 16,90 -0,59% ... Össur 112,00 -0,44%

***KLUKKAN 14.00 Í GÆR.**

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápur...*

**Atlaga að meti**
Ekki er örgrannt um að höfundar orðanna Vaðlaheiðavegavinnuverkamannaverkfærageymsluskúr og gervigreindahörpunámskeiðsfyrirlestur hafi fengið vægt áfall þegar þeir sáu orðskrípið greiðsluhæfisskiptasamningur i umfjöllun Moggans um brask Norska olíusjóðsins á skuldabréfum íslensku bankanna. En eftir talningu gata hinir sömu andað léttar, enda bara 28 stafir í greiðsluhæfisskiptasamningur. Með tilkomu flóknari viðskipta hér á landi spretta upp orð eins og greiðsluhæfisskipasamningur (credit default swap spread) sem er afleiðusamningur þar sem kaupandi skuldabréfs getur varið sig gegn tapi með því að kaupa slíkan samning ef útgefandi skuldabréfsins stendur ekki í skilum.

**Sælutíð kaupmanna lokið**
Verður forvitnilegt að fylgjast með þróun verðlags á næstu mánuðum Frá áramótum hefur krónan fallið um 22 prósent sem er meira en greiningardeildir bankanna reiknuðu með. Oft heyrist í talsmönnum neytenda og stjórnmálamönnum að innflytjendur séu fljótir að hækka verðin, þegar krónan lækkar, en seinir að lækka þegar krónan hækkar. Lækkun krónunnar að undanförnu hefur hins vegar étið upp allan þann ávinning sem varð til á meðan sterka krónan réð ríkjum í fyrra og hitteðfyrra, og gott betur til. Ennfremur hafa laun og annar kostnaður farið hækkandi. Verður varla annað séð en að talsverðar hækkanir verði innanlands á næstu misserum. En það eru ekki bara kaupmenn sem naga neglurnar þessa dagana, allir þeir sem hafa staðið í bílainnflutningi að undanförnu hljóta að vera uggandi yfir gangi mála.



## MARKAÐSPUNKTAR

Gengi hlutabréfa í kauphöllinni í Lundúnum (LSE) í Bretlandi hækkuðu um 14 prósent í gærmorgun eftir að Nasdaq-markaðurinn keypti 14,99 prósent í honum og varð stærsti hluthafi LSE.

Hagstofa Íslands hefur birt vísitölu neysluverðs í apríl 2006. Vísitalan er 255,2 stig og hefur hækkað um 1,14 prósent frá fyrri mánuði.

1,56 milljónir manna eru án atvinnu í Bretlandi. Atvinnuleysi hefur ekki mælst jafn hátt í landinu síðan í júlí árið 2003.

Viðskiptahalli Bandaríkjanna nam 65,7 milljörðum dala í febrúar, 4,1 prósenti minni en mánuðinn á undan. Ástæðan er minni innflutningur frá Kína.

# MP gengur frá bankakaupum

Íslenskir fjárfestar, undir forystu MP Fjárfestingarbanka hf., hafa lokið kaupum á 92,5 prósentum hlutafjár viðskiptabankans Bank Lviv í Vestur-Úkraínu. Í janúar var gengið frá kaupunum með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirvalda og seðlabanka Úkraínu sem nú er gengið í gegn.

Sigurður Valtýsson, framkvæmdastjóri MP Fjárfestingarbanka, segir kaupin hafa gengið vel fyrir sig. „Það getur verið erfitt að brjóta ísinn og kaupa fyrstu bankastofnunina. En nú er samþykkið komið og kaupverðið hefur verið greitt.“ Nýju eigendurnir munu taka formlega við stjórnartaumunum á aðalfundi bankans þann 12. maí og er þá jafnframt fyrirhuguð umtalsverð hlutafjáraukning.


**SIGURÐUR VALTÝSSON** Sigurður er framkvæmdastjóri MP fjárfestingarbanka hf.

Bank Lviv er með starfsstöð í Lviv, rúmlega 800 þúsund manna borg um 70 kílómetrum frá landamærum Úkraínu og Póllands. Miðborg Lviv er á friðunarlista UNESCO, þar með talið húsnæði aðalbanka Bank Lviv, sem er í hjarta borgarinnar. Auk aðalbankans rekur bankinn fjögur útibú og eru starfsmenn um eitt hundrað talsins. Bankinn hyggst hefja starfsemi í Kiev, höfuðborg Úkraínu, innan tólf mánaða.

Sigurður segir íslensku fjárfestana sjá ýmsa möguleika í henni. „Þetta er vaxtamarkaður og þarna á eftir að verða mikil samþjöppun. Við hyggjumst byggja upp á þessum banka og til þess verður leitað liðsinnis meðal annars Sparisjóðs vélstjóra og fleiri sparisjóða.“ **- hhs**


YFIRTÖKTILBOÐ
TIL HLUTHAFA Í KÖGUN HF.

Þann 22. mars 2006 eignaðist Skoðun ehf., sem er félag í 100% eigu Dagsbrúnar hf., 51% hlutafjár í Kögun hf. Með kaupunum myndaðist yfirtökuskylda í samræmi við ákvæði VI. sbr. VII. kafla laga um verðbréfaviðskipti og hefur Skoðun ehf. birt tilboðsyfirlit þar sem öllum hluthöfum í Kögun hf. er boðið að selja hluti hluti sína í félaginu, á grundvelli þeirra skilmála sem er að finna í tilboðsyfirlitinu.

MÓTTAKENDUR TILBOÐS
Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Kögunar hf. í lok dags þann 12. apríl 2006 fá sent tilboðsyfirlit og samþykkiseyðublað, framsalseyðublað, svarsendingarumslag og sérfræðiskýrslu um tilboðið. Einnig er hægt að nálgast framangreind gögn hjá Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf., Borgartúni 25, 7. hæð, 105 Reykjavík, á heimasíðu bankans www.straumur.net og á heimasíðu Dagsbrúnar hf. www.dagsbrun.is.

TILBOÐSVERÐ
Verð sem hluthöfum í Kögun hf. er boðið fyrir hluti sína nemur kr. 75,0 á hvern hlut og samsvarar það verð hæsta verði sem Skoðun ehf. og tengdir aðilar hafa greitt fyrir hluti í Kögun hf. síðastliðna 6 mánuði, eins og kveðið er á um í 40. gr. laga um verðbréfaviðskipti.

GREIÐSLUSKILMÁLAR
Hlutirnir sem samþykkt verður að selja á grundvelli yfirtökutilboðsins, verða greiddir í formi reiðufjár í íslenskum krónum inn á bankareikning hluthafa sem tilgreindur skal á samþykkiseyðublaði. Hluthafar bera engan kostnað af samþykki yfirtökutilboðsins né framsali hluta af VS- reikningum þeirra. Greiðsla verður innt af hendi til hluthafa eigi síðar en 5 dögum eftir að tilboðstímabili lýkur, enda séu upplýsingar sem fram koma á samþykkiseyðublaði réttar og fullnægjandi.

TILBOÐSTÍMABIL
Gildistími yfirtökutilboðsins er frá 18. apríl 2006 til kl. 16 þann 16. maí 2006. **Samþykki yfirtökutilboðsins verður að hafa borist Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf., Borgartúni 25, 7. hæð, 105 Reykjavík, eigi síðar en kl. 16.00 þann 16. maí 2006, á þar til gerðu samþykkiseyðublaði.**

UMSJÓNARAÐILI
Umsjón með yfirtökutilboðinu hefur Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., kt. 701086-1399, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, sími 580-9100, www.straumur.net.

Straumur-Burðarás
FJÁRFESTINGABANKI



**FRÁ AÐALFUNDI FL GROUP 21. MARS** Kaup FL Group á Refresco falla vel að stefnu FL Group um að auka fjölbreytni fjárfestinga.

# FL kaupir Refresco

**FL Group, Vífilfell og aðrir fjárfestar hafa keypt hollenskt drykkjarvörufyrirtæki á 42 milljarða króna. FL Group græddi nýlega 13 milljarða á sölu easyJet.**

FL Group hf. hefur, í félagi við fjárfesta, undirritað samning um kaup á hollenska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco Holding B.V. af fjárfestingasjóðnum 3i Plc en kaupin eru háð samþykki samkeppnisyfirvalda í Þýskalandi. Heildarkaupverð félagsins, með vaxtaberandi skuldum, er um 461 milljónir evra sem nemur 42 milljörðum króna. FL Group verður stærsti hluthafi félagsins með 49 prósenta eignarhlut, en meðal annarra fjárfesta eru Vífilfell og helstu stjórnendur Refresco.

Hjá Refresco starfa um 1.200 manns í fimm löndum en félagið er annar stærsti framleiðandi á ávaxtasöfum og svaladrykkjum undir vörumerkjum verslana í Evrópu. Helstu markaðssvæði félagsins eru Þýskaland, Frakkland, Spánn, Portúgal, Holland og Finnland. Velta félagsins var 606 milljónir evra sem nemur 55 milljörðum króna árið 2005 og var hagnaður félagsins fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) 64,1 milljón evra eða 5,8 milljarðar króna.

Í fréttatilkynningu frá FL Group er haft eftir Hannesi Smárasyni, forstjóra FL Group, að Refresco sé vel rekið félag á markaði sem hefur stækkað á öran og arðbæran hátt á undanförnum árum, bæði með innri vexti og yfirtökum. „Jafnframt falla kaupin á Refresco vel að stefnu FL Group um að auka fjölbreytni fjárfestinga. Refresco býður upp á fjölda álitlegra vaxtartækifæra og við hlökkum til að starfa með stjórnendum félagsins á komandi árum.“ **- hhs**

# TM býður í NEMI

Tryggingamiðstöðin hf. (TM) hefur lagt fram formlegt kauptilboð í norska tryggingafélagið Nemi forsikring ASA (NEMI) að upphæð 62,5 norskar krónur á hlut. Kaupverðið er greitt í reiðufé. Tryggingamiðstöðin hefur þegar aflað sölusamþykkis meira en 2/3 hluthafa í félaginu.

NEMI er skráð í norsku kauphöllinni í Ósló.

Óskar Magnússon, forstjóri TM, segir að að umtalsverð samþjöppun hafi átt sér stað á íslenskum tryggingamarkaði á undanförnum 20 árum og séu vaxtarmöguleikar á innanlandsmarkaði takmarkaðir. **- jab**



**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** Óskar Magnússon, forstjóri TM, segir vaxtarmöguleika á tryggingamarkaði takmarkaða.

# Lífeyrisgreiðslur TR 19 milljarðar króna

Lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar (TR) til ellilífeyrisþega nema 19 milljörðum króna á þessu ári samkvæmt fjárlögum.

Í Vefriti fjármálaráðuneytisins kemur fram að greiðslur Tryggingastofnunar á hvern ellilífeyrisþega hafi hækkað um tæp 80 prósent á árabilinu 1995 til 2005 en á sama tímabili hækkaði vísitala neysluverðs um 41 prósent.

Þá hækkuðu meðalgreiðslur Tryggingastofnunar mun hraðar en neysluverðsvísitala á árabilinu 2001 til 2003. Ástæðan er sú að á tímabilinu varð til nýr lífeyrisflokkur, tekjutryggingarauki, sem hækkaði greiðslur til margra ellilífeyrisþega. **- jab**


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Nicotinell®
Njótum lífsins saman, reyklaus!
28. mars 2006 ÞRIÐJUDAGUR
700 hætta að reykja
Viðbúin – tilbúin – stopp er reykleysisátak sem staðið hefur yfir í nokkrar vikur og er stærsta reykleysisátak sem ráðist hefur verið í á Íslandi en fjöldi manns tekur þátt í því.
Til þess að auðvelda fólki að hætta að reykja er átakinu skipt í þrjú þrep. Í fyrsta þrepinu, viðbúin, undirbýr fólk sig og setur sér markmið, í öðru þrepinu, tilbúin,
Fréttablaðið 28. mars 2006
Nú er rétti tíminn til að hætta!
Skráðu þig á www.vidbuin.is
Stökkt að utan
Mjúkt að innan
Nicotinell Mint NICOTIN 4mg
Nicotinell Fruit NICOTIN 2mg
Nicotinell Lakrids NICOTIN 4mg
Nicotinell Classic NICOTIN 2mg
Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.




**Fáðu faglegar ráðleggingar og uppskriftir hjá**


















# Eigðu örugga páska með kjöti frá Nóatúni



FYLLTAR KALKÚNABRINGUR
MEÐ APRIKÓSU- EÐA DÖÐLUFYLLINGU
2.398 kr. kg



LAMBAGEIRI
BEINT Í OFNINN
3.198 kr. kg



UNGNAUTALUNDIR
MEYRAR OG GÓMSÆTAR BEINT Á GRILLIÐ
3.998 kr. kg

## kjötmeisturum Nóatúns og njóttu þess besta um páskana!



HUMAR
PAKKAÐUR Í ÖSKJU
2.798 kr. kg



35% afsláttur
EÐALFISKUR
REYKTUR, GRAFINN




*Lostæti með litlli fyrirhöfn.*
*Gómsæta ístertan frá Anton Berg er tilvalinn eftirréttur.*
998 kr. stk




30% afsláttur
PARMA SKINKA
EKTA ÍTÖLSK SKINKA



*Berin bregðast ekki.*
*Frábær í skreytingar, sem meðlæti eða í eftirréttinn*



*Hafðu hollustuna með í veislunni.*
*Ferskleikinn og úrvalið er í grænmetistorginu okkar.*

Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

# skoðun

**SJÓNARMIÐ**
**JÓN KALDAL**

Stjórnvöld hafa í hendi sér einfalda leið gegn hækkandi verðbólgu og auknum útgjöldum heimilanna.

# Lækkið bensínið strax

Hækkandi verðbólga og eldsneytisverð í sögulegu hámarki eru afleit tíðindi fyrir íslensk heimili. Afborganir af verðtryggðum íbúðalánum snarhækka og sömuleiðis kostnaður við rekstur heimilisbílsins, Þetta eru þeir tveir þættir sem vega hvað þyngst í útgjöldum fólksins í landinu.

Stjórnvöld hafa í hendi sér einfalda leið til þess að draga úr þessum hækkunum á skjótan og áhrifaríkan hátt með því að lækka tímabundið skatta á eldsneyti. Með því eru slegnar tvær flugur í einu höggi, þrýstingur á verðbólguna minnkar og bifreiðaeigendur finna strax fyrir lægra eldsneytisverði í buddum sínum.

Fordæmi eru fyrir slíkum aðgerðum. Olíugjaldið var lækkað tímabundið frá 1. júlí 2005 til 31. desember 2005 einmitt til að vinna gegn hækkandi verðbólgu. Árið 2002 fór ríkisstjórnin þessa sömu leið með þeim rökstuðningi að áhrif hækkunar á bensínverði væru umtalsverð og gætu stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu. Einnig var gripið til svipaðra aðgerða þegar olíuverð hækkaði mjög mikið á heimsmarkaði vegna Persaflóastríðsins 1990 og þegar heimsmarkaðsverð hækkaði um 50 prósent á fáeinum vikum árið 1996.

Félag íslenskra bifreiðaeiganda hefur ítrekað skorað á fjármálaráðherra að beita sér fyrir því að koma til móts við heimilin í landinu með því að lækka álögur á bifreiðaeldsneyti. Síðastliðið haust afhenti FÍB fjármálaráðherra áskorun þar sem var bent á að skattlagningin er nú með þeim hætti að ofan á verð eldsneytisins, eins og það kostar komið til landsins, leggjast vörugjöld og bensín- og olíugjöld. Þar ofan á leggst því næst 24,5 prósenta virðisaukaskattur þannig að með honum er verið að innheimta skatt af þeim sköttum og gjöldum sem þegar er búið að leggja á eldsneytið.

Þetta þýðir einfaldlega að því meira sem heimsmarkaðsverð á olíu hækkar, því meira græðir ríkið á skattheimtu af eldsneyti. Til að setja þetta í tölulegt samhengi má gera ráð fyrir að bensínhækkanir síðastliðna tólf mánuði hafi fært ríkinu meira en 600 milljónir í auknar tekjur.

Þótt FÍB hafi talað fyrir daufum eyrum stjórnvalda undangengið haust náðu hugmyndir félagsins þó inn á Alþingi þar sem Jóhanna Sigurðardóttir fór fyrir hópi þingmanna sem lagði fram frumvarp til laga um tímabundna lækkun bensín- og olíugjalds frá 1. nóvember 2005 til loka mars 2006 eða í fimm mánuði.

Frumvarpið fékk ekki brautargengi en ef það hefði verið samþykkt hefði útsöluverð á bensíni og olíu lækkað um tæpar 5 krónur eða um 9 til 10 prósent. Það þarf ekki að hafa mörg orð um að flest heimili munar um slíka lækkun, en meðalbensínreikningur einnar fjölskyldu á ári er áætlaður um 400 þúsund krónur.

Nú er aftur lag enda er bensínverð nú í sögulegu hámarki. Ríkisstjórnin hefur þessa leið í hendi sér. Fordæmin eru til staðar. Þetta er eingöngu spurning um vilja.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Glaðlegt þingmál**

Það þarf ekki að koma á óvart að fréttamiðlar hafa ómældan og fyrirfram gefinn áhuga á valdhöfum og átökum. Þar liggja fréttirnar. En þeir geta líka haft áhuga á óvenjulegri samstöðu. Þess vegna fer áhugi þeirra vaxandi á nýrri þingsályktunartillögu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og þriggja annarra ungra þingmanna Sjálfstæðisflokksins um sumartíma og frídaga. Þeir félagarnir leggja sem sagt til að ríkisstjórninni verði falið að kanna hvort ekki sé rétt að taka upp sumartíma á ný og flytja sumardaginn fyrsta og verðkalýðsdaginn að helgum.
Í greinargerð með tillögunni segir blátt áfram að með því að taka upp sumartíma flytjist náttúrulegt hádegi frá um hálf tvö síðdegis til klukkan hálf þrjú. „Þetta þýðir að í raun myndi þjóðin vakna fyrr á sumrin og byrja daginn fyrr. En það þýðir líka að sólarinnar nýtur lengur við þegar fólk kemur úr vinnu og þá getur verið þokkalega hlýtt á sumardögum nokkuð fram eftir deginum. Þetta gæfi þjóðinni því betra tækifæri til þess að njóta sumarsins og skapaði án efa betri sumarstemningu með öllu því sem því fylgir, svo sem auknum möguleikum á frekari samverustundum með fjölskyldunni.“
- Sá þingmaður sem býður þessum rökum birginn nær áreiðanlega aldrei inn á þing aftur.



**Drápan**

Matthías Johannessen rithöfundur og skáld leggur í gær undir sig miðopnu Morgunblaðsins sem hann ritstýrði svo lengi. Að þessu sinni í bundnu máli sem dregur óneitanlega athyglina frá leiðaranum við hliðina. Ljóðið nefnir hann Hrunadans. Eftirfarandi hefur ritstjórinn fyrrverandi að segja um fjölmiðlafár í þrítugasta og þriðja erindi:

„Það er vegið að þeim sem vitja síns tíma með dug
eins og vandræðaskáld sem telur sjálfum sér borgið
en það er víst erfitt að komast á krassandi flug
í kastljósi frétta og venja sig sífellt við orgið
í álitsgjöfum sem hatast við annarra hug
og halda í gíslingu þjóð sem ráfar um torgið
þar sem frelsið er iðkað og afskræmt eins og gengur
og enginn veðjar á frelsisgyðjuna lengur.“

Í skólum er ungmennum kennt að lesa drápur, ferskeytlur, rímur og ljóð með skýringum. Tæplega þarf þessi drápa margra skýringa við.

# Vín í eyðimörkinni

**Í DAG**
VIÐSKIPTAMÁL



**ÞORVALDUR GYLFASON**

*Langvinnar innflutningshömlur á búvörumarkaði hér heima og í Noregi langt umfram önnur Evrópulönd hafa haldið matargerðinni bæði hér og í Noregi í þvílíkum viðjum, að það er varla viðskiptagrundvöllur undir íslenzkum veitingarekstri eða norskum í öðrum löndum...*

Bílstjórinn minn tók mér vel, þegar ég bað hann að aka mér til teppakaupmanns. Þetta var í Túnis. Mig langaði að skoða túnísk teppi og persnesk og annað slíkt, því að löndin þarna í Norður-Afríku og Vestur-Asíu eru annáluð teppagerðarlönd. Við höfum engin persnesk teppi hér, sagði bílstjórinn. Ég hváði. Hann spurði á móti: hvers vegna skyldum við flytja inn teppi frá útlöndum, þegar við getum framleitt þau sjálfir hér heima? Ég þóttist sjá, að það borgaði sig varla að reyna að koma bílstjóranum í skilning um gildi og gagnsemi erlendra viðskipta; til þess þyrfti trúlega fleiri bíltúra en ég hafði ráðgert á þeim stutta tíma, sem ég hugðist eyða í landinu. Hann virtist óhagganlegur og handviss í sinni sök. Það er skemmst frá því að segja, að það reyndist lítið spunnið í teppin þarna í Túnis, þau eru miklu grófari en fín persnesk teppi eða kínversk og standa þeim hvergi á sporði.

Innflutningur víns er einnig bannaður í Túnis, ekki af trúarástæðum eins og til dæmis í nágrannalöndunum Alsír og Líbíu, heldur af sömu ástæðu og teppainnflutningurinn er bannaður: við framleiðum vín, sögðu þeir, svo hvers vegna skyldum við þá sækja vín til annarra landa? Ég þekkti þetta viðhorf að heiman. Vandinn er sá, og það gat ég ekki með nokkru móti fengið mig til að segja heimamönnum, að það er ekkert varið í vínið þeirra heldur. Ein tegund eða tvær eru sæmilegar, aðrar ekki. Þeir framleiða vínið einkum handa ferðamönnum, en drekka það einnig sjálfir. Túnis er þrátt fyrir þráfelldan skort á frelsi og lýðræði í stjórnmálum einna frjálslegast landanna eftir endilangri norðurströnd Afríku alla leið að Egyptalandi og laðar til sín evrópska ferðamenn í stórum stíl. Fáir ferðamenn með fullu viti myndu hætta sér til Alsír eða Líbíu eins og ástandið er þar – og vínbannið.

Málið er þetta: innflutningshöft bitna á gæðum þeirrar innlendu framleiðslu, sem höftunum er ætlað að vernda, og hleypa upp verði hennar á heimamarkaði að auki. Hvers vegna ætli það sé engin íslenzk matstofa á Manhattan? – þeim bletti heimsins, þar sem fólk úr nánast öllum hornum heimsins heldur úti veitingahúsum. Og hvers vegna ætli það sé ekki heldur nein norsk matstofa á Manhattan? – þótt þar sé að finna bæði danskan mat og sænskan – já, og bútanskan, tíbezkan og nepalskan, það er næstum sama hvað nefnt er. Langvinnar innflutningshömlur á búvörumarkaði hér heima og í Noregi langt umfram önnur Evrópulönd hafa haldið matargerðinni bæði hér og í Noregi í þvílíkum viðjum, að það er varla viðskiptagrundvöllur undir íslenzkum veitingarekstri eða norskum í öðrum löndum; matstofan góða Reykjavík í Prag er undantekning. Hér höfum við kannski líka skýringuna á því, hvers vegna listi Jónasar Kristjánssonar veitingarýnis og ritstjóra yfir skástu veitingahúsin í Reykjavík er jafnrýr og raun ber vitni. Í tuttugu efstu sætum listans er að finna aðeins eitt veitingahús við Laugaveginn, sjálfa lífæð höfuðborgarinnar.

Þegar Finnar og Svíar gengu inn í Evrópusambandið fyrir ellefu árum, lækkaði matarverð í báðum löndunum til muna í krafti aukinnar samkeppni sunnan að úr álfunni. Kaupmáttur heimilanna jókst til muna fyrir vikið, og atvinnuleysi minnkaði. Íslendingar og Norðmenn geta átt von á sams konar búhnykk og meira til, ef þeir ganga einnig inn í sambandið. Við getum reiknað með stórfelldri lækkun matvælaverðs eins og Finnar og Svíar urðu aðnjótandi. Og við getum einnig átt von á því, að gæði matarins á borðum landsmanna aukist, og það mun lyfta lífskjörum þjóðarinnar enn hærra en verðlækkun matvæla ein sér myndi megna að gera. Meiri, fjölbreyttari, ódýrari og betri matur myndi blása nýju lífi í innlenda matargerð og búa til grundvöll undir gagnkvæma útrás íslenzkra matargerðarmanna á erlend mið. Vínið á borðum landsmanna verður þá einnig betra og ódýrara eins og önnur matvara. Einmitt þetta hefur gerst bæði í Finnlandi og Svíþjóð. Áfengis- og tóbaksverzlun Svía (Systembolaget) fékk að vísu að halda lífi eftir inngöngu þeirra í Evrópusambandið samkvæmt sérstöku samkomulagi, en einokun fyrirtækisins var afnumin. Sænskum veitingahúsum er nú frjálst að kaupa drykkjarföng af hverjum sem er. Það er mikil búbót handa gestum veitingahúsanna. Vínsölumálin hér heima, þar á meðal úrval og verðlagning víns á veitingahúsum, komast varla í heilbrigt horf, úr því sem komið er, nema við göngum inn í Evrópusambandið. Reynslan að utan varðar veginn.




Mest
lesna tímarit
landsins!
51% 18% *
Meðallestur á tbl. 20-50 ára
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
birta
* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## SÆLLEG INN Í SUMARIÐ

Sumardagurinn fyrsti nálgast. Tískuverslanir eru vel með á nótunum og bjóða sumarleg pils í löngum röðum.

TÍSKA 2

## SUMRINU HLEYPT INN

Þegar sumarið bankar upp á er betra að vera undirbúinn og sjá til þess að heimilið beri þess merki að ný árstíð sé að ganga í garð.

HEIMILI 8





## ALLT HITT

**[HEIMILI TÍSKA HEILSA]**

**Aðstandendur** geðfatlaðra og áhugafólk geta sótt námskeið um málefni geðfatlaðra. Tvö námskeið eru í boði dagana 19. til 22. apríl. Námskeiðin eru á vegum Rauða kross Íslands og haldin í samstarfi við Landlæknisembættið og Geðhjálp. Þátttaka í námskeiðunum er ókeypis og fer skráning fram hjá RKÍ.

**BYKO** hefur nú opnað vefverslun. Vefverslun BYKO er sú fyrsta sinnar tegundar á íslenska byggingarmarkaðnum og þar má finna fjölbreytt vöruúrval og góð tilboð. Varan er svo send heim að dyrum viðskiptavinarins. Í tilefni af opnun vefverslunnarinnar er skemmtilegur leikur í gangi þar sem hægt er að vinna risastórt gasgrill.



**Skyrtubúð Indriða** á Skólavörðustígnum kemur til með að loka innan skamms. Indriði klæðskeri ætlar sér til Kaupmannahafnar og opna verslun þar. Skyrtur Indriða verða þó enn seldar á Íslandi í vel völdum búðum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 13. apríl, 103. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.11 | 13.29 | 20.49 |
| Akureyri | 5.49 | 13.13 | 20.40 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sigurður Halldór Jesson er nær alltaf skyrtu við kennslu enda er snyrtimennskan í hávegum höfð hjá honum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Snyrtimennska í fyrirrúmi

***Kennarar hafa lengi haft orð á sér fyrir að vera nokkuð hallærislegir í fatavali. Nokkrir leggja þó metnað sinn í að vera snyrtilega til fara og er Sigurður Halldór Jesson einn þeirra.***

„Ég legg mikla áherslu á að vera snyrtilegur til fara þó ég sé ekkert með neina sýndarmennsku,“ segir Sigurður galvaskur en hann hefur alltaf lagt áherslu á snyrtimennsku eða allt frá því að hann hóf kennslu árið 1993. Sigurður segist helst ganga í fínum gallabuxum eða flauelsbuxum og nær eingöngu skyrtum. Oftast gengur Sigurður einnig með bindi.

Sigurður kennir í Vallaskóla á Selfossi og segist hann oft skamma samstarfsfélaga sína fyrir lélegan klæðaburð. „Þeir hafa verið að mæta í einhverjum pólóbolum, sem eru slitnir og svo framvegis. Átakið gengur hægt en dropinn holar steininn,“ útskýrir Sigurður með bros á vör.

Eins og áður segir klæðist Sigurður helst fínum gallabuxum og skyrtu. „Skyrtur skipta mestu máli en ég er mikill aðdáandi Dressman þó maður rati oft inn í aðrar verslanir.

Sigurður ætlar sér hins vegar ekki að gerast svo djarfur og byrja að klæðast jakkafötum dagsdaglega. „Meira að segja bankamenn eru farnir að snúa sér frá jakkaöftunum og byrjaðir að klæðast hversdaglegri fatnaði. Ég er hins vegar mjög hrifinnn af því að vera í snyrtilegum buxum og skyrtu við. En ég held að ég haldi mig bara við flauels- og gallabuxurnar, þær fara mér líka betur og maður verður líka að meta það,“ segir hinn glaðbeitti Sigurður að lokum.

*steinthor@frettabladid.is*

Bíll úr flokki A

Vika í Bretlandi

frá 16.000* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

*Verð miðað við gengi 1. mars 2006.

Bókaðu bílinn heima

- og fáðu 500 Vildarpunkta

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HER 31583 03/2006

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is

Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.




www.design.is @ 2006

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



Tíska er eitt form ljótleikans sem er svo óþolandi að við verðum að breyta honum á sex mánaða fresti.
-Oscar Wilde

VOR 2006
GLEÐILEGA PÁSKA
NÚ ER VORIÐ Á NÆSTA LEITI OG STUÐ Í DEBENHAMS. KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP HJÁ OKKUR UM HÁTÍÐARNAR.
MAINE NEW ENGLAND dömu- og herrafatnaður 30% AFSLÁTTUR
CASUAL CLUB dömufatnaður 30% AFSLÁTTUR
Allur náttfatnaður og inniskór fyrir dömur 30% AFSLÁTTUR
Allur náttfatnaður fyrir börn 30% AFSLÁTTUR
Allir maskarar 15% AFSLÁTTUR
AFGREIÐSLUTÍMI YFIR PÁSKANA: SKÍRDAGUR 13-18, LAUGARDAGUR 11-18.
Alltaf
Nýtt VISA-tímabil
DEBENHAMS
SMÁRALIND

# Sumarpilsin eru komin

***Hvað er sumarlegra en fallegt, stutt pils sem bylgjast í golunni. Mikið úrval er af skrautlegum pilsum í verslunum bæjarins.***

Sumar konur klæðast pilsum allan ársins hring en aðrar láta sér nægja að klæðast þeim þegar hlýna tekur í veðri. Þær sem tilheyra síðarnefnda hópnum ættu að geta drifið sig í búðirnar núna því úrvalið af sumarlegum pilsum er orðið mjög gott.

Enginn litur er sumarlegri en sá hvíti og hann verður einmitt sérstaklega vinsæll þetta árið. Austurlenskra áhrifa gætir einnig ásamt fagurlega útsaumuðum efnum og ýmiss konar munstrum. Allar konur ættu því að geta fundið sér pils við hæfi.



Whistles, 19.990 kr.



Whistles, 12.990 kr.



Noa Noa, 7.990 kr.



Centrum, 8.990 kr.



Vero Moda, 1.990 kr.



Noa noa, 6.790 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Noa Noa, 12.190 kr.

# Krem og plástrar fyrir fallegri húð

***Nýjungar frá L'oréal fyrir húðina.***

Perfect Slim Patch frá L'Oréal er hraðvirk og öflug lausn á appelsínuhúð og fitusöfnun. Gelplástrarnir eru notaðir tvisvar til þrisvar í viku og eru hafðir á húðinni á átta klukkustundir í senn og gott er að hafa þá á yfir nótt. Árangur er sýnilegur eftir þrjú skipti og eftir fjórar vikur má sjá verulegan mun á appelsínuhúð.

L'oréal Sculpt Up er stinnandi og mótar útlínur á maga og rassi. Kremið virkar vel á þá sem hafa misst mörg kíló á skömmum tíma og konur sem hafa nýlega eignast börn. Árangur sést eftir aðeins þriggja vikna notkun.





Perfect Slim Patch-gelplástrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA





Sculpt Up-krem fyrir maga og rass.





## Sumar á ströndinni

ILMURINN ESCADA PACIFIC PARADISE MINNIR Á SÓL OG SUMARYL.

Nýi sumarilmurinn frá Escada er innblásinn af sumarfríi á ströndinni. Ilmurinn er ávaxtakenndur og ferskur og kemur öllum í sumarskap.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Afríka, uppspretta tísku og lita

Frakkland hefur löngum átt í skringilegu sambandi við Afríkuríki, enda fyrrum nýlenduveldi og mörg frönsk fyrirtæki enn í viðskiptum þar á bæ. Þetta endurspeglar tískuheimurinn. Hugmyndir og innblástur eru sótt til Afríku en afrískir hönnuðir eiga ekki upp á pallborðið. Síðasta sumar voru fylgihlutir og skartgripir meira eða minna í afrískum stíl og eru enn. Síðustu árin hafa bæði Jean-Paul Gaultier og John Galliano sett upp heilu hátískusýningarnar sem hafa haft Afríku sem þema eða verið undir afrískum áhrifum. Og þó bæði Tom Ford og Stefano Pilati (kíkið á herratískuna á www.ysl.com) hafi notað Afríku í hönnun sinni fyrir tískuhús YSL þá notaði Yves Saint Laurent sjálfur Afríku á áttunda áratugnum í sinni hönnun og var reyndar fyrstur til að nota svartar fyrirsætur í hátískunni.

En allt er það nú gott og blessað að nota afrísk áhrif í hönnun. Það breytir því hins vegar ekki að það eru fjölmargir hönnuðir í þessari heimsálfu og gróska í tískunni sem ekki er auðvelt að koma á framfæri í tískuborgum eins og hér í París. Afríkutískan hefur þó aðeins opnað augu fólks fyrir tísku og hönnun sem er upprunnin í þessari heimsálfu sem er þekktar fyrir vesæld en velsæld, því síðustu misseri hefur safn eins og Centre Pompidou sett upp sýningar á afrískri samtímalist. Um þessar mundir stendur yfir sýning í einu af stóru magasínunum í París, Printemps Haussmann. Þar má sjá listmuni, ljósmyndir, innanhússkreytingar og tísku, og allt er þetta frá Afríku. Á sama tíma er sýnd hönnun tíu ungra hönnuða sem taka þátt í keppninni „L'Afrique est à la mode“ sem hefur getið af sér marga frambærilega hönnuði.

Víða í París má finna litla og frekar fátæklega afríkska veitingastaði en sá nýjasti skipar sér í hóp „hip“-staða í París. Það er veitingastaðurinn Moussa l´Africain sem verðlaunakokkur frá Kamerún, Alexandre Bella Olla, hefur nýlega opnað (Avenue Corentin-Cariou 25-27, í 19. hverfi, rétt hjá Cité des sciences). Ekki má heldur gleyma tónlistinni þar sem meira hefur borið á afrískum listamönnum síðustu ár eins og Amadou og Mariam, Farka Touré, og Konono n‘ 1 sem er einmitt á tónleikaferðalagi hér í landi.

Punkturinn yfir i-ið er svo hið nýja safn helgað frumstæðri list sem Jacques Chirac forseti hefur stutt og opnar á Quai Branly í júní og mun meðal annars skjóta skjólhúsi yfir afríska list. Kannski afrísk hönnun og listir muni eiga greiðari leið hingað til Parísar, vöggu tískunnar, á næstu árum.

Sýningin „Expressions africaines“ stendur til 13. maí í stórverslunni Printemps, www.printemps.fr

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr



Frá sýningu Vibskov á tískuvikunni í París fyrir stuttu þar sem hann sýndi haust- og vetrarlínu sína. NORDICPHOTOS/AP

# Fjölhæfur Vibskov

***Daninn Henrik Vibskov hefur vakið heilmikla athygli víða um heim fyrir skemmtilega fatahönnun og aðra listsköpun.***

Henrik Vibskov er frá Jótlandi en lærði í hinum virta listaskóla Central Saint Martins College of art and design í London. Vibskov hefur helst vakið athygli fyrir frumlega og karlmannlega fatahönnun en hefur einnig unnið til verðlauna fyrir kvikmyndagerð auk þess sem tónlist Vibskovs þykir einkar áhugaverð. Hönnun hans er nokkuð götuleg en hefur þó fágað yfirbragð.

Fyrir stuttu sýndi Vibskov hönnun sína á tískuvikum í London og í París og hlaut mikið lof fyrir. Eftir sýningarnar hefur Vibskov meðal annars fengið mikla og góða umfjöllun í frægum hönnunar- og tískublöðum á borð við I-D, The Face, Dazed and Confused, Wallpaper og Vogue.

Til gamans má geta að á heimasíðu Vibskov, henrikvibskov.com, kemur fram að fatalína hans fáist aðeins í nokkrum sérvöldum og vel þekktum tískuvöruverslunum á borð við Colette í París, Pineal Ear í London, Mads Nørgaard í Kaupmannahöfn, Midwest í Tókýó og síðast en ekki síst í Kron í Reykjavík.

steinthor@frettabladid.is





- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

Einnig sjampó, hárnæring o.fl.

*Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana*

DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ



Íslensk hönnun

HÚFUR SEM HLÆJA

Laugavegi 70
www.hsh.efh.is

HUGO BOSS • BLACKY DRESS
JEAN PAUL • PBO • KAPALUA
OUI • DAMO • BRAX



VANDAÐUR FATNAÐUR FYRIR VANDAÐAR KONUR

STÍLL

Laugavegi 58 • Sími 551 4884 • stillverslun.is

AFMÆLISHÁTÍÐ

OPIÐ í dag og laugardag frá kl. 11-17

17 ára

Pétur Pókus töframaður gefur börnum gjafir í dag milli kl. 13 og 15 eða þar til birgðir klárast.

KOLAPORTIÐ

# Danskur draumafatnaður

***Verslunin Anas í Hafnarfirði selur vandaðan og þægilegan kvenfatnað fyrir allan aldur.***

Anas hefur verið ein af skrautfjöðrum verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar í tæp sjö ár. Vörurnar sem hún selur eru að mestu frá tveimur dönskum framleiðendum, C´arla og Créton. Þetta eru föt sem henta bæði til spari- og daglegra nota, í veislurnar, vinnuna og ferðalögin. Yfirbragð þeirra er stílhreint og flott og efnin eru vönduð.



Jakki úr polyester og bómull frá C'arla. Verð 15.600

Bómullartoppur með dýramyndum frá C'arla. Verð 4.500

Buxur úr polyester og bómull frá C'arla. Verð 11.900



Fóðraður blágrænn kjóll með gylltum þráðum og perlubandi frá Créton. Verð 15.900



Fóðraður toppur frá C'arla. Verð 9.500

Gallajakki frá Créton. Verð 16.800

Rósóttur silkikjóll með breiðum hlýrum frá Créton. Verð 15.800

Gyllt pils úr hör og bómull með vösum í bak og fyrir frá C'arla. Verð 13.600















# Töskuumhirða

*Nokkur góð ráð til að halda leðurveskinu sínu sem nýju.*

Til þess að leðurveskið haldi formi sínu er mjög sniðugt að setja í það bréf eða plastpoka svo það leggist ekki saman á meðan ekki er verið að nota þær. Leðurtöskur eiga það líka til að festast við hvor aðra. Svo það eigi sér ekki stað er snjallræði að setja hverja fyrir sig inn í koddaver og geyma þannig.

Eigi að hressa upp á harðar og glansandi leðurtöskur er nóg að úða smá glerhreinsiefni á þær og strjúka af með pappírsþurrku.

Naglalakkahreinsir dugar vel til að hreinsa málmfestingar á veskjunum.

Við og við ætti líka að strjúka af veskjunum með rökum klút og mildri sápu svo að þær skemmist ekki undan óhreinindunum.



Konur eiga oft mörg veski. Hugsa þarf vel um þau á milli þess sem þau eru notuð.

# Sumarlegar snyrtivörur

*Vorlitalínan 2006 frá Helena Rubinstein er komin í verslanir.*

Fágun og glæsileiki eru ráðandi í vorlitalínunni frá Helenu Rubinstein sem gefur hverri konu útlit kvikmyndastjörnu. Línan inniheldur meðal annars Icy Eyes augnskugga sem eru blautir augnskuggar með perluáferð, Stellars Gloss sem eru glitrandi gloss fyrir glamúrgellur, Full Kiss varagloss sem gera varirnar fallegar og kyssilegar og Lip Pencil varablýant fyrir fullkomnar varir.




Full kiss 22 Drama Queen er rauðbrúnt gloss sem gleður augað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Lip Pencil 21 X-Factor: tone-on-tone brown gerir útlínur varanna einstakar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Stellars Gloss 61 Diva er fallega kirsuberjableikt varagloss fyrir sannar dívur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Icy Eyes 08 Peach Satin er einstaklega sumarlegur ferskjulitaður augnskuggi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ferskur sumarblær

*Aroma Sun frá Lancome angar af sumri og sól.*

Aroma Sun Lait Corps Stimulant er létt og fersk rakagefandi húðmjólk með E-vítamíni. Ilmurinn minnir á sumarið og er af sikileyskri mandarínu, greipaldini, kókoshnetublómi, hvítri ferskju, sandalviði og kasmírviði. Aroma Sun nærir líkama og sál.



Aroma Sun Lait Corps Stimulant. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Ekkert blað?
Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Fíton/SÍA



ALLT FYRIR HEILSUNA

**ALLT** er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is**. Ef þú ert að breyta um lífsstíl er gott að hafa **ALLT** við höndina því þar finnur þú **ALLT** sem þú þarft til að öðlast hraustan líkama og heilbrigt útlit. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til allra landsmanna. **Þú finnur ALLT á visir.is!**

vísir NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT allt



**Kattahár** á gólf og húsgögnum eru afar hvimleið. Mataræði kattarins skiptir miklu máli í sambandi við hárlosið. Athugaðu í næstu gæludýrabúð hvort ekki sé til fæði sem spornar við þessum vanda.












# Páskar, páskar alls staðar

***Það hefur víst ekki farið framhjá neinum að páskahelgin er komin og nú skal skreytt með gulu.***

Gulur hefur löngum verið litur páskahátíðarinnar og margir skreyta heimili sín með fallegum páskaskreytingum, bæði til að fagna hátíðinni og til að fagna komandi sumri.

Tískulitir í páskaskreytingunum í ár eru örlítið út í grænt og límónulit. Greinarnar góðu og páskaliljurnar skipa alltaf fastan sess í páskaskreytingum og greinarnar gjarnan skreyttar með fallegum eggjum í margs konar litum.

Gaman er að kíkja inn í eina blómabúð og kaupa fallega skreytingu áður en haldið er í páskaboð til góðra vina eða til að lífga upp á tilveruna innan veggja eigin heimilis.


Blómið Grensásvegi.


Dalía Fákafeni.


Dalía Fákafeni.


Blómið Grensásvegi.


Blómið Grensásvegi.


Dalía Fákafeni.


Dalía Fákafeni.


Dalía Fákafeni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Blómið Grensásvegi.


Blómið Grensásvegi.


Dalía Fákafeni.






## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Það er ekki að spyrja að því, vorið er komið!

Íslenska vorið er fremur birta en ylur. Þótt hryssingur sé í lofti, þá er bjart yfir að líta og dagurinn teygir sig æ nær miðnættinu. Gróðurinn er farinn að bæra á sér þótt enn séu nokkrar vikur í að honum sé óhætt að breiða blöð sín upp í íslenska sumarið. En samt grillir nú í nokkra ofurhuga sem láta hraglandann lítið á sig fá, heldur halda sínu striki og breiða út blóm sín móti hækkandi sól, hvað svo sem gengur á í veröld vorveðranna. Í þessum hópi eru margir lyklar eins og þær tegundir sem tilheyra maríulykilsættkvíslinni, Primula, eru nefndar. Hér verður þó ekki fjallað um þá ættkvísl í heild, heldur bara greint frá einni tegund, eða öllu heldur tegundablendingi, vorlyklinum.

### Framvarðarsveit

Ættkvíslarheitið Primula er úr latínu og vísar til þess að þær séu í forystu á blómaengjunum á vorin. Hið latneska tegundarheiti þessarar tilbúnu tegundar var henni gefið til að heiðra minningu ítalans Muzio Giuseppe Spirito de Tommasini (1794-1879), sem var grasafræðingur og kennari í Trieste. Hann skoðaði, skilgreindi og skrifaði mikið um flóru Dalmatíufjalla á sinni tíð. Í íslensku flórunni eiga lyklarnir einn fulltrúa, maríulykilinn, dáfagra smájurt með dýrðlega bláum smáblómum, sem vex á mjög afmörkuðum svæðum á deigum sandflesjum í botni Eyjafjarðar og mun eiga í vök að verjast fyrir þeirri framkvæmdagleði sem einkennir íslenskt nútímaþjóðfélag.

### Hrærigrautur litninganna

Vorlykillinn (Primula x tommasinii) er öllum kærkominn þegar hann birtist á blómamarkaðinum upp úr miðjum mars og sölutímabilið varir venjulega fram í maí. Uppruna hans má rekja til nokkurra garðyrkjumanna sem höfðu áhuga á að sjá plöntur sem sameinuðu í einum líkama ýmsa eiginleika sem þeir dáðust að í nokkrum mismunadi, en náskyldum, tegundum sem höfðu verið í ræktun í evrópskum görðum um aldaraðir. Þessar tegundir voru huldulykill, laufeyjarlykill og sifjarlykill, sem hver um sig eiga til mikinn fjölbreytileika og vítt útbreiðslusvæði, allt frá Vestur-Evrópu og austur að Kaspíahafi. Reyndar koma litningar úr nokkrum öðrum tegundum líka við sögu. Þessi hrærigrautur litninganna er flóknari en hægt er að gera grein fyrir hér. En árangurinn varð góður, því fáar vorjurtir bjóða upp á jafn mikinn fjölbreytileika í litum. Litirnir spanna allan glaða litaskalann, þ.e. hvítt, rautt, bleikt, blátt og gult. Vorlyklar eru ekki eiginlegar stofujurtir, heldur getur hver planta staðið til skrauts í viku eða svo inni í eldhúsglugga eða sólskála þar sem best er að endurnýja þær með nýjum plöntum viku til hálfsmánaðarlega meðan tímabilið varir.

### Framhaldslíf í garðinum

En notagildið er samt ekki síst fólgið í því að plönturnar eru það harðgerðar að þær geta staðið utandyra og þola vægt frost, eða allt niður í fimm mínusgráður meðan þær eru í blóma. Ef lítur út fyrir harðara frostáhlaup má auðveldlega kippa þeim inn meðan það gengur yfir. Utandyra er blómgunartíminn að sjálfsögðu mun lengri en innandyra. Best fer á að kaupa svo sem fimm eða sjö plöntur í einu og planta þeim þétt saman í hæfilega vítt ílát þannig að þær myndi góðan brúsk eða breiðu. Plönturnar þola alveg hnjaskið sem fylgir því. Svo þarf að halda moldinni rakri. Þegar blómgun lýkur má gróðursetja plönturnar í beð einhvers staðar í garðinum, þá blómgast þær oftast aftur þegar líða fer á sumarið. Stundum lifa þær líka af veturinn í garðinum og blómgast þá á vorin. Bestar líkur eru á því, ef vorlykillinn er gróðursettur í jafnraka, frjóa, kalkríka mold þar sem engin hætta er á að vatn geti safnast fyrir.



# Magnaða moppuskaftið moppar allt

***Hvar væri mannkynið statt ef enginn hefði fyrir því að finna upp á sniðugum hlutum? Nú er hægt að fá moppuskaft sem frelsar skúrarann frá því að nota skúringarfötu.***

Á hreinsiáhaldamarkaðnum fjölskrúðuga má finna moppuskaft sem kallast hvorki meira né minna en Magnaða moppuskaftið. Og ekki er farið offari í nafngiftinni því moppuskaftið er sérlega magnað.

Skaftið er gert úr lauflléttu áli en í stað skúringarfötu er sápuvatninu hellt ofan í skaftið. Skaftið rúmar 450 millilítra sem er um það bil það magn sem þarf til að þrífa 100 fermetra. Efst á skaftinu er hnappur og þegar þrýst er á hann sprautast sápuvatnið jafnt út framan við moppuna. Moppan er út örtrefjum og nær vel inn í öll horn, vinnur vel á óhreinindum og gólfið er þar að auki fljótt að þorna.



Sá sem á Magnaða moppuskaftið gæti þess vegna hent skúringafötunni.

Skaftið er 150 sentimetra langt og moppan sem fylgir með er um 45 sentimetra breið. Moppan liggur þétt á gólfinu og má nota hana á öll skúranleg gólf.

Magnaða moppuskaftið má fá í netverslun Dagga, www.daggir.is, en þar er moppan á sérstöku tilboðsverði þessa dagana. Upplýsingar um söluaðila, sem eru víða um land, má fá hjá Döggum.



Með því að ýta á hnapp efst á skaftinu sprautast vatn út og fram fyrir moppuna.



Sápuvatninu er hellt í skaftið sem tekur 450 millilítra.


## Listmunauppboð

Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð.

**Fyrir viðskiptavini leitum við að verkum eftir:**

Þórarin B. Þorláksson
Jón Stefánsson
Ásgrím Jónsson
Jóhannes S. Kjarval
Kristínu Jónsdóttur
Gunnlaug Scheving
Gunnlaug Blöndal
Nínu Tryggvadóttur
Þorvald Skúlason
Louisu Matthíasdóttur
Jóhann Briem
Kristján Davíðsson

**Ennfremur eftir næfistana:**

Sæmund Valdimarsson
Sölva Helgason
Sigurlaugu Jónasdóttur

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, s. 551 0400
Kringlunni, s. 568 0400
www.myndlist.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Hlýleg húsgögn og gjafavörur!














**Langar þig að hafa sumarbústaðinn öðruvísi, hlýlegan og fallegan?**

Líttu þá við hjá okkur í Mörkinni 3, því við erum með gífurlegt úrval af fallegum húsgögnum, mottum, speglum, bútasaumsteppum, gjafavörum og margt fleira.

Semsagt flest allt fyrir hlýleg sumarhús og notaleg heimili!

Verslunin er opin mán-fös frá 10-18
Laugardaga frá 11-15
lokað laugardaginn 15. apíl.

VIRKA Húsgögn
Mörkin 3, sími 568 7470
www.virka.is

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga















Ikea. Hristari og tilheyrandi tól. Það er jú nauðsynlegt að geta hrist almennilega kokteila meðan kolin hitna á grillinu.

Svo er nauðsynlegt að eiga nokkrar töff flöskur til að geyma svaladrykki í. Húsgagnahöllin.

# Sumrinu boðið inn

***Þegar sumarið bankar upp á er betra að vera undirbúinn og sjá til þess að heimilið beri þess svip að ný árstíð sé að ganga í garð.***

Sumrin eru vissulega í styttra lagi hér á landi og því ekki úr vegi að vera vel undirbúinn þegar það gengur í garð. Með því að pakka niður dóti og glingri sem tengist vetri og draga fram diska, skálar, könnur, dúka, gardínur og annað í sumarlitum finnur við betur fyrir þessari dásamlegu árstíð.

Víða má fá margs kyns hluti sem hreinlega kalla á sumarskapið, en þeir sem eru með ögn settlegri smekk geta líka keypt fallegar skálar sem sóma sér vel á borði fullar af litsterkum og ferskum ávöxtum. Gaman er að eiga sumarlega diska og bolla og jafnvel flöskur sem fylla má af svalandi legi á heitum sumardegi.



Falleg drykkjarkanna úr Húsgagnahöllinni.



Fallegur vasi úr Húsgagnahöllinni. Í vasanum má geyma lime, sítrónur eða aðra ávexti.



Litríkir diskar og bollar úr Ikea.



Húsgagnahöllin. Til að fá enn meiri sumarstemmningu má velja flöskurnar í skemmtilegum litum.



Falleg skál úr Ikea fyrir sumarávextina.



Ikea. Sumarmaturinn smakkast betur á diski í sumarlit.



Húsgagnahöllin. Falleg skál fyrir sumarlega hluti.



Húsgagnahöllin. Falleg jarðarberjakanna sem lífgar upp á matarborðið að sumri til.

# Amerískir gluggahlerar

***Í versluninni Amerískir gluggahlerar er hægt að fá Pinecrest-gluggahlera.***

Hlerarnir fást í mörgum útfærslum og litum og henta bæði í glugga og hurðir, skilrúm og fyrir skápa. Upprunalega eru þeir frá suðurríkjum Bandaríkjanna en eru nú notaðir um heim allan. Þeir skiptast í einingar sem hægt er að stilla hverja fyrir sig og stjórna þannig auðveldlega birtu og gegnsæi.

Pinecrest er einn fremsti framleiðandi gluggahlera í Bandaríkjunum og á að baki yfir 50 ára sögu. Við framleiðsluna er eingöngu notaður fyrsta flokks viður og með góðri meðferð endast hlerarnir árum saman.

Sala á hlerunum fer þannig fram að haft er samband við starfsfólk Amerískra gluggahlera. Þeir senda svo mann á staðinn til að taka út glugga, mæla með efnum og litum og gera verðtilboð. Hlerarnir eru ekki ódýrir enda um vandaða vöru að ræða.

Nánari upplýsingar er að finna á www.gluggahlerar.is.



Gluggahlerar fást í mörgum útfærslum og litum

# Óhreinindin að utan

***Ótrúlegt er hversu mikil óhreindindi geta safnast fyrir á stuttum tíma inni í húsum og það sem er enn ótrúlegra er að 95 prósent þeirra koma að utan.***

Þetta er endalaus hringrás þrifa, að þrífa, fara út, koma inn með drullu, skíta út og þrífa enn og aftur. Það er samt margt sem hægt er að gera til að minnka umfang óhreininda sem berast inn.

Mikilvægt er að halda svæðinu fyrir utan húsið hreinu og snyrtilegu. Með því að sópa stétt og tröppur vel hreinsum við burtu sand, litla steina, mold og þess háttar. Ef sópað er reglulega kemur það í veg fyrir meiri þrif innandyra.



Góð ryksuga er áhrifaríkt vopn í baráttunni við óhreinindin.

Hafið mottu við innganginn. Góð dyramotta nær að klófesta um eitt kíló af drullu og auðvelt er að hreinsa þær. Það segir sig líka sjálft að það er ekki eins erfitt að hreinsa eina mottu eins og heila íbúð.



Þýsku eikarfjalirnar fara vel.

# Eikargólf á afslætti

***Harðviðarval á Krókhálsi selur eikarparket á 30 prósenta afslætti út þennan mánuð.***

„Þetta eru tvær tegundir af eikarparketi sem við bjóðum á afsláttarverði í apríl," segir Björn Matthíasson verslunarstjóri og lýsir þeim nánar. „Annars vegar eru það þýskir eikarplankar í fjalagólf með eilítið grófri áferð sem eru afar vinsæl núna. Hins vegar er það sem við köllum eik natur og er fjögurra stafa parket sem er hefðbundnara. Hvort tveggja er smellt og þarf því ekki límingar við." Þess má geta að þýsku eikarplankarnir eru á 6.490 krónur fermeterinn með fösun og eik natur er á 2.650 krónur.












**Bakteríurnar** á höndum þér eru að öllum líkindum mun fleiri en þær sem eru í klósettskálinni. Mundu það næst þegar þú gleymir að þvo þér um hendurnar.

# Heilsulind um páska

***Bláa lónið býður gestum upp á söngskemmtun með Snorra Idol-stjörnu, góða gönguferð og létta vatnsleikfimi um páska.***



Snorri Snorrason Idol-stjarna syngur í Bláa lóninu í dag, öllum gestum til heilsubótar.

Bláa lónið er opið alla páskahelgina frá kl. 10 til 20. Þar mun hin nýja Idol-stjarna Snorri Snorrason skemmta gestum í dag klukkan 14 og árita plaköt fyrir aðdáendur sína. Á annan í páskum verður efnt til spennandi gönguferðar með leiðsögumanni á vegum Bláa lónsins. Hún hefst klukkan 13 á bílastæði Heilsulindar og er áætlað að hún taki eina og hálfa klukkustund. Leitast verður við að bæði ferðin og fræðslan verði með þeim hætti að börn og fullorðnir hafi gagn og gaman af. Þátttakendur fara á eigin ábyrgð og ekkert gjald er tekið af þeim. Klukkan 15 á annan í páskum mun svo Birna Guðmundsdóttir, íþróttakennari bjóða gestum Heilsulindar upp á létta vatnsleikfimi og teygjur ofan í lóninu.














Anna Sigríður Ólafsdóttir næringarfræðingur mælir með því að fólk fari hægt í súkkulaðiát. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Allt er gott í hófi

***Á páskadag gleðja þúsundir súkkulaðieggja sælgætishungrað smáfólk. Það dylst engum að svo mikið súkkulaði getur ekki verið gott fyrir heilsuna. En er það svo slæmt?***

Anna Sigríður Ólafsdóttir er næringarfræðingur hjá Lýðheilsustöð. Hún er síður en svo á móti súkkulaðiáti, en bendir til þess að allt sé best í hófi. „Þetta snýst allt um magnið. Auðvitað viljum við lyfta okkur upp á hátíðisdögum en við verðum að passa okkur að borða ekki yfir okkur,“ segir Anna.

Anna hefur tekið saman nokkur ráð varðandi sælgætisát barna yfir páskana. Þau snúast að mestu um að gæta hófs og fara ekki fram úr sér.

- Hafið áhrif á páskaeggjainnkaupin – eitt egg er nóg.
- Ef margir eru vanir að gefa barninu egg er hægt að benda á aðrar páskagjafir eða uppákomur sem gleðja barnið.
- Byrjið daginn á góðum morgunmat með barninu – ekki fara beint í eggið.
- Barnið borðar minna af súkkulaðinu í einu ef það er búið að fá mat.
- Hafið, sem foreldrar, stjórn á neyslunni og komið í veg fyrir stöðugt nart. Dreifið neyslunni yfir helgina eða jafnvel á fleiri daga ef eggið er stórt.
- Barnið þarf að vera hæfilega svangt á matmálstímum.
- Venjið barnið á að bjóða öðrum að smakka – það er gaman að borða eggið með fjölskyldunni.

Anna mælir ekki með því að páskaegg komi í stað máltíða. Þó svo að um kvöldið sé fermingarveisla, þar sem vömbin verður kýld, má ekki svelta sig yfir daginn og borða einungis súkkulaði. Slíkt er ekki gott fyrir orkubúskapinn. „Það sem gerist ef fólk borðar mikið af sælgæti og skolar því niður með gosi er að blóðþrýstingurinn hækkar gífurlega. Við það fær fólk mikla orku en það er skammgóður vermir. Fljótlega fellur blóðsykurinn aftur því orka úr sælgæti stendur ekki með þér eins og sú sem kemur úr hollum mat,“ segir Anna.

Páskalambið er einnig ómissandi á hátíðarborð Íslendinga. Að sögn Önnu er hin hefðbundna eldun, ofnsteiking, ein besta eldunaðferðin því þá rennur fitan af lambinu. „Við erum vön að hugsa líka um heildarmyndina. Hafa þriðjun máltíðarinnar grænmeti og sjá um að meðlætið sé hollt,“ segir Anna að lokum.

tryggvi@frettabladid.is

# Skapandi fólk lifir fjölbreyttara kynlífi og á fleiri bólfélaga

***Nú hefur verið staðfest með rannsókn að skapandi fólk lifir fjölbreyttara kynlífi og á fleiri bólfélaga en þeir sem eru minna skapandi.***

Fram kemur í nýrri rannsókn frá háskólanum í Newcastle upon Tyne og Opna háskólanum í Bretlandi að því hugmyndaríkari sem einstaklingur er, þeim mun fleiri bólfélaga er hann líklegur til að hafa.

Í rannsókninni kemur fram að atvinnulistamenn og skáld hafa haft til að mynda tvöfalt fleiri bólfélaga en aðrir. Einnig var persónuleiki atvinnulistamanna og skálda rannsakaður og sýndu niðurstöðurnar að þeir hafa sum einkenni sameiginleg með sjúklingum sem eru veikir á geði.

Þetta er í fyrsta sinn sem tenging milli listhneigðar og mikillar kynhvatar er staðfest með rannsókn.

425 breskir menn og konur, þeirra á meðal listamenn, skáld og geðklofasjúklingar, voru skoðaðir í rannsókninni sem var birt í The Proceedings of the Royal Society. Þátttakendur svöruðu spurningalista þar sem spurt var út í sköpunargáfu þeirra, bæði í skáldskap og sjónrænni list. Einnig var spurt um geðræna sögu og kynlífið frá 18 ára aldri. Að auki voru þátttakendur látnir svara spurningum sem mátu hvort viðkomandi hefði einkenni geðklofa.

Niðurstöðurnar sýndu að meðaltal rekkjunauta atvinnulistamanna og skálda var á bilinu fjórir til tíu. Hjá minna skapandi einstaklingum voru bólfélagarnir að meðaltali þrír. Tölfræðin sýndi einnig að fjöldi rekkjunauta jókst samhliða aukinni sköpunargleði einstaklinga.

Aðstandendur rannsóknarinnar drógu þá ályktun að skapandi fólk væri oft talið meira aðlaðandi, byggi yfir meiri persónutöfrum og hrifi þannig fólk með sér. Lífsstíll listamanna leyfði þeim einnig að láta frekar undan kynhvötum sínum.

Frétt fengin af persona.is.



Nú er bara að taka upp pensilinn, mála einn vegg með listfengni og sjá hvort það hleypi lífi í ástarmálin. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 29. MAÍ

# FRAMÚRSKARANDI HÁSKÓLI

**Háskólinn í Reykjavík býður metnaðarfullt og spennandi nám með áherslu á hagnýt verkefni og sterk tengsl við atvinnulífið.**

**Hringdu og fáðu sent upplýsingaefni eða bókaðu tíma hjá námsráðgjafa í síma 599 6200.**
**Kíktu á www.ru.is**

**VIÐSKIPTAFRÆÐI**
**TÖLVUNARFRÆÐI**
**TÆKNIFRÆÐI**
**VERKFRÆÐI**
**IÐNFRÆÐI**
**LÖGFRÆÐI**
**STÆRÐFRÆÐI**
**ÍÞRÓTTAFRÆÐI**
**KENNSLUFRÆÐI**
**LÝÐHEILSUFRÆÐI**
**FRUMGREINASVIÐ**



13:30

HR SKÓLASTOFA Í OFANLEITI
15/01/2006
TÖLVUNARFRÆÐI

VERKEFNI:
„SUPERHUMANOIDS"

Ég og Guðný Ragna Jónsdóttir meistaranemi í Tölvunarfræði erum hér að ræða við sýndarvélmennið S1. S1 er hluti af „Superhumanoids"-verkefninu, en það er þriggja ára rannsóknarverkefni sem hópur nemenda vinnur að undir leiðsögn Dr. Kristins R. Þórissonar gervigreindarsérfræðings. Markmið verkefnisins er margþætt, meðal annars að gera vélmennum kleift að skynja fólk og umhverfi og gera þau samræðuhæf. Guðný er að þróa rödd fyrir S1 en þá getur hann sagt sögur og svarað spurningum fólks varðandi söguefnið.

Sigurður Ingvar Ámundason, 3. ári í tölvunarfræði.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is

# Orkuveita Reykjavíkur á hálum ís

UMRÆÐAN
ORKUVEITAN



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Fréttir hafa birst í fjölmiðlum um að samningaviðræður séu í gangi um það að Orkuveita Reykjavíkur kaupi grunnnet Símans. Þetta kemur mjög á óvart af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi var því lýst yfir af hálfu stjórnvalda, þegar Síminn var seldur til einkaaðila, að ekki væri unnt að kljúfa grunnnetið frá Símanum. Það yrði að fylgja með við söluna. Margir þingmenn vildu, að grunnnetið yrði ekki selt, heldur héldist það áfram í eigu ríkisins til þess að tryggja öryggi í fjarskiptum úti á landi.

En ríkisstjórnin virðist hafa beitt blekkingum í þessu máli. Hún hélt því fram, að ekki væri unnt að kljúfa grunnnetið frá Símanum. Nú er komið í ljós að það er unnt. Í öðru lagi er það ekki verkefni Orkuveitu Reykjavíkur að reka grunnnet Símans.

Ef Orkuveitan hefur það mikla peninga, að hún geti keypt grunnnet Símans væri henni nær að nota eitthvað af þeim fjármunum til þess að lækka orkureikninga Reykvíkinga. Satt að segja eru fjárfestingar Orkuveitunnar úti um land komnar út fyrir eðlileg mörk og nauðsynlegt að staldrað verði við og athugað hvert Orkuveitan eigi að stefna. Verkefni hennar eru að sjálfsögðu fyrst og fremst hér í Reykjavík. Orkuveitan getur að sjálfsögðu gert samninga við nágrannasveitarfélögin um sölu á orku til þeirra en ég set spurningarmerki við það, að Orkuveitan sé að fjárfesta og gera samninga á fjarlægum slóðum.

Orkuöflun á Hellisheiði eðlileg.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# Borgarmál í víðara samhengi

UMRÆÐAN
BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR



ÆGIR MAGNÚSSON

Baráttan um borgina er hafin. Sú barátta og niðurstaða kosninganna skipta miklu máli fyrir borgarbúa. Bæði íhaldið og Framsókn hafa kynnt áhersluatriði sín. Stórsókn í málefnum aldraðra og þjóðvegaframkvæmdum. Báðir þessir málaflokkar hvíla að mestu leyti á herðum ríkisins með hjálp borgarinnar.

Svona loforðum verður að fylgja undirrituð yfirlýsing frá stjórnvöldum um að þau leggi fram fé, annars eru þau marklaus. Eða hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar hvíslað í eyra Vilhjálms og Björns Inga að peningarnir komi þegar þeir, réttir aðilar, þóknanlegir ríkisstjórninni verði komnir til valda í Reykjavík. Það vita allir sem vilja vita að íhaldið þráir að komast að kjötkötlunum í borginni til að geta tekið upp gömlu góðu skömmtunarstefnuna. Nóg af lóðum ef þú ert í Sjálfstæðisflokknum og vinur borgarstjórans. Þér verður kippt fram fyrir aðra á biðlistum ef þú ert í Sjálfstæðisflokknum og vinur borgarstjórans. Að stytta boðleiðirnar, eins og það er orðað.

Framkoma ríkisstjórnar Sjálfstæðis og Framsóknar í garð Reykvíkinga hefur verið til skammar. Í Sundabrautarmálinu var okkur borgarbúum stillt upp við vegg. Farin verður innri leið og þá fáið þið 8 milljarða, annars ekkert. Varðandi gatnamót Kringlumýrabrautar og Miklubrautar er svipað uppi á teningnum. Boðið var upp á ódýra gamaldags lausn sem er verri en ekkert. Öldrunarmál. Borgin hefur verið í fjársvelti af hálfu stjórnvalda. Ég sé enga ástæðu til að verðlauna þessa flokka með því að afhenda þeim borgina. Þetta breytist líka á næsta ári þegar ríkisstjórnin fellur og tekin verða upp faglegri vinnubrögð hvað varðar sameiginleg mál ríkis og sveitarfélaga.

Mig langar ofurlítið að minnast á Íraksmálið. Já, en hvað kemur það borgarmálum við má spyrja. Því er til að svara að ekki er hægt að aðskilja Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkinn í Reykjavík frá ríkisstjórnarflokkunum sem settu okkur á lista hinna viljugu og gerðu okkur Íslendinga, og þar með Reykvíkinga, aðila að stríðsrekstrinum í Írak. Það er því kaldhæðnislegt og beinlínis óvirðing við borgarbúa þegar Gísli Marteinn Baldurson talar um að Samfylkingin sé að fara í stríð. Honum væri nær að beina orðum sínum til flokksbræðra sinna í ríkisstjórn. Það er ekki nóg að hafa hátt ef tónninn er falskur.

*Höfundur er sérkennari.*

# *Mansal á HM 2006*

UMRÆÐAN
JÚLÍA BJÖRNSDÓTTIR SKRIFAR UM MANSAL

Soroptimistasamband Íslands vill vekja athygli á því að í tengslum við Heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu sem verður 9. júní til 9. júlí 2006 mun fara fram stórfellt mansal.

Heimsmeistarakeppnin mun verða haldin í tólf borgum Þýskalands. Búist er við að fjöldi knattspyrnuáhugamanna sem þangað koma verði u.þ.b. þrjár milljónir, aðallega karlmenn.

Áætlað er að um 40 þúsund konur verði fluttar til Þýskalands frá mið- og austur Evrópu til þess að þjóna þessum karlmönnum kynferðislega og er sá fjöldi hrein viðbót við þann fjölda vændiskvenna sem fyrir er í landinu.

Í Þýskalandi var vændi lögleitt árið 2002. Samt sem áður er ekki gert ráð fyrir að sá vændisiðnaður sem fyrir er í landinu muni ná að þjóna þeim fjölda sem kemur á HM.

Einn þáttur í undirbúningi fyrir þessa knattspyrnuleika er að verið er að koma upp nýjum vændishúsahverfum til þess að bjóða aukna þjónustu.

Sem dæmi þá er verið að byggja stórt vændishús í Berlín sem er nálægt aðalleikvangi keppninnar og mun þar verða hægt að taka á móti um 650 viðskiptavinum í einu.

Þetta virðist vera lítið annað en þrælasala. Verið er að notfæra sér eymd og fátækt fólks sem lætur glepjast af glæstum störfum í fjarlægu landi og skjótfengnum gróða. Líkami kvenna er notaður sem söluvara líkt og hver annar neysluvarningur.

Heiðarlegt fólk ætti ekki að taka þátt í þess konar viðskiptum. Heiðarlegt fólk ber virðingu fyrir öllu mannlegu, líkama og sál. Þessi viðskipti skilja aðeins eftir sig eymd og niðurlægingu og verið er að fótumtroða mannréttindi.

Það er niðurlægjandi fyrir íþróttahreyfinguna að bendla Heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu við slíkt mansal.

Soroptimistasambönd allra Norðurlandanna hafa vakið athygli á þessu máli ásamt UNIFEM og m.a. hefur verið skorað á knattspyrnulandslið Svíþjóðar að fara ekki á HM í sumar til þess að mótmæla þessu aukna vændi.

Látum andúð okkar í ljós á þessu háttalagi.

*Höfundur er verkefnastjóri hjá Soroptimistasambandi Íslands. Soroptimistar láta sig varða m.a. mannréttindi og stöðu kvenna í*

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Tilkynning um áætlun þessa birtist í Lögbirtingablaðinu 27.. mars 2006.

**THE HIGH COURT OF JUSTICE**
**(HÆSTIRÉTTUR STÓRA-BRETLANDS)**
**CHANCERY DIVISION**
**FYRIRTÆKJASVIÐ**
**NR 2361 frá 2006**

**Í MÁLI**
**GE FRANKONA REINSURANCE LIMITED**
**og**
**Í MÁLI**
**SWISS REINSURANCE COMPANY UK LIMITED**
**og**
**VARÐANDI**
**THE FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000**
**(LÖG UM FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU OG MARKAÐI FRÁ 2000)**

HÉR MEÐ TILKYNNIST að GE Frankona Reinsurance Limited („GE Reinsurance“) og Swiss Reinsurance Company UK Limited („Swiss Re UK“) lögðu mál fyrir hæstarétt Englands og Wales („umsóknin“) skv. VII. hluta laga um fjármálaþjónustu og markaði frá 2000 („FMSA“) til að fá úrskurð:

(1) samkvæmt 111. kafla laga um fjármálaþjónustu og markaði frá 2000 („FMSA“) þar sem samþykkt er áætlun („áætlunin“) um flutning til Swiss Re UK á öllum vátryggingum og endurtryggingum hjá GE Reinsurance („flutningur viðskipta“);
(2) samkvæmt 112. kafla laga um fjármálaþjónustu og markaði frá 2000 („FMSA“)

Afrit af skýrslunni („skýrslunni“), sem samið hefur sérfræðingur, David Slater hjá Watson Wyatt Limited, félagi í samtökum [breskra] tryggingafræðinga, skv. 109, kafla laga um fjármálaþjónustu og markaði frá 2000 („FMSA“) um áhrif áætlunarinnar á vátryggingartaka hjá GE Reinsurance og Swiss Re UK, og afrit af yfirlýsingu þar sem fram kemur útdráttur úr skilmálum áætlunarinnar og skýrslunnar („útdrátturinn“) verður til reiðu ókeypis hverjum þeim sem óskar eftir að fá slík afrit frá útgáfudegi þessarar tilkynningar til þess dags þegar áætlunin verður tekin fyrir í dómstóli, með því að hafa samband við GE Reinsurance í síma +44 20 7933 4680 eða með því að skrifa bréf stílað á Regis House, 45 King William Street, London EC4R 9AN [Stóra-Bretlandi] (sem berast skal flutningsnefnd) eða til Swiss Re UK í síma +44 20 7933 4680 eða með bréfi stíluðu á 30 St Mary Axe, London EC3A 8EP [Stóra-Bretlandi] (sem berast skal flutningsnefnd). Afrit af fullunninni skýrslu og útdrátt úr henni má lesa á www.geinsurancesolutions.com eða www.swissre.com/geispartvii.

Allar kröfur varðandi flutningsviðskiptin, sem nú eru til meðferðar af hálfu eða fyrir hönd GE Insurance, munu, að loknum fyrirhuguðum flutningi, vera í höndum eða fyrir hönd Swiss Re UK. Þær kröfur sem koma upp í framtíðinni í tengslum við vátryggingar og endurtryggingar þær sem flutningsviðskiptin snúast um, verður unnin af hálfu eða fyrir hönd Swiss Re UK. Fyrirhuguðum flutningi er ætlað að tryggja áframhaldandi hvers konar máleferli af hálfu eða fyrir hönd Swiss Re UK sem nú standa yfir af hálfu eða gegn GE Reinsurance sem tengjast réttindum og skyldum varðandi flutningsviðskiptin.

Umsóknin snýst um það að hún verði tekin fyrir hjá dómara Chancery Division hins konunglega hæstaréttar (Royal Courts of Justice), the Strand, London WC2A 2LI [Stóra-Bretlandi] hinn 22. júní 2006, eða því sem næst, þannig að sérhver maður, þ.m.t. sérhverjum starfsmanni Swiss Re UK eða starfmanni, sem tekur þátt í flutningsviðskiptunum og telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna framkvæmdar áætlunarinnar, er heimilt að koma fyrir dómstólinn í eigin persónu, þegar málið verður dómtekið, eða að öðrum kosti lögmaður hans og/eða með skriflegum mótmælum. Sérhverri persónu, sem hyggst koma þannig fyrir réttinn, svo og sérhverjum vátryggingartaka hjá GE Reinsurance eða Swiss Re UK, sem er ekki sáttur við ákvæði áætlunarinnar, en hyggst ekki koma fyrir dóminn, ber að tilkynna skriflega tveim heilum dögum fyrir dagsetningu dómtöku um fyrirætlan sína eða mótmæli, svo og ástæður sínar fyrir henni, til þeirra lögmanna sem tilgreindir eru hér að neðan.

Dagsett hinn 13. apríl 2006

Clifford Chance Limited Liability Partnership of 10 Upper Bank Street, London E14 5JJ [Stóra-Bretlandi], lögmenn GE Frankona Reinsurance Limited
Tilvísunarnúmer: AAE/TACP/70-40003979

Herbert Smith Limited Liability Partnership of Exchange House, Primrose Street, London EC2A 2HS, [Stóra-Bretlandi],
lögmenn Swiss Reinsurance Company UK Limited
Tilvísunarnúmer: 3816/2067/30859538

SMYRIL LINE

# gerir fríið skemmtilegra






## Færeyjar

Þórshöfn er minnsta höfuðborg í Evrópu. Á eyjunum sem eru 18 býr ein minnsta þjóð í heimi, um 47.000 manns. Frá Þórshöfn eru góðar samgöngur til allra eyjanna, sem bjóða hvern og einn velkominn sem vill kynnast þessum litla heimi. Alls staðar blasa við andstæður náttúrunnar, ógnandi og mildar í senn. Hrikaleg fjöll, djúp gil og grasi gróin svæði í sjó fram mynda töfrandi baksvið með hafið allt um kring.



Lesið meira um Færeyjar á www.tourist.fo/www.faroeislands.com

## Hjaltlandseyjar

Í landslagi Hjaltlandseyja skiptast á stórfenglegir klettar, langar sandstrendur og fallegar heiðar. Hjaltland er þekkt fyrir fuglabyggðir, fornleifafjársjóði og heillandi menningararf. Meðal annars má finna, fjölda golfvalla í stórbrotnu umhverfi, tónlistarviðburði, hátíðir, söfn og gallerí, kastala og rústir, tómstundasetur, sundlaugar, ásamt frábærum veitingastöðum og krám. Það er óþarfi að taka fram að héðan eru smáhestarnir "Shetland pony" upprunnir og eru ennþá meðal helstu tákna fyrir eyjarnar. Gistihús og B&B bjóða þig og þína fjölskyldu velkomna og hjálpa til við að gera fríið eftirminnilegt. Smakkið á reyktum silungi, eða heimsækið einhverjar af listmunagerðunum sem framleiða minjagripi fyrir eyjarnar. Lesið meira um Hjaltland á: www.visitshetland.com

## Danmörk

Það er yndislegt að aka um í Danmörku, ferðast meðfram ströndum eða keyra um falleg engi og skóga. Við vesturhafið er upplagt að fara á ströndina, eða ferðast um skógana á Sjálandi, heimsækja gamlar hallir og herragarða eða fara í einhverja af þeim fjölmörgu skemmtigörðum sem eru víða um Danmörku. Einfalt er að leigja sumarhús eða gista á frábærum tjaldsvæðum. Legoland, dýragarðar og allskyns skemmtigarðar eru staðsettir um allt land. Lesið meira um Danmörku á www.visitdenmark.com





## Noregur

Noregur vekur áhuga allra vegna stórfenglegs landslags og heillandi náttúrufegurðar. Þar eru fagrir og djúpir firðir, há fjöll, miklir skógar og vinalegir dalir með fossum og ám sem falla að lokum í vötn og til sjávar. Algengur ferðamáti þeirra sem leggja leið sína yfir hafið til meginlands Evrópu með Norrænu er til Danmerkur og heim frá Noregi.

### Færeyjar 17.200

Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í svefnpokaplássi
**Verð frá kr. 23.200** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Miðannatímabil)



### Danmörk 27.300

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka.
Gist í svefnpokaplássi.
**Verð frá kr. 35.100** á mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Miðannatímabil)



Barn stillir sér upp í Köben við hliðina á vaxmynd af hæsta manni heims



### Danmörk Noregur 23.600

Verð frá pr. mann miðað við 4ra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Gist í svefnpokaplássi.
**Verð frá kr. 32.400** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Gist í fjögurra m. klefa (inn). (Miðannatímabil)

### Noregur 21.700

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í svefnpokaplássi.
**Verð frá kr. 29.200** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Miðannatímabil)

### Hjaltlandseyjar 17.200

Verð frá pr. mann miðað við 4ra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í svefnpokaplássi.
**Verð frá kr. 23.200** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í fjögurra m. klefa (inn). (Miðannatímabil)

***Með því að nýta sér ferðaávísanir er hægt að fá enn meiri afslátt. Smyril Line tekur ferðaávísanir frá MasterCard og Eflingu sem greiðslu upp í ferðir.***

EFLING VISA

AUSTFAR

SMYRIL LINE

SMYRIL LINE ÍSLAND Norræna FERÐASKRIFSTOFAN

Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is

Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600
Fax: 552 9450 · www.smyril-line.is

BETRI STOFAN

# Ógnir og öryggi

UMRÆÐAN
ÖRYGGISMÁL



JÓN F. BJARTMARZ
YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

*Sé litið til undanfarinna níu ára hefur embætti ríkislögreglustjóra, undir forystu Haraldar Johannessen, ríkislögreglustjóra, markvisst unnið að eflingu lögreglunnar á landsvísu, aukinni samvinnu lögregluliðanna og samvinnu lögreglunnar við aðra viðbragðsaðila.*

Tilefni þessarar greinar er að gera nokkra grein fyrir þeim margvíslegu breytingum og framþróun sem átt hefur sér stað varðandi löggæslu-, öryggis- og björgunarmál þau tæplega níu ár sem embætti ríkislögreglustjóra hefur starfað, en samfelld þróun og jákvæðar breytingar hafa orðið á þessum sviðum á þessum tíma og margvíslegur árangur náðst.

Sé litið til undanfarinna níu ára hefur embætti ríkislögreglustjóra, undir forystu Haraldar Johannessen, ríkislögreglustjóra, markvisst unnið að eflingu lögreglunnar á landsvísu, aukinni samvinnu lögregluliðanna og samvinnu lögreglunnar við aðra viðbragðsaðila. Undir forrystu dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar, hefur sérsveit ríkislögreglustjóra verið stórefld en sveitin virkar dags daglega sem stoðdeild eða viðbótar hreyfanlegur liðsafli sem styrkir einstök lögreglulið og löggæsluna í landinu í heild. Dómsmálaráðherra hefur auk þess beitt sér fyrir eflingu lögreglunnar með endurskoðun á lögreglulögunum og fækkun lögregluembætta. Hefur þannig verið unnið skipulega að margvíslegri eflingu innanlands varðandi löggæslu, öryggis- og björgunarmál.

**Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra**

Fljótlega eftir að embætti ríkislögreglustjóra tók til starfa fól dómsmálaráðuneytið embættinu að huga að endurskoðun fjarskiptamála lögreglu. Eftir víðtækt samráð innan lögreglunnar og við Reykjavíkurborg vegna slökkviliðsins var það niðurstaða lögreglunnar að taka upp svokallað Tetra fjarskiptakerfi. Ekki náðist samstaða með öðrum ríkisfyrirtækjum um uppbygginguna á landsvísu og því var í byrjun einungis miðað við Suð-Vesturland. Samhliða fékk ríkislögreglustjóri í samvinnu við lögreglustjórana á svæðinu samþykki dómsmálaráðuneytisins fyrir því að sett yrði upp ein fjarskiptamiðstöð lögreglu fyrir þau sex lögreglulið sem tóku upp Tetra fjarskipti.

Reynslan hefur sýnt að hér var um mikið framfaraspor að ræða fyrir almenning og lögregluna. Umdæmamörk eða landamæri milli lögregluumdæma hurfu að miklu leiti. Mörk sem oft höfðu hamlandi áhrif á samstarf lögregluliðanna og beinlínis komu niður á þjónustunni við almenning.

Fjarskiptamiðstöð fékk með tilkomu Tetra fjarskiptakerfisins yfirsýn yfir staðsetningu lögreglubifreiða á tölvuskjá. Hún fékk umboð til þess að senda ávallt það ökutæki á staðinn sem næst var vettvangi þegar um neyðartilfelli var að ræða. Hliðaráhrif urðu þau að lögregluliðin fóru að vinna meira saman vegna þess að þau voru í sameiginlegum fjarskiptum. Jafnframt jókst samvinna við slökkvilið og sjúkralið á vettvangi vegna þess að aðilar gátu talast við um sameiginleg fjarskipti.

Hlutverk Fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra var síðan útvíkkað til alls landsins með setningu reglugerðar nr. 335/2005. Því miður nær Tetra fjarskiptakerfið ekki enn til alls landsins. Því njóta hinar dreifðu byggðir og fámennu lögreglulið ekki sömu þjónustu því samskipti þeirra fara fram um almenn símkerfi. Það er álit embættis ríkislögreglustjóra að samræmt landsdekkandi öryggis- og neyðarfjarskiptakerfi fyrir alla viðbragðsaðila og almannavarnir sé eitt af aðal öryggismálum þjóðarinnar. Vonir eru bundnar til þess að því verði komið á innan fárra ára.

**Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra**

Borgaralegar varnir lýðræðisríkja snúast um almannavernd. Vernd almennings fyrir því að verða fyrir alvarlegum skaða vegna stórslysa, náttúruhamfara eða aðgerða af mannavöldum svo sem hryðjuverkum. Borgaralegar varnir snúast um að koma í veg fyrir líkamstjón og eignartjón af slíkum völdum og að yfirvöld hafi til taks skipulag, þjálfað viðbragðslið og búnað til þess að bregðast við slíkum atburðum. Með lögum nr. 44/2003 voru Almannavarnir ríkisins lagðar niður og verkefni þess færð til ríkislögreglustjóra sem skyldi starfrækja sérstaka almannavarnardeild. Með því skrefi var ábyrgðin á samhæfingu almannavarnaaðgerða falin einni stofnun á landsvísu.



VÍKINGASVEITIN Tilefni stofnunar sérsveitarinnar var ærið, segir greinarhöfundur, og þörfin á að íslenska lögreglan hafi burði til að takast á við hin alvarlegustu tilfelli hefur aukist stöðugt.

**Samhæfingarstöðin**

Frá árinu 2000 hefur verið stöðug þróun til aukins samstarfs viðbragðsaðila í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð og úti á vettvangi. Komið hefur verið upp Samhæfingarstöð sem er landsstjórnstöð ríkislögreglustjóra og samstarfsaðila við almannavarnarástand og einnig landsstjórnstöð leitar og björgunar á landi, sjó og vegna flugs. Hún er rekin af ríkislögreglustjóra í samvinnu við aðra viðbragðsaðila og stofnanir sem sinna neyðarþjónustu á landsvísu.

**Nýjar ógnir og breyttar áherslur**

Frá lokum kalda stríðsins hafa orðið margvíslegar breytingar á almannavarnarskipulagi einstakra ríkja. Skipulag sem áður miðaðist við að vernda og aðstoða borgara vegna stríðsástands snýst í dag mest um að tryggja vernd almennings vegna náttúruhamfara og að takast á við afleiðingar slysa, náttúruhamfara og vegna ógnar af mannavöldum svo sem hryðjuverka. Íslendingar hafa sennilega verið með fyrstu þjóðum til þess að beita almannavarnarskipulagi til þess að glíma við afleiðingar náttúruhamfara en ekki eingöngu vegna stríðsástands. Á sama hátt erum við í dag í hópi þeirra þjóða sem lengst erum komnar varðandi skipulag björgunarmála og almannavarna.

Við höfum yfir að ráða stofnun þar sem Veðurstofan er, en hún sinnir eftirliti og viðvörunum vegna óveðurs, snjóflóða, jarðaskjálfta og eldgosa. Þá ber ríkislögreglustjórinn ábyrgð á almannavörnum á landsvísu og sama skipan er í hverju umdæmi þar sem lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna. Með því er ekki verið að gera lítið úr öðrum stofnunum og sjálfboðaliðasamtökum sem saman mynda almannavarnarkerfi landsins. Einungis er verið að benda á nauðsyn þess að fela einni stofnun að sinna formensku í samstarfinu og þá um leið bera ábyrgð á samhæfingu allra hlutaðeigandi.

**Greiningarvinna**

Það kann að hljóma ótrúlega að þegar áhætta er metin vegna stórslysa annars vegar og hryðjuverka hins vegar má í reynd notast við sömu aðferðarfræðina. Það eru hins vegar upplýsingarnar sem byggt er á sem eru öðruvísi.

Áhættustig er oft sett fram sem jafnan; áhætta = tíðni x afleiðing. Tíðnin felst í því hve oft atburður á sér stað eða hversu líklegt er að hann eigi sér stað. Afleiðing er hins vegar skaðinn, sem fylgir atburðinum. Hættumat og áhættugreining eru aðferðir til þess að gera skipulega grein fyrir þeirri vá sem fyrir hendi er. Skilgreina eðli hennar og hættusvæðið og meta vá fyrir líf og limi fólks og meta áhrif vár á eignir, atvinnulíf og aðra þætti mannlífs. Þær upplýsingar sem safnað er eru nýttar til að við gerð fyrirbyggjandi ráðstafana og eflingu skipulagðs viðbúnaðar.

Þegar metin er áhætta á hryðjuverkum annars vegar og hins vegar áhætta vegna náttúruhamfara þá er vissulega mismunandi hvaða upplýsingar þarf að byggja á við mat á hættu og við áhættugreiningu. Í tilfelli hryðjuverka er byggt á upplýsingasöfnun og rannsóknarvinnu lögreglu um mögulega hryðjuverkamenn og hryðjuverk en í tilfelli náttúruhamfara er byggt á upplýsingum frá vísindamönnum. Þegar litið er til þess að einn geðtruflaður einstaklingur getur valdið hryðjuverkatilfelli sem hefur jafn alvarlegar afleiðingar og náttúruhamfarir og þess að okkur Íslendingum finnst sjálfsagt að afla upplýsinga um og meta hættuna af slíku. Þá hlýtur að teljast eðlilegt að starfrækt verði greiningadeild hjá lögreglunni til þess að afla upplýsinga og meta áhættuna af ógn af mannavöldum sem lið í borgaralegum vörnum okkar.

**Sérsveit ríkislögreglustjóra**

Sérsveitin telst formlega stofnuð árið 1982. Nokkuð langur aðdragandi var að stofnun hennar. Tilefnið var bæði alvarleg tilfelli þar sem brotamenn beittu skotvopnum gegn óvopnaðri lögreglu og einnig ógn af flugránum og að flugvél sem hafði verið rænt, var lent á Keflavíkurflugvelli. Tilefni stofnunar sérsveitarinnar var því ærið og þörfin á að íslenska lögreglan hafi burði til að takast á við hin alvarlegustu tilfelli hefur aukist stöðugt með árunum.

Upppbygging sérsveitar ríkislögreglustjóra hefur frá upphafi sótt fyrirmyndir til sérsveita lögreglunnar í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Löggjöf okkar er líkust því sem gerist í þeim löndum og samstarf lögreglunnar á Norðurlöndunum er mjög mikið og náið. Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur tekið þátt í æfingum á hinum Norðurlöndunum og sérveitarmenn þeirra hafa tekið þátt í æfingum hjá íslensku sérsveitinni hérlendis.

Á Norðurlöndunum og reyndar í öllum hinum vestræna heimi er það hlutverk lögreglunnar að rannsaka hryðjuverkastarfsemi og einnig að takast á við hryðjuverkatilfelli svo sem gíslatökur. Þess misskilnings gætir oft í umræðunni að þetta sé hlutverk herja landanna.

Í sumum löndum er lögreglu heimilt að leita aðstoðar hersins en í öðrum er það beinlínis bannað. Hryðjuverk innan þjóðríkja Vesturlanda eru lögreglumál en ekki hernaður. Hryðjuverk innan vestrænna ríkja eru glæpir og við þeim liggja refsingar eins og við öðrum glæpum. Eðli hryðjuverkatilfella á Vesturlöndum eru einnig þess eðlis að ekki er um opinskáa hernaðarárás að ræða, né um að ræða hermenn með réttarstöðu hermanna samkvæmt alþjóðasáttmálum. Hryðjuverkamenn fela sig meðal almennings og beita óhefðbundum árásaraðferðum sem eru meira í ætt við skipulagða glæpastarfsemi. Herir hafa því hvorki lýðræðislegt hlutverk, lagastoð né þekkingu til þess að rannsaka og takast á við slíka brotastarfsemi.



ÞYRLA LANDHELGISGÆSLUNNAR Greinarhöfundur segir Íslendinga mjög framarlega á mörgum sviðum öryggis- og björgunarmála.

**Hlutverk sérsveitar**

Hlutverk sérsveitar ríkislögreglustjóra eru mjög margvísleg. Sveitinni sinnir auk almennra löggæslustarfa, sérstökum átaksverkefnum í samvinnu við lögregluliðin svo sem aðgerðum sem beint er gegn fíkniefnasölum og handrukkurum. Hún annast handtökur hættulegra brotamanna, sinnir öryggisgæslu erlendra fyrirmenna sem eru gestkomandi hérlendis og mannar vopnaðar viðbragðsbifreiðar út frá höfuðborgarsvæðinu, Keflavíkurflugvelli og frá Akureyri. Þá er sveitin andhryðjuverkasveit íslensku lögreglunnar til þess að takast á við vopnaða einstaklinga og hópa sem beita vopnum og/eða taka fólk í gíslingu.

Frá stofnun sérsveitarinnar sem í daglegu tali er kölluð Víkingasveitin hefur hún verið landssérsveit Íslands varðandi aðgerðir gegn hugsanlegum hryðjuverkum. Sveitin hefur auk þátttöku í æfingum á vegum lögreglu á Norðurlöndunum einnig m.a. tekið þátt í svokölluðum Norður Víkings æfingum og í æfingum varnarliðsins varðandi hryðjuverkaaðgerðir gagnvart þeirra starfsemi á Keflavíkurflugvelli.

Frá upphafi hefur sérsveitin átt mjög gott samstarf við Landhelgisgæsluna og notið stuðnings hennar meðal annars með þyrlum. Samstarfið var nýlega áréttað með formlegum samstarfssamningi. Í reynd má segja að fyrirhuguð efling á þyrlukosti Landhelgisgæslunnar muni ekki aðeins styrkja björgunarviðbúnað heldur einnig löggæsluviðbúnað Íslands þar sem lögreglan hefur ekki átt þess kost að nýta þyrlur varnarliðsins.

**Öryggismál í víðum skilningi**

Hjá ríkislögreglustjóra er málum skipað þannig að Fjarskiptamiðstöðin, Almannavarnadeildin og Sérsveitin tilheyra sama sviðinu. Megin hlutverk þess eru öryggismál í víðum skilningu. Margvíslegur ávinningur felst í þessari skipan og samnýtingi kraftanna. Má sem dæmi nefna að Fjarskipamiðstöðin og Sérsveitin taka þátt í mönnun Samhæfingarstöðvarinnar við almannavarnarástand. Sviðið fer einnig með öryggismál almennt svo sem skipulagningu öryggigæslu vegna opinberra heimsókna og samhæfingu vegna annarra stórviðburða. Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra fer með hlutverk einkennis á landsvísu vegna leitar- og björgunar og nefna má að í mars síðastliðnum undirrituðu ríkislögreglustjóri, lögreglustjórarnir í Borgarnesi og á Blöndósi og Selfossi ásamt Slysavarnarfélaginu Landsbjörg sameiginlegt skipulag varðandi leit og björgun á Langjökli sem er fyrsta skipulag sinnar tegundar hérlendis sem getur orðið fyrirmynd af fleiri slíkum sameiginlegum skipulögum.

Við Íslendingar erum mjög framarlega á mörgum sviðum öryggis- og björgunarmála. Með áframhaldandi uppbyggingu eigum við möguleika á að vera í fremstu röð. Flókið stjórnskipulag hjá stærri ríkjum og sú mikla stofnanatogstreyta sem þau glíma oft við hamlar þeim árangri sem hægt er að ná við úrlausn verkefna. Smærri ríki eru því oft betur í stakk búin til þess að glíma við verkefni á þessu sviði. Forsenda þess er þó að víðtækur stuðningur og skilningur ríki um fyrirkomulag okkar á þessum málum.

Beint í sólina á betra verði
Búlgaría
Verð frá 28.900 kr.
Netfargjald, með sköttum, 1 vika, 12. sept.
apollo
Beint leigflug til stærsta sólarstaðar við Svartahafið.
5 100 300 www.apollo.is
Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur

# ÞAÐ VERÐUR ROKKAÐ OG SKÍÐAÐ Á ÍSAFIRÐI UM PÁSKANA




ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
· Ísafjörður · the Icelandic Rock City ·




SKÍÐAVIKAN
ÍSAFIRÐI

info@isafjordur.is

info@isafjordur.is



# Fljótsdalshérað –





- Íbúafjöldi 3.900
- Víðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðraparadís
- Einstæð náttúrufegurð
- Blómleg menning



Fíton/SÍA




# hvergi annars staðar



fljotsdalsherad.is

**Egilsstaðir**
**Fellabær**
**Eiðar**
**Hallormsstaður**
**Brúarás**

Ef þú ert að leita að stað þar sem stórbrotin náttúra er innan seilingar, þar sem veðursældin er margrómuð, þar sem kraftur er í menningarlífinu og uppgangur í atvinnulífinu, þar sem menntunarmöguleikar eru fjölbreyttir, samgöngur og þjónusta eins og best gerist ... þá finnur þú þig á Fljótsdalshéraði, hvergi annars staðar.

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is

**ANNIE JUMP CANNON (1863-1941) LÉST ÞENNAN DAG**



*„Flokkun stjarnanna hefur í efnislegu tilliti komið til góða í öllum rannsóknum á uppbyggingu alheimsins.“*

***Stjörnufræðingurinn Cannon var sannfærð um mikilvægi rannsókna sinna.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 13. APRÍL 1997

# *Fyrsti sigur Tigers Woods á stórmóti*

Á þessum degi árið 1997 sigraði kylfingurinn Tiger Woods á Masters-mótinu í golfi einungis tuttugu og eins árs að aldri. Woods bar höfuð og herðar yfir andstæðingana sína á þessu fyrsta stórmóti sem hann vann.



**TIGER WOODS**

Eldrick „Tiger“ Woods er fæddur í úthverfi Los Angelesborgar í Kaliforníuríki þann 30. desember 1975. Hann var einkabarn og hóf að leika golf með föður sínum á unga aldri. Sigurganga hans hófst þegar hann var fimmtán ára gamall og varð yngsti kylfingur sem sigrað hefur bandaríska ungmennamótið fyrir áhugakylfinga.

Mótherjar hans á stórmótum í golfi voru flestir í kringum fertugt og skar hann sig því mjög úr hópnum. Einnig vakti uppruni hans athygli því einungis sex árum áður hafði Masters-mótið leyft dökkum kylfingum að taka þátt í fyrsta sinn. Óvenjulegur uppruni hans og æska ásamt velgengni varð til þess að Woods eignaðist marga aðdáendur um allan heim. Kippur komst á golfleik meðal ungmenna sem fóru í auknum mæli að sækja fram í golfi sem margir höfðu áður dæmt sem heldrimannaíþrótt.

Seinna á árinu 1997 komst Woods í efsta sæti á heimslistann í golfi og hefur síðan verið á meðal þeirra bestu. Hann hefur sett fjöldann allan af heimsmetum og varð meðal annars yngsti leikmaður til að hafa unnið öll fjögur stórmótin í golfi, einungis 24 ára.

## MERKISATBURÐIR

**1203** Guðmundur góði Arason er vígður til Hólabiskups en hann gegndi embættinu til dauðadags.

**1565** Danakonungur staðfestir lög um stóradóm sem fjallaði um brot í siðferðismálum.

**1844** Jón Sigurðsson er kosinn á þing í fyrsta sinn á kjörfundi í kirkjunni á Ísafirði.

**1921** Spænski kommúnistaflokkurinn er stofnaður.

**1895** Alfred Dreyfus er settur í fangelsi á Djöflaeyju við Frönsku-Gíneu eftir að hafa verið dæmdur sekur fyrir að selja Þjóðverjum hernaðarleyndarmál.

**1943** Minnismerki um Thomas Jefferson opnar með viðhöfn í garðinum Austur-Potomac í Wasington-borg.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1715 John Hanson,** bandarískur stjórnmálamaður.



**1743 Thomas Jefferson,** þriðji forseti Bandaríkjanna.



**1963 Garrí Kasparov,** rússneskur skákmaður.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

## AFMÆLI



**Geirmundur Valtýsson** tónlistarmaður er 62 ára.



**Rúnar Júlíusson** tónlistarmaður er 61 árs.



**Lára Valgerður Júlíusdóttir** hæstaréttarlögmaður er 55 ára.



**Illugi Jökulsson** rithöfundur er 46 ára.



**Jóhann Hlíðar Harðarson,** markaðsstjóri Háskólans í Reykjavík, er 43 ára.



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pálmi Pálmason**

Þórunnarstræti 12, Akureyri,

lést aðfaranótt 9. apríl á Dvalarheimilinu Hlíð. Útförin fer fram föstudaginn 21. apríl frá Akureyrarkirkju kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| **Halla Pálmadóttir** | **Sigurður G. Símonarson** |
| **Soffía Pálmadóttir** | **Valdimar Sigurgeirsson** |
| **Tryggvi Pálmason** | |
| **Guðrún Pálmadóttir** | |
| **Kjartan Pálmason** | **Halla Thoroddsen** |
| **afabörn og langafabörn.** | |



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir**

Hjálmstöðum, Laugardal,

verður jarðsungin frá Skálholtskirkju laugardaginn 15. apríl kl. 11.00.

| | |
|---|---|
| **Berglind Pálmadóttir** | **Hilmar Einarsson** |
| **Guðrún Pálmadóttir** | **Finn Hansen** |
| **Páll Pálmason** | **Fanney Gestsdóttir** |
| **Reynir Pálmason** | **Eygló Þorgeirsdóttir** |
| **Bragi Pálmason** | **Guðrún Kristinsdóttir** |
| **Þórdís Pálmadóttir** | **Tómas Tryggvason** |
| **og fjölskyldur.** | |








**SÉRA ARNA GRÉTARSDÓTTIR PRESTUR Í SELTJARNARNESKIRKJU** Mikið er um að vera þessa páska sem aðra hjá Örnu sem auk þess að sjá um hefðbundið helgihald fermir son sinn á öðrum í páskum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## SÉRA ARNA GRÉTARSDÓTTIR: PRESTUR Á PÁSKUM

# Bakar brauðið fyrir messuna

Um páskaleytið er mikið um að vera hjá prestum enda standa fermingarnar sem hæst auk annars helgihalds í tilefni páskahátíðarinnar. Séra Arna Grétarsdóttir er prestur í Seltjarnarneskirkju og verður með messu í kirkjunni í kvöld.

„Áherslan er á altarisgönguna því á skírdag minnumst við síðustu kvöldmáltíðarinnar. Við notum yfirleitt venjulegar oblátur en ég baka sjálf brauðið sem verður notað í messunni í kvöld,“ segir Arna. „Messan endar svo á Getsemanestund en þá er altarið afskrýtt. Allt er tekið af því og svartur dúkur settur yfir með fimm rauðum rósum sem eiga að tákna fimm svöðusár Krists. Með þessu er verið að undirbúa kirkjuna undir föstudaginn langa þarna kvöldið fyrir.“ Messað er á föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum þegar fimmti og síðasti ungmennahópurinn verður fermdur í Seltjarnarneskirkju.

„Páskarnir eru mjög litaðir af fermingarbörnunum. Allar kirkjur og prestar eru að vasast í fermingum um þessar mundir og fermingarbörnin líta mjög í þennan tíma. Skírdagur var yfirleitt fermingardagur hérna áður fyrr en nú er þetta auðvitað búið að breytast svo mikið.“ Arna er sjálf að ferma son sinn á annan í páskum og verður því dagurinn haldinn sérstaklega hátíðlegur á hennar heimili.

Trúarlegt mikilvægi páskanna er gríðarlega mikið fyrir kristna kirkju enda segir Arna að á vissan hátt megi segja að upprisuhátíðin séu mikilvægari en jólin. „Upprisuhátíðin er kjarni kristinnar trúar því ef við hefðum ekki upprisutrúna væri ekki kristin krikja í dag. Jólin eru þó miklu annasamari tími, ég er til dæmis bara búin að vera með eina páskahugleiðingu en fyrir jólin var ég með sjö eða átta.“ Aðspurð segist Arna ekki alveg átta sig á því af hverju meira er um að vera á jólunum en nefnir þó markaðsvæðinguna sem mögulegan áhrifavald. „Á jólunum er gríðarlega mikið af auglýsingum og þau eru í rauninni orðin að markaðsjólum. Andinn er öðruvísi á páskunum sem eru núna mikil ferðahelgi. Ég myndi samt ekki segja að það sé neitt slæmt að nota þessa frídaga í samverustundir með fjölskyldunni því það er ákveðin upprisa í fjölskyldulífinu.“

Arna á von á því að fólk flykkist í kirkjurnar um hátíðirnar eins og vera ber. „Þrátt fyrir að svo margir ferðist um helgina hafa messurnar alltaf verið mjög vel sóttar enda kemur fólk þangað til að finna kyrrðina, friðinn og griðarstað frá stressinu.“

# Strætóferðir um páskana

Strætó sker niður þjónustu eins og aðrir um hátíðirnar. Í dag, skírdag, er ekið eins og á venjulegum sunnudegi og einnig á morgun, föstudaginn langa, nema að þá hefst aksturinn klukkan eitt síðdegis. Laugardaginn fimmtánda apríl verða leiðirnar farnar á hefðbundnum laugardagstímum. Páskadagur er með sama sniði og föstudagurinn langi en annar í páskum kemst akstiurinn aftur í sama horf og á venjulegum sunnudegi.

Ef fólk ætlar að nýta sér þjónustu Strætó yfir hátíðirnar er rétt að benda á að breyttar tímatöflur voru teknar í notkun í síðustu viku. Leiðum 12, S2 og 28 hefur verið breytt lítils háttar og hægt að nálgast nýja tíma á heimasíðu Strætó.



**STRÆTISVAGNAR** Rétt er að kynna sér akstur Strætó yfir hátíðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**AFMÆLI SPÁMANNSINS** Múslimar víða um heim fögnuðu afmæli Múhammeðs í vikunni og bað þessi ungi afganski drengur til Allah því til heiðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


4.997 KR. Á MÁNUÐI TIL 5. JÚLÍ
PÁSKATILBOÐ
STÖÐ 2 BÍÓ FYLGIR FRÍTT MEÐ!
WWW.STOD2.IS

# *Frá fiskiþorpi um veröld víða*

Frá því að **Bernharður Guðmundsson** stóð fyrir popp-messum í Saltvík á mótum 6. og 7. áratugarins, hefur hann fengist við fleiri og fjölbreyttari störf en venja er um okkur Íslendinga. Hann segir Súsönnu Svavarsdóttur frá skemmtilegum starfsferli sínum sem lýkur senn formlega þegar hann hættir störfum sem rektor Skálholtsskóla.



**SÉRA BERNHARÐUR** Hefur starfað hér heima og erlendis, verið virkur í æskulýðsstarfi, foreldrastarfi og nú í öldrunarstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ HILMAR

Bernharður Guðmundsson hefur verið rektor Skálholtsskóla undanfarin fimm ár en fer fljótlega á eftirlaun eftir áhugaverðan feril í þjónustu kirkjunnar þar sem segja má að hann hafi kynnst flestum þeim hliðum mannlífsins sem hægt er að kynnast á einni starfsævi. Hann hefur starfað hér heima og erlendis, verið virkur í æskulýðsstarfi, foreldrastarfi og nú í öldrunarstarfi. En nóg er eftir af orkunni og lífsgleðinni og nýir tímar taka við. „Lífið býður upp á svo mörg skemmtileg verkefni á hvaða aldri sem maður er og veitir margs konar möguleika á að njóta sín, njóta lífsins.

Börnin okkar Rannveigar búa öll erlendis og við höfum til dæmis hugsað okkur að fara að kynnast barnabörnunum betur,“ segir hann.

Starfið í Skálholtsskóla segir Bernharður snúast um samfundi. „Þetta er staður þar sem fólk kemur saman, talar saman, lærir hvert af öðru og öðlast sameiginlega reynslu. Þetta er ekki skóli í venjulegri merkingu en nafnið Skálholtsskóli er reyndar frá því á 11. öld, þegar fyrsti skólinn var stofnaður í Skálholti. Hann starfaði alveg fram undir 1800 þegar hann og biskupsstóllinn fluttu til Reykjavíkur eftir Skaftáreldana og Suðurlandsskjálftann – einhver erfiðustu ár íslenskrar sögu. Síðan hófst endurreisnarstarfið í Skálholti í kringum 1950 og eftir að staðurinn hafði verið afhentur kirkjunni, var núverandi Skálholtskirkja byggð og vígð árið 1963.

*Við höfðum helgistund þar sem Kristín Ólafsdóttir las textana, ég flutti stuttar hugleiðingar og Trúbrotsmenn sungu og spiluðu. Það voru ekki margir við pallinn hjá okkur í guðsþjónustunni í Saltvík þótt tjöldin væru mörg – en það líður varla sá mánuður að ég hitti ekki einhvern sem rifjar þetta upp,*

Skálholtsskóli er nú fræðslustofnun sem starfar með margvíslegum hætti. Hér eru ráðstefnur, námskeið, fermingarfræðsla, bókmenntadagar aldraðra, söngdagar, hvíldardagar og að ógleymdum kyrrðardögunum, sem Sigurbjörn biskup Einarssson efndi fyrst til á níunda áratugnum. „Þeir fóru hægt af stað,“ segir Bernharður, „en góðir hlutir gerast hægt. Síðustu fimmtán árin hafa alltaf verið kyrrðardagar nokkrum sinnum á ári, t.d. á aðventunni og yfir bænadagana, auk svokallaðra systradaga.

**Besti vinur ólæsa fólksins**

Árið 1973 fór Bernharður til starfa í Eþíópu, ásamt Rannveigu og þremur ungum börnum þeirra árið 1973. Yngsta barnið var átta mánaða, hin sex og tólf ára. „Eþíópía er stórkostlegt land,“ segir hann. „Það var aldrei nýlenda, heldur keisaradæmi. Þeir áttu langa sögu og feikilega merkilega hefð myndlistar, bókmennta og tónlistar, svo maður tali nú ekki matinn. Þetta er stolt þjóð en að vísu sjálfri sér sundurþykk á stundum, vegna þess að þarna eru yfir hundrað tungumál töluð og margir kynþættir. Þess vegna hafa undanfarna áratugi verið mikil átök í landinu. Ég hafði umsjón með verkefnum í Eþíópíu fram til 2002 og kom þangað á hverju ári um árabil. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með þróuninni. Það hefur feikilega margt breyst til hins betra, sérstaklega staða kvenna – en um leið flykkist fólkið til borganna og þar skapast, eins og alltaf í stórborgum, mjög erfiðar aðstæður.“

Dvöl fjölskyldunnar í Eþíópíu stóð í fjögur ár. „Ég vann hjá útvarpsstöð sem sendi út dagskrá á sextán tungumálum og fréttir á átta tungumálum,“ segir Bernharður. „Við sendum vandaðar fréttir út um alla Afríku, yfir til Indlands og Mið-Austurlanda. Þar var fjallað bæði um þróunarmál og efni trúarlegs eðlis.“

**Byltingatímar**

Svo varð bylting í landinu 1974 og marxistar tóku völdin. En það fór ekki að herða að verulega fyrr en 1975. Þá var útgöngubann á kvöldin og þarna voru blóðug átök. Einn morguninn, í mars 1977, var barið að dyrum heima hjá starfsfólki útvarpsstöðvarinnar. Fyrir utan stóðu hermenn sem sögðu okkur að koma niður á útvarpsstöð með passana okkar. Þar tók á móti okkur heil herdeild, sem tók af okkur passana og tilkynnti okkur að búið væri að hernema stöðina.

Þarna vorum við lokuð inni í hálfan mánuð, um þrjátíu fjölskyldur, en smám saman fóru menn að fá brottfararleyfi. Framtíðin var sannarlega óviss þessa dagana vegna þess að þeir sem fóru með völd báru ákaflega litla virðingu fyrir mannlífinu.

Þegar við vorum að vinna á útvarpsstöðinni eftir byltinguna var ekkert óalgengt að hermenn stjórnarinnar sætu yfir okkur með byssur og það var leitað á okkur á hverjum degi þegar við mættum til vinnu og fórum heim. En þessir hermenn reyndust margir hinar mestu barnagælur og urðu góðir vinir krakkanna.

Við höldum tengslum við þó nokkuð margar fjölskyldur sem við kynntumst á þessum tíma. Draumurinn er að fara aftur til Eþíópíu með fjölskylduna og rifja upp dvölina þar. Það verður enginn samur eftir að hafa dvalið í Afríku.“

**Starf kristniboðans hefur breyst**

Bernharður segist bera mikla virðingu fyrir starfi kristniboðanna í Afríku. „Þeir starfa á stöðvum víða um landið og þar er venjulega settur upp skóli og sjúkraskýli og þarna hefur orðið gífurleg mannrækt. Margt af leiðandi fólki landsins hefur fengið sína fræðslu í kristniboðsskólunum.“

Við sem þekkjum ekki til, sjáum trúboða oftast fyrir okkur sem trúareldhuga sem halda til frumstæðra þjóða með Biblíuna undir handleggnum og dvelja ævina á enda við þann starfa.

„Þannig var það auðvitað og þannig hlaut starfið að hefjast á hverjum stað,“segir Bernharður, „en þegar kirkjunni hefur vaxið nokkur fiskur um hrygg, er það auðvitað miklu skilvirkara að innfæddir boði trúna á sínu máli inn í þær aðstæður sem þeir þekkja. Þetta er auðvitað í samstarfi við kristniboðana, sem eru einfaldlega starfsmenn viðkomandi kirkju. En það var athyglisvert að þegar hungursneyðirnar hafa orðið hvað verstar í Eþíópíu, eða uppreisnirnar, þá hafa gjarnan nánast allir útlendingar horfið úr landinu, nema kristniboðarnir.

Þegar ég kom heim frá Eþíópíu fór ég til Bandaríkjanna og tók meistarapróf í fjölmiðlafræði og var einn af fyrstu héðan til að taka slíkt nám. Ég gerðist fréttafulltrúi þjóðkirkjunnar – og það sýnir framsýni kirkjunnar. Á þeim tíma voru bara tveir blaðafulltrúar starfandi hér. Núna skipta fréttafulltrúar eða upplýsingafulltrúar eins og þeir kallast núna tugum, jafnvel hundruðum. Eftir rúmlega tíu ár í þessu starfi gerðist ég fræðslustjóri kirkjunnar þangað til við fluttum til Genfar, þar sem við bjuggum í sjö og hálft ár.“

*Þegar við vorum að vinna á útvarpsstöðinni eftir byltinguna var ekkert óalgengt að hermenn stjórnarinnar sætu yfir okkur með byssur og það var leitað á okkur á hverjum degi þegar við mættum til vinnu og fórum heim. En þessir hermenn reyndust margir hinar mestu barnagælur og urðu góðir vinir krakkanna.*

**Trúbrotstónleikar í Saltvík**

Fyrst eftir að Bernharður vígðist var hann prestur í Súðavík í þrjú ár og hefur allar götur síðan haldið miklum tengslum við Súðvíkinga. Hann segir það alltaf sagt að fyrsta embættið sé eins og fyrsta kærastan; maður gleymi því aldrei. „Í Súðavík var yndislegt fólk, en þar endaði vegurinn og þurfti ég að sinna tveimur öðrum kirkjum. Þangað var ekki hægt að komast nema á sjó og ég fór svo gangandi í húsvitjanir. Stundum fór Rannveig með mér, en yfirleitt beið hún ein heima með Svövu litlu, rétt eins og sjómannskonurnar. Þetta var ógleymanlegur tími og lærdómsríkur.“

„Síðan gerðist ég prestur í Stóra-Núpsprestakalli, rétt hjá Skálholti, þannig að það má eiginlega segja að ég sé búinn að loka hringnum.“ En þótt embættishringnum sé lokað, hefur Bernharður gert svo ótal margt annað. Árið 1970 gerðist hann æskulýðsfulltrúi kirkjunnar. Þá voru bítlaárin í hámarki og hvítasunnuhátíðirnar sem voru æði mikið hneykslunarefni þeirra eldri, haldnar í Saltvík á Kjalarnesi. „Eina hvítasunnuna vann ég með Trúbrot. Við höfðum helgistund þar sem Kristín Ólafsdóttir las textana, ég flutti stuttar hugleiðingar og Trúbrotsmenn sungu og spiluðu. Það voru ekki margir við pallinn hjá okkur í guðsþjónustunni í Saltvík þótt tjöldin væru mörg – en það líður varla sá mánuður að ég hitti ekki einhvern sem rifjar þetta upp, vegna þess að athöfnin barst yfir allar tjaldbúðirnar í gegnum hátalara. Við höfðum líka samveru í Laugardalshöllinni og víðar vegna þess að það flæddu hér blómabörn og jesúbörn yfir landið og það var mikilvægt að kirkjan kæmi inn í þeirra umræður um lífsspursmálin.“

**Boðhlaup lífsins**

Eiginkona Bernharðs, Rannveig Sigurbjörnsdóttir, hefur starfað með honum alla tíð. „Hún er hjúkrunarfræðingur, sérfræðingur í félagshjúkrun. Við höfum fylgt hvort öðru og átt náið samstarf. Hún vann mjög merkilegt starf á Heilsugæslustöðinni í Kópavogi. Hún vann mikið að framgangi brjóstagjafar. Þeir eru enn starfandi þessir stuðningshópar ungra mæðra sem hún stofnaði og þær eru farnar að halda upp á stúdentsafmæli barna sinna í sameiningu.“ Rannveig var hjúkrunarforstjóri á Heilsugæslustöðinni í Kópavogi en sagði því starfi lausu þegar hjónin fluttu til Genfar. Í Eþíópíu vann hún sjálfboðastarf, auk þess að kenna við norska skólann. Í Skálholti hefur hún verið einn af burðarásunum í kyrrðardögunum. „Hún er mikilhæf og yndisleg kona,“ segir Bernharður.

Börnin eru, sem fyrr segir, þrjú. Elst er dóttirin, Svava, víóluleikari með doktorsgráðu frá Juilliardskólanum í Bandaríkjunum en býr með fjölskyldu sinni í Slóveníu. Hún hefur búið þar í tólf ár, spilar þar og kennir – og á litla Rannveigu. Síðan er það Magnús Þorkell, sérfræðingur í málefnum og sögu Miðausturlanda og kennir við einn af elstu háskólum Bandaríkjanna, Williams College í Massachusettes. Hann kemur hingað einu sinni til tvisvar á ári og heldur námskeið um Íran og Írak. Yngstur er Sigurbjörn, fiðluleikari í Bandaríkjunum, og leikur í Pacifica-kvartettinum.

Barnabörnin eru þrjú, enn sem komið er, og þar er bæði að finna þau Rannveigu og Bernharð. „Mér fannst það eftirminnilegt þegar ég var að skíra nafna minn,“ segir Bernharður. „Mér fannst ég vera að afhenda keflið í boðhlaupi lífsins; næsti maður var tekinn við. Mér varð líka hugsað til gamla Simeons í Biblíunni: Nú lætur þú herra þjón þinn í friði fara, eins og þú hefur heitið mér.“

Bernharður hefur víða komð við og er hafsjór af sögum og reynslu. Það er ekki ólíklegt að enn eigum við eftir að frétta af sérstæðum verkefnum sem hann tekur sér fyrir hendur. En þangað til, nýtur hann barnalánsins og annarra lífsins gæða. „Þetta hefur verið skemmtileg starfsævi. En ég er vonandi ekkert að fara.“

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ

# Ódýrastir í 17 ár

## Bónus býður betur!

## Opnum í dag, skírdag

# 10.00

EKKERT BRUDL

Fylgist með okkur - við fylgjumst með verðinu!

Tilboðin eru á bonus.is

BÓNUS

# Opið til 19.00

Föstudaginn langa er lokað í öllum Bónusverslunum.
Laugardag fyrir páska er opið 10.00 til 19.00.
Páskadag er lokað.
Anna páskadag er opið í sunnudagsbúðum 12.00 til 18.00.

www.bonus.is

bonus.is




# Reyna að leysa úr ágreiningi

Stjórnarflokkarnir þurfa að leysa úr ágreiningi í málum sem hafa verið til umfjöllunar að undanförnu. Þingmenn úr bæði **Framsóknarflokki** og **Sjálfstæðisflokki** hafa deilt á samstarfsflokk sinn í ríkisstjórn í mikilvægum málum. *Magnús Halldórsson* skoðaði ágreiningsmálin. Enn á eftir að finna leiðir til þess að sætta ólík sjónarmið.

Frumvarp Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands varpaði ljósi á augljósan ágreining stjórnarflokkanna. Í Fréttablaðinu fyrir skemmstu staðfestu allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd, sem enn á eftir að taka frumvarpið til afgreiðslu, að þeir gætu ekki samþykkt frumvarpið eins og það hefði verið kynnt.

Þó að frumvarpið hafi verið afgreitt út úr þingflokkum bæði Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, er ágreiningurinn öllum augljós. Þarna takast á hugsjónir sem eru drifkraftar innra starfs beggja flokka.

**Djúpstæður ágreiningur um Nýsköpunarmiðstöð**

Frumvarp Valgerðar gerir ráð fyrir því að Iðntæknistofnun, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Byggðastofnun verði sameinaðar í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir umfangsmikilli uppstokkun á opinberu stuðningskerfi hins opinbera við atvinnuþróun og nýsköpun. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að þekkingarsetur á landsbyggðinni verði helsta stoð nýsköpunar og rannsókna.

Ágreiningurinn um málið kom skýrt fram í orðum Sigurðar Kára Kristjánssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, sem höfð voru eftir honum í Fréttablaðinu fyrir skemmstu. „Það hafa verið gerðar athugasemdir við þessa tillögu Valgerðar á ýmsum forsendum. Frá mínum bæjardyrum séð er það augljóst að frumvarpið nýtur ekki nægilegs stuðnings, eins og það er fram sett.“

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ætlar ekki að gefa eftir í málinu og segist ætla að fylgja því óbreyttu úr hlaði. „Ég tel ekki nauðsynlegt að gera breytingar á frumvarpinu, heldur þurfa þingmenn Sjálfstæðisflokksins að mynda sér samstillta skoðun á þessu máli.“

**Halldór og Geir á öndverðum meiði?**

Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, segir „Ísland hafa færst nær Evrópu en fjær Bandaríkjunum“ vegna einhliða ákvörðunar bandarískra stjórnvalda um að kalla Varnarliðið frá Íslandi. Á meðan hefur Geir H. Haarde, utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, ýtt þeim möguleika út af borðinu að íslensk stjórnvöld taki upp samstarf við aðrar þjóðir en Bandaríkin í öryggis- og varnarmálum. Eftir fyrstu fundi viðræðunefnda íslenskra og bandarískra stjórnvalda sagði Geir þann möguleika „óraunhæfan“.

Afdráttarlaus afstaða Halldórs gefur vísbendingar um að staðan sem upp er komin í öryggis- og varnarmálum geti flýtt fyrir viðræðum um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu, þar sem utanríkisstefna Íslands færist nær Evrópu eftir meira en hálfrar aldar varnarsamstarf milli bandarískra og íslenskra stjórnvalda.

Við þessi tímamót hefur skapast óvissa um rekstur Keflavíkurflugvallar. Geir segir það koma til greina að einkavæða reksturinn og bjóða innlendum og erlendum fjárfestum að taka þátt í því að reka flugvöllinn, á meðan framsóknarmenn, meðal annars Magnús Stefánsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis og varaformaður utanríkismálanefndar, vill stíga hægari skref til jarðar og telur það ekki endilega vera lausn að einkavæða fyrirtæki í ríkiseigu, því „eitt sé að breyta rekstrarforminu og annað að selja viðkomandi fyrirtæki,“ eins og hann segir orðrétt í pistli á vefsetri sínu.

**Íbúðalánasjóður barn síns tíma?**

Eftir örar breytingar á íslenskum fjármálamarkaði hafa þær raddir orðið æ háværari að Íbúðalánasjóður sé barn síns tíma. Innreið banka inn á húsnæðislánamarkað gefur því sjónarmiði byr undir báða vængi að ekki sé lengur þörf fyrir ríkisrekinn lánasjóð á húsnæðismarkaði.

Innan Sjálfstæðisflokksins hefur farið fram umræða um gagngera endurskipulagningu á Íbúðalánasjóði enda samræmist það ekki pólitískum skoðunum margra flokksmanna, að ríkisrekinn lánasjóður starfi í beinni samkeppni við einkarekna banka.

Framsóknarflokkurinn, sem lengi hefur stýrt Íbúðalánasjóði, hefur lagt áherslu á að þörf sé fyrir íbúðalánasjóð sem sinnt geti

Sjálfstæðisflokkurinn:

## Einhugur um einkavæðingu

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, kannast ekki við að mikill ágreiningur sé milli stjórnarflokkanna tveggja.

Hún segir sjálfstæðismenn einhuga í afstöðu sinni til Keflavíkurflugvallar. „Það er okkar stefna að einkavæða það sem á betur heima á markaði. Ég held að um það hafi aldrei verið spurning í huga nokkurs sjálfstæðismanns. Helstu alþjóðaflugvellir heims eru reknir af einkaaðilum og það er bara eðlilegt að skoða þá kosti.“

Að hennar mati verður einnig að finna einhverja lausn á málefnum íbúðalánasjóðs. Núverandi ástand sé ekki til fyrirmyndar.

Framsóknarflokkurinn:

## Vill traustan Íbúðalánasjóð

Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, telur ágreining flokkanna ekki merki um veikt samstarf.

Honum líst illa á að einkavæða Keflavíkurflugvöll. „Ég tel það vera alveg einboðið að flugstöðin taki við rekstrinum á flugvellinum og annist hann í umboði ríkisins. Ég sé það ekki gerast að við samþykkjum einkavæðingaráform Sjálfstæðisflokksins og hef sjálfur lítinn áhuga á því að einhverjir erlendir fjárfestar sjái um og reki okkar alþjóðaflugvöll.“

Hann segir einnig að framsóknarmenn séu sammála um það að Íbúðalánasjóður skuli útvega ódýrt lánsfé til allra landsmanna, óháð búsetu.




Nýsköpunarmiðstöð Íslands:

## Sátta leitað um frumvarpið

Deilan um frumvarp Valgerðar Sverrisdóttur um sameiningu Iðntæknistofnunar, Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og Byggðastofnunar snýst annars vegar um efnisatriði frumvarpsins og hins vegar kynningu á frumvarpinu. Fjórir þingmenn Sjálstæðisflokksins í iðnaðarnefnd hafa kvartað sérstaklega yfir því að undirbúningsvinna vegna frumvarpsins hafi ekki farið fram að neinu marki í iðnaðarnefnd. Valgerður boðar engar breytingar á frumvarpinu og vonast eftir sáttum um frumvarpið.

Varnarmálin enn í óvissu:

## Færumst nær Evrópu

Síðan Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, tilkynnti Geir H. Haarde það símleiðis að Varnarliðið væri á förum frá Íslandi seinna á þessu ári hafa umræður um hugsanlegar breytingar á utanríkisstefnu Íslands verið í öndvegi. Báðir hafa þeir talað um að vörnum Íslands verði sinnt í samstarfi við Atlantshafsbandalagið, en varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna hefur til þessa verið framlag Íslands til varnarsamstarfs Atlantshafsbandalagsins.

Ríkisútvarpið hlutafélagsvætt:

## Samstöðu náð um frumvarpið

Ekki ríkir einhugur um það innan Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hvernig breytingar eigi að boða á ríkisútvarpinu. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur lagt frumvarp um að ríkisútvarpið verði hlutafélagsvætt. Breytingar á ríkisútvarpinu eru óhjákvæmilegar en umræðan um breytingarnar hefur ekki verið til lykta leidd enn.

Breytingar á Íbúðalánasjóði:

## Nútímavæðing nauðsynleg

Eftir að íslenskir bankar hófu að bjóða almenningi íbúðalán hefur umræða um nauðsynlegar breytingar á Íbúðalánasjóði verið í öndvegi. Framsóknarflokkurinn hefur stýrt Íbúðalánasjóði um langt skeið. Bæði Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa viðrað hugmyndir um breytingar á sjóðinum. Innan Framsóknarflokksins er mikið upp úr því lagt að félagslegt hlutverk sjóðsins skerðist ekki.

*Afdráttarlaus afstaða Halldórs gefur vísbendingar um að staðan sem upp er komin í öryggis- og varnarmálum geti flýtt fyrir viðræðum um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu.*

nauðsynlegu félagslegu hlutverki sínu, sem er að tryggja jafnan aðgang að lánveitingum til fólks, óháð búsetu. Báðir flokkar hafa boðað breytingar á sjóðinum, með það að markmiði að nútímavæða starfsemi hans.

Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, telur framtíð Íbúðalánasjóðs ráðast af því hversu fast tak Framsóknarflokkurinn hefur á sjóðnum. „Framtíð Íbúðalánasjóðs ræðst meðal annars af því hversu lengi Framsóknarflokkurinn ætlar sér að halda í félagslegar stoðir sjóðsins þar sem augljóst er að vilji er til þess innan Sjálfstæðisflokksins að leggja hann niður í núverandi mynd.“

**Breytingar boðaðar á ríkisútvarpinu**

Frumvarp Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra um að hlutafélagsvæða rekstur ríkisútvarpsins hefur valdið titringi. Sérstaklega er deilt um það hvort hlutafélagsformið henti fyrirtækjum sem alfarið eru rekin fyrir almannafé, líkt og ríkisútvarpið. Óljóst er enn hversu mikinn stuðning málið hefur innan Framsóknarflokksins, þar sem hlutafélagsvæðing á ríkisútvarpinu getur haft í för með sér grundvallarbreytingu á hlutverki þess.



# Ekki hljómsveit heldur upplifun

Annaðhvort hatar fólk að elska þá eða elskar að hata, en eitt er víst: engum sem hlustar á **Ghostigital** stendur á sama um tónlistina. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við mennina sem búa til skemmtilegustu tilraunatónlist á Íslandi.



**GHOSTIGITAL** Það tók tíma að átta sig á að þeir voru á sömu línunni en með laginu Monday fundu þeir eigin hljóðheim sem þeir vildu skapa áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Þegar Einar Örn Benediktsson var neyddur til að semja tónlist á tölvu í fyrsta sinn fyrir myndina 101 Reykjavík bað hann mann, sem þá hét Birgir en núna Curver Thoroddsen, um að endurhljóðblanda lag fyrir sig. Einar varð svo hrifinn af útkomunni að hann lagði til að eftirleiðis myndu þeir semja saman tónlist á föstu.

„Það tók okkur smá tíma að finna að vorum á sömu línunni," segir Curver um upphafið. „Við hittumst alltaf á hlaupum og ég var ekki viss um að Einar gæti farið svona bratt í „noise-ið". Einar ranghvolfir í sér augunum við þessi orð. „Svo náðum loksins að gera frábært lag sem hét Monday og samanstóð bara af skruðningum. Þá fundum við hljóðheim sem við vorum ánægðir með og leist vel á að halda áfram að teygja hann og beygja í allar áttir."

Nýlega kom út önnur breiðskífa þeirra, In Cod we trust, sem þeir Einar og Curver segja sína tilraun til að búa til popptónlist. „Þetta er aðgengilegri plata en sú fyrri," segir Einar. „Við ákváðum að taka formið sem við byrjuðum með síðast og einfalda það. Síðast reyndum við að gera áferðina sem flóknasta og það var margt í gangi í einu en í þetta sinn vildum við búa til eins konar línulega frásögn sem leiðir í gegnum plötuna."

Þrátt fyrir orðavalið skyldi enginn ætla að hér sé um popp í hefðbundnum skilningi að ræða. Ghostigital býr til illlýsanlega tilraunatónlist eins og marka má af frásögn Curvers af því hvernig hún verður til. „Oftast leggur Einar til ákveðinn grunn sem við setjum síðan í svokallaða hakkavél og hökkum þangað til mjög lítið er orðið eftir af upprunalega laginu. Síðan tökum við upp söng og gítar, saxófón eða hvað það nú er og hökkum það allt saman niður. Loks tökum við bútana og endurröðum þeim þangað til við erum komnir með eitthvað sem okkur líst vel á."

Í flestum lögum leggur Einar til sönginn, sem er að hans sögn litlar sögur og anekdótur sem að vísu eru aldrei fullsagðar. „Eins og annað eru þær klipptar sundur og saman og Curver leggur í rauninni út meininguna. Ég er bara búinn að ljá mig og svo sjáum við hvernig það kemur út."

**Ekki hægt að standa á sama**

Einar og Curver halda því ekki fram að tónlist þeirra sé líkleg til að klífa í efstu syllur vinsældalistanna, enda er leikurinn ekki til þess gerður. „Við sækjumst ekki eftir því að hafa hlutina eins og þeir „eiga að vera,"" segir Curver og kveðst vera orðinn leiður á stöðnun og miðjumoði sem honum finnst allsráðandi í útvarpi og tónlistarpressunni almennt. „Ég held að það eigi við um marga aðra og þess vegna finnst mér líklegt að Ghostigital nái til margra sem hlusta ekki bara á tilraunatónlist, en eru að leita að einhverju nýju og vilja upplifa eitthvað eins og þegar Einar heyrði pönk í fyrsta sinn eða ég nýbylgju."

Einar bætir við að þess vegna líti þeir ekki á það sem vandamál þótt þeir séu ekki allra. „Ágeng tónlist neyðir hlustandann til að taka afstöðu. Þannig verður framþróun í músík og vonandi getum við breytt því að einhverju leyti hvernig fólk hlustar á tónlist og hvort það fengið meira út úr henni."

*„Ágeng tónlist neyðir hlustandann til að taka afstöðu. Þannig verður framþróun í músík og vonandi getum við breytt því að einhverju leyti hvernig fólk hlustar á tónlist og hvort það geti fengið meira út úr henni."*



**Út að skokka í fermingu**

Áþreifanlegt dæmi um hvernig Ghostigital stillir hlustendum upp við vegg eru upphitunartónleikar þeirra fyrir rokkgoðin Pixies tvö kvöld í röð í Kaplakrika fyrir tveimur árum. „Þá var gaman," segir Curver og þeir fara að skellihlæja. „Allir voru mættir til til að hlusta á Pixies í rosastuði, en enginn vissi hvað við ætluðum að gera. Svo byrjuðum við og ég held að fyrir marga hafi þessi reynsla verið áþekk því að vera rekinn út að skokka í miðri fermingarveislu. Ég hef hitt fólk sem fannst þetta ömurlegasta tónlistarupplifun sem það hafði kynnst og að við hefðum eyðilagt kvöldið, en aðrir urðu stórhrifnir." Á seinni tónleikunum var lækkað í hljóðkerfinu.

„Þessir tónleikar kristalla það sem Ghostigital er að gera," segir Einar. „Við erum ekki hljómsveit heldur upplifun. Við hefðum orðið fyrir vonbrigðum ef fólk hefði bara kinkað kolli og sagt að þetta hefði verið ágætt."

Þeir telja að sjálfsagt trufli það marga að átta sig ekki í hvaða áttir Ghostigital er að fara, en þvertaka fyrir að markmiðið sé einfaldlega að reyna á þolrif áheyrenda. „Þá yrðum við bara tilgerðarlegir," segir Einar. „Við erum að reyna að skapa tónlist sem við fílum og langar að hlusta á."

**Að brjóta upp formúluna**

Eftir nokkrar þreifingar undanfarin ár kveðst Einar Örn hafa fundið fjölina aftur í samstarfinu við Curver. „Ekki það að mér hafi liðið neitt illa áður, en ég er í rauninni að halda áfram að vinna á sömu forsendum og ég gerði með Purrki Pilnikk. Þá var mér bara réttur míkrafónn og sagt að syngja og það sama gerðist núna. Ég hélt að við Curver ætluðum að búa til „instrumental" tónlist en þá sagði hann að ég yrði að syngja og það varð." Curver tekur undir að þeir eigi vel saman. „Pönksiðfræðin hans Einars skilar miklu, við tölum frjálslega hvor við annan og þegar okkur lendir saman afgreiðum við það bara og höldum áfram."

Þótt breiðskífurnar tvær standi á svipuðum grunni má greinilega finna nýja strauma á nýju plötunni, enda segja þeir að það hefði verið tilgangslaust að gera sömu plötuna aftur. „Sú hætta er alltaf til staðar að festast í ákveðinni formúlu og við reynum sífellt að finna nýjar leiðir til að brjóta þær upp og tækla upp á nýtt," segir Einar og nefnir sem dæmi tvenna tónleika í Perlunni og Nýlistasafninu, þar sem þeir spiluðu í tíu klukkustundir samfleytt. „Þá hreinlega neyddumst við til að finna upp á einhverju nýju svo okkur færi ekki einfaldlega að leiðast."

**Íslensku dægurlögin næst**

Árið 2006 er þéttbókað hjá Ghostigital, en Einar og Curver voru svo lánsamir að fá báðir listamannalaun sem þeir taka seinni hluta árs og sinna þá Ghostigital af fullum krafti. Framundan er ferðalag til að fylgja eftir In Cod we trust, en orðstír dúettsins hefur borist víða um heim. „Tilraunatónlist á sér marga áhangendur um allan heim. Í gær fékk ég til dæmis tölvupóst frá krökkum á Nýja-Sjálandi sem sögðust vera búin að spila sjö tommuna okkar fram og til baka," segir Curver hinn hróðugasti. „Danirnir kunna reyndar ekki að meta okkur og eru bara pirraðir á þessu," skýtur Einar inn í. „Þeir eru líka svo ligeglad og nenna þessu ekki," bætir Curver við og hlær.

Þeir hafa auk þess fleiri járn í eldinum og semja til dæmis tónlistina við leikritið Hundrað ára hús eftir Jón Atla Jónasson og Hafliða Arngrímsson, sem frumsýnt verður í Nauthólsvík sumardaginn fyrsta. Áður hafa þeir gert tónlist við leikritið Draugalest eftir Jón Atla. „Þá skipta okkar egó litlu máli," segir Einar Örn. „Við fylgjumst með leikurunum sem reyna að skapa ákveðið ástand sem við reynum að styrkja með tónlistinni." Til að skapa réttu stemninguna hafa þeir tekið gömul íslensk dægurlög og sett í hakkavélina góðu. „Við erum að reyna að vinna áfram með einhver ný element og erum opnir fyrir öllu."

*Allir voru mættir til að hlusta á Pixies í rosastuði, en enginn vissi hvað við ætluðum að gera. Svo byrjuðum við og ég held að fyrir marga hafi þessi reynsla verið áþekk því að vera rekinn út að skokka í miðri fermingarveislu.*



# HORFIR ÞÚ ENN Á STÖÐ 2 EÐA SÝN Í GEGNUM GAMLA MYNDLYKILINN?

## SKIPTU ÞEIM GAMLA ÚT Á NÚLL KRÓNUR




## TRYGGÐU ÞÉR FLEIRI SJÓNVARPSSTÖÐVAR, ÁN ENDURGJALDS!






Nú getur þú fengið nýjan stafrænan Digital Ísland myndlykil þér að kostnaðarlausu.

Með nýja stafræna myndlyklinum færðu stóraukin myndgæði og aðgang að nýjum stöðvum sem ekki nást með gamla myndlyklinum, en sjónvarpsstöðvunum NFS, Sirkus og Stöð 2+ nærðu aðeins með nýja myndlyklinum.

**Allir sem skipta út gamla myndlyklinum** og sækja nýjan fyrir 30. apríl **fá 10 daga ókeypis kynningaráskrift** að Sýn eða Stöð 2 **og DVD-disk með Strákunum**.

Skiptu gamla myndlyklinum út fyrir þann nýja í næstu verslun Og Vodafone, Rafeindatækni í Keflavík eða í Tölvuþjónustunni Akranesi og þú horfir á uppáhalds sjónvarpsstöðvarnar þínar í stafrænum hágæðum án aukakostnaðar og án þess að þurfa örbylgjuloftnet.*

* UHF loftnetið gerir þér kleift að horfa á NFS, Sirkus, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Bíó, Sýn og Rúv í stafrænum gæðum en það þarf örbylgjuloftnet til að ná Sýn+, PoppTV og erlendu sjónvarpsrásunum á Digital Íslandi.

GOTT FÓLK McCANN

digital ísland

OG VODAFONE: KRINGLUNNI / SMÁRALIND / SÍÐUMÚLA / AKUREYRI / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS



SAMUEL BECKETT BYRJAÐI AÐ SKRIFA LJÓÐ EN SAMDI SÍÐAR SKÁLDSÖGUR, SMÁSÖGUR OG FJÖLDA LEIKRITA
Umkomuleysi mannsins í ótal birtingarmyndum
NORDIC PHOTO/ GETTY IMAGES

# Tilgangsleysi lífsins í röklausum heimi

Á þessu ári eru liðin 100 ár frá fæðingu írska leikskáldsins **Samuels Beckett** og víða um heim minnast menn ævi hans og verka. Beckett var og er einn af meisturum evrópskrar leikritunar og áhrifa hans gætir enn í dag hvort sem menn ræða um absúrdleikhús, tilvistarstefnu eða póstmódernisma.

Beckett fæddist í smábæ í nágrenni Dyflinnar árið 1906 en ekki er fullvíst hvort það hafi verið föstudaginn 13. apríl því heimildum þar um ber ekki saman. Táknræn merking þessa dags og tenging hennar við persónu höfundarins hefur þó vafalítið orðið til þess að skjóta rótum undir þá kenningu að rithöfundurinn sé fæddur á ólánsdegi sem bar upp á föstudaginn langa.

Beckett bjó lengst af í sjálfsskipaðri útlegð í London og París en hann skrifaði verk sín jöfnum höndum á ensku og frönsku. Á ritferli sínum gaf hann út skáldsögur, smásögur og ljóð auk þýðinga og bókmenntarýni og leikritanna sem hann er hvað þekktastur fyrir. Hann heillaðist snemma af leikhúsinu og sótti meðal annars sýningar í Abbey-leikhúsinu í Dyflinni en á uppvaxtarárum hans þar var írsk leikritun í mikilli deiglu. Þar sá Beckett til að mynda verk eftir John Millington Synge sem hann taldi síðar til áhrifavalda sinna. Vitanlega sótti hann innblástur og áhrif í margar áttir, til dæmis í klassískar bókmenntir. Margir hafa orðið til að benda á áhrif kvikmyndalistarinnar á verk hans en vitað er að hann sótti sitthvað til þöglu myndanna, t.d. til líkamsbeitingar leikaranna en hann skrifaði jafnan nákvæmar sviðslýsingar með verkum sínum. Beckett hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1969. Hann skrifaði allt til dauðadags en hann lést á sjúkrahúsi þann 22. desember árið 1989.

## Umfangsmikið ævistarf

Beckett er af mörgum talinn með upphafsmönnum absúrdleikhússins eða leikhúss fáránleikans en fræðimenn hafa þó verið duglegir við að benda á markleysi þess stimpils og vilja sumir fremur tengja verk hans við tilvistarstefnu eða póstmódernisma. Beckett á þó sitthvað sameiginlegt með helstu páfum absúrdleikhússins,



**LEIKSTÝRÐI OFT VERKUM SÍNUM SJÁLFUR**
Beckett heillaðist snemma af leikhúsinu.

þeim Eugéne Ionesco og Alfred Jarry, því allir snerust þeir gegn ríkjandi leikhúshefðum síns tíma með tilheyrandi formtilraunum og frumlegri nálgun á tungumálið.

Þekktasta verk Samuels Beckett, Beðið eftir Godot, var frumsýnt í Frakklandi árið 1953 og færði honum heimsfrægð en Beckett hafði áður skrifað fjölda verka, til að mynda þríleik í skáldsöguformi, bækurnar Molloy, Malone meurt og L'innommable á árunum 1951-1953 en sú fyrstnefnda kom út í íslenskri þýðingu Trausta Sveinssonar árið 2001. Beckett skrifaði fjölda leikrita í fullri lengd, styttri verk og einleiki auk útvarps- og sjónvarpsleikrita en í verkum sínum endurtók hann og vann ítrekað með sömu viðfangsefnin.

Beðið eftir Godot var fyrst sett upp hérlendis hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1960 í þýðingu Indriða G. Þorsteinssonar en hlaut fremur dræmar undirtektir áhorfenda enda ríkti þá sterk raunsæishefð í íslensku leikhúsi. Verk hans hafa síðan verið sett upp í íslenskum atvinnu- og áhugaleikhúsum, þar á meðal verkin Endatafl sem Beckett samdi árið 1957 og Síðasta segulband Krapps frá 1965. Verk Becketts ganga síðan aftur í ýmsum myndum. Nýlega var hluti af leikritinu Beðið eftir Godot unninn inn í sýninguna MindCamp sem sýnd var í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

Úrval úr verkum Becketts kom út í þýðingu Árna Ibsen árið 1987 en bókin Sögur, leikrit, ljóð var mikill fengur fyrir lesendur og raunar íslenskt bókmenntalíf almennt. Í skrifum Árna þar kemur fram að viðfangsefni Becketts hafi ætíð hverfst um getuleysi mannsins, skilnings- og bjargarleysi hans sé stef sem gangi í gegnum öll hans verk. Í verkum sínum tekst Beckett á margvíslegan hátt við mennskuna og hann lýsir með tregablandinni gamansemi andlegu þroti einstaklingsins og tilgangsleysi lífsins í röklausum heimi.

Heimurinn er síst röklegri nú en þegar Beckett var og hét en verk hans halda áfram að vera brunnur sem fræða- og leikhúsfólk sækir í, innblástur fyrir komandi kynslóðir listamanna, lesenda og áhorfenda.

kristrun@frettabladid.is



## Beckett bíður áhorfandans

**Beckett var greinandi og spámaður, það var hans styrkur. Hann var sjáandi og heimspekingur. Í dag halda menn stundum að þeir séu að gera eitthvað svipað og Beckett gerði þegar menn segjast sökkva sér í rannsóknarvinnu og ætla síðan að færa fólki einhverja útkomu á leiksviðinu en það er misskilningur. Ef fólk vill niðurstöður einhverja rannsókna þá fer fólk upp í Þjóðarbókhlöðu og les vísindatímarit. Beckett þurfti ekki að rannsaka allt ofan í kjölinn. Hann var mun klárari en það, hann byggði ekki flækingana sína á áralöngum rannsóknum á sálarlífi þeirra heldur skynjaði hann manninn á miklu heildstæðari hátt.**

**Bókmenntafræðingar eru sífellt að taka verk og kryfja þau, afgreiða þau og þó Beckett sé orðin stofnun bíður hann alltaf áhorfandans. Beckett hafði greind til þess að treysta dómgrein annarra, hann mataði fólk ekki á merkingunni og hann sagði ekki: „Þetta ber að skiljast svona", það á bæði við um leikritin og skáldsögurnar.**

**Ég held að Beckett hafi haft miklu meiri áhrif á íslenskt leikhús heldur en fólk vill vera að láta, til dæmis á leikarana og þó það hafi ef til vill bara verið einhverjir sérvitringar sem sáu fyrstu verkin sem voru sýnd eftir hann hér þá var það líka fólkið sem var að gera eitthvað svipað, skrifa og skapa. Leiklist hefur ekki bara áhrif á aðra leiklist, alveg eins og málaralist hefur áhrif á leiklist.**

**Guðmundur Brynjólfsson**
**leikhúsfræðingur**

## Grafarinn með fæðingartengurnar

**Ég var eitthvað ellefu eða tólf ára þegar ég fór í fyrsta sinn að sjá „fullorðinsleikrit". Það var rigningardag í Njarðvíkum og það voru ekki margir í salnum. Þetta var gestasýning Þjóðleikhússins í tilefni af vígslu Stapans, á tveim einþáttungum, Jóðlíf eftir Odd Björnsson með öndvegisleikurunum Baldvini Halldórssyni og Þorsteini Ö. Stephensen og einþáttungi eftir Samuel Beckett, Síðasta segulband Krapps með goðinu mínu sem hafði leikið Lilla klifurmús, Árna Tryggvasyni. Í myrkvuðum salnum grét ég og hló og uppgvötvaði óravíddir skynjunarinnar sem leikhús, eins og það best gerist, getur gefið. Fáir myndu telja svona „absúrd" leikhús við barna hæfi, en trúið mér, eins og barn verður maður að taka á móti leiklistinni þegar hún gerist eins djúp og fögur og þennan dag. Ég var ekki lengur í vafa hvað mér bæri að gera í þessu stutta lífi mínu á jörðinni. Leikhúsmaður varð ég þarna og hef ekki yfirgefið það hlutskipti. Samþætting þessara manna, hins íslenska Odds og hins írska Samuels, batt mig þeim til æviloka. Síðar átti ég eftir að vinna með Oddi að Beðið eftir Godot eftir Samuel með Árna í öðru aðalhlutverkinu. Því lífið er bara endurtekning, eins og Samuel segir, en þykist bara vera misjafnlega þýðingarmikið. Oddur kunni tökin á skáldbróður sínum, þessum „grafara með fæðingartengurnar" sem svo eftirminnilega verður táknmynd skapara þess stutta lífs sem okkur er gefið í Beðið eftir Godot. Þar segir einnig: „Þær fæða börn yfir opinni gröf. Ljósið skín andartak. Síðan er aftur nótt." Ég er enn að reyna að þykjast lifa í þessu stutta ljósi... með skáldskap Samuels á vörum.**



**Viðar Eggertsson leikstjóri**

## Eilíf uppreisn

**Ég tel óvarlegt að rekja einhver bein áhrif á íslenska leikritun en áhrif hans á aðra höfunda eru augljós. Skýrasta dæmið í íslenskri bókmenntasögu tel ég vera milli þríleiksins hans, skáldsagnanna Malloy, Malone meurt og L'illnommable og sögu Guðbergs Bergssonar, Tómas Jónsson – metsölubók en í sínum sögum fjallar Beckett um niðurbrot sjálfs og líkama líkt og Guðbergur gerir í sögunni um Tómas Jónsson.**



**Það fer gjarnan orð af því að verk Becketts séu þung aflestrar, að í þeim hringsóli vitund textans sífellt kringum ekkert eða þá þrammi fram og aftur blindgötuna. Hvert sannleiksgildi slíkra lýsinga á verkum Becketts er verður hver og einn lesandi að gera upp við sig.**

**Beckett heldur áfram að minna leikhúsfólk á uppreisn gegn hefð og ríkjandi formi en verkum hans var og er mætt af skilningsleysi hér heima, tilraunaleikhúsi er vanalega tekið með tortryggni sem nýlegar sýningar eins og Virkjunin og MindCamp sanna. Beckett er samt orðinn klassískur og fólk hefur orðið meiri þolinmæði fyrir verkum hans nú til dags.**

**Soffía Auður Birgisdóttir**

# OPIÐ ALLA PÁSKANA






## Opnunartími um páskana

**Skírdagur:** 12:00 - 23:30
**Fös. langi:** 14:00 - 23:30
**Lau.:** Venjulegur opnunartími
**Páskadagur:** 14:00 - 23:30
**Annar í páskum:** 12:00 - 23:30

*Gleðilega páska*

**BÓNUSVÍDEÓ**

*Leigan í þínu hverfi*

# Ólíkar birtingarmyndir guðdómsins

Biblían og kristin trú lita alla vestræna menningu og þar er afþreyingarmenningin engin undantekning. Jesús Kristur er allt umlykjandi og birtist til dæmis í hinum ólíklegustu myndum í kvikmyndum. Hann er þó ekki alltaf mættur í eigin persónu en svokallaðir kristsgervingar tryggja þó oft nærveru hans. Kristsgervingurinn þarf síður en svo að líkjast Kristi í öllum megin-atriðum en hefur þó jafnan sannfærandi skírskotun til Krists eða boðskapar hans. Það þarf því engan að undra að þegar vel er að gáð leynist Jesús nánast alls staðar og ekki síst í bíó.

## FRELSARINN EINI



Neo í Matrix-þríleiknum er sannkallaður messías. Hann er frelsarinn, sá eini, og þjakað og ofsótt mannkynið bíður þess að spádómurinn um komu hans rætist. Þegar Neo kemst loks til fullrar meðvitundar og attar sig á mikilvægi sínu færir hann persónulegar fórnir og leggur líf sitt að veði til þess að tryggja mannfólkinu réttinn til að dansa, elskast og njóta þess að hafa frjálsan vilja í vélvæddri blekkingarveröld.

## LJÓSIÐ Í MYRKRINU



Súpermann er góður og gildur kristsgervingur. Jor-El, faðir hans, sendir hann til jarðar með þetta veganesti: „Lifðu sem einn af þeim, Kal-El, og kannaðu hvar styrks þíns og krafta er þarfnast. Varðveittu ætíð í hjarta þínu stoltið af einstakri arfleið þinni. Þau geta verið stórfenglegt fólk, Kal-El. Þau vilja vera það. Þau skortir aðeins ljósið til að vísa þeim veginn. Það er fyrst og fremst fyrir þessar sakir, getu þeirra til að breyta rétt, sem ég sendi þeim þig – minn eina son.“ Það þarf varla frekari vitnanna við; sonurinn er sendur mannkyninu til að leiðbeina því og vernda og þeir sem þekkja Súpermann vita að hann varð sannkallaður kraftaverkamaður þegar hann gekk um jörðina sveipaður rauðu skikkjunni sinni.

## PÍSLARGANGA Á HAMBORGARAHÆÐ



Morgan Spurlock er sjálfsagt einhver ólíklegasti kristsgervingur kvikmyndanna enda er hann ekki skálduð persóna heldur maður af holdi og blóði. Hann vakti mikla athygli fyrir tveimur árum með heimildarmynd sinni Super Size Me en hann ákvað að ráðast í gerð hennar eftir að einn forstjóra McDonalds hamborgarakeðjunnar lét hafa eftir sér að hægt væri að lifa góðu lífi á því að borða McDonalds í hvert mál. Ummælin vöktu mikla athygli enda er offita stórt heilbrigðisvandamál í Bandaríkjunum og víðar.

Spurlock tók forstjórann á orðinu og át hamborgara frá fyrirtækinu í hvert mál og til þess að taka skrefið til fulls skoraðist hann aldrei undan ef afgreiðslufólk bauð honum að stækka máltíðina upp í „Super Size“.

McDonalds-átið fór svo illa með Spurlock að læknar reyndu ítrekað að fá hann til að hætta átinu enda var lífrin í honum að því komin að gefa sig undir það síðasta.

Árni Svanur Daníelsson, starfsmaður Biskupsstofu og einn af forsprökkum rannsóknarhópsins Deux ex Cinema, segir nokkrar hliðstæður með Spurlock og Jesú. „Murlock hafði fyrst og fremst miklar áhyggjur af offitu,“ segir hann. „Hann rammar inn síðustu máltíðina af góðri fæðu og þeirri slæmu og kallar þær Last Supper eða Síðustu kvöldmáltíðina í höfuðið á verki Da Vinci,“ segir Árni Svanur og bætir við að þetta sé heilmikil píslarganga fyrir Murlock. „Hann upplifir ótrúlegar þjáningar og læknar ráða honum frá því að halda áfram,“ útskýrir hann en Spurlock gafst ekki upp þótt það tæki hann heilt ár að jafna sig fyllilega. „Hann ákveður að ganga á hólm við æðri máttarvöld, sem er McDonalds, og hefur sigur því fyrirtækið ákvað að taka þetta „Super Size“-boð af matseðli sínum.“

Árni segir að með því að skoða þetta í ljósi nokkurra stefja megi greinilega sjá að Spurlock er kristsgervingur. „Sigurstefið fjallar um það þegar Jesús hefur sigur á dauðanum, rétt eins og Murlock hafði betur gegn McDonalds. Siðferðisstefið er að hann er upphafinn kennari líkt og Jesús var. Hann étur yfir sig til þess að við þurfum ekki að gera það.“



## GÓÐI EINFELDNINGURINN

Hvunndagshetjan hjartaprúða og einfalda Forrest Gump sver sig í ætt við Fávita Dostojefskís og garðyrkjumanninn Chance í Being There en það má segja að þeir þrír séu svokölluð „kristsfífl“. Saklausir og hrekklausir menn sem skjóta upp kollinum í spilltu samfélagi og hafa umtalsvert áhrif á umhverfi sitt með góðmennsku sinni. Forrest átti það til að dúkka upp á ólíklegustu stöðum og afhjúpaði bæði hræsni samborgara sinna og opnaði augu manna fyrir breyskleika þeirra og brestum þegar þeir spegluðu sig í hreinni sál einfeldningsins.



## GEIMDVERGURINN GÓÐI

Geimkrúttið E.T. lagði heimsbyggðina að klunnalegum fótum sínum í kvikmynd Stevens Spielberg frá árinu 1982. E.T. varð strandaglópur á jörðinni þegar hann missti af félögum sínum eftir stuttan rannsóknarleiðangur. Hann kemst í kynni við drenginn Elliott og þeir tengjast órjúfanlegum vináttuböndum. E.T. boðar Elliott, vinum hans og fjölskyldu einlægan kærleiksboðskap og það er óhætt að segja að Elliott verði lærisveinn geimvitringsins sem er þeim eiginleikum gæddur að geta grætt sár og lífgað við visin blóm. Félögunum stendur ógn af yfirvöldum sem vilja klófesta geimveruna til þess að gera á henni rannsóknir og E.T. endar á skurðarborði vísindamanna þar sem hann geispar golunni. Þá kemur til kasta lærisveinsins unga sem rænir E.T. sem lifnar samstundis við. Eftir upprisuna tekur við æsilegur eltingaleikur þar sem þeir félagar hjóla upp til himna. E.T. hverfur svo út í óravíddir alheimsins en skilur eftir hluta af sjálfum sér í hjarta unga drengsins.

## BARNASTJARNA BÆTIR HEIMINN

Barnastjarnan Haley Joel Osment lék skólastrákinn Trevor McKinney í myndinni Pay it Forward. Hann fær þá snjöllu en sáraeinföldu hugmynd að það megi bæta heiminn með því að virkja fólk til góðverka. Góðverkin verður maður að vinna af fullkominni óeigingirni og sá sem nýtur góðs af á svo að láta góðverkið ganga og þakka fyrir sig með því að rétta einhverri bláókunnugri manneskju í hremmingum hjálparhönd. Þetta hrindur af stað góðverkahrinu sem ekki sér fyrir endann á þegar strákurinn er særður síðusári sem dregur hann til dauða. Að honum látnum hópast fólk að heimili hans úr öllum áttum og heldur vonarneistanum sem hann tendraði á lífi. Það vill svo skemmtilega til að James Caviezel, sem lék sjálfan Jesús nokkrum árum síðar í Passion of the Christ, leikur ógæfusaman útigangsmann sem öðlast nýja trú á lífið eftir kynni sín af litla kristsgervingnum.



## LEIKARI DEYR FYRIR AÐRA



Kanadísk/franska kvikmyndin Jésus de Montréal frá árinu 1989 segir frá Daniel, ungum leikara, sem tekur að sér hlutverk Jesú Krists í óhefðbundinni uppfærslu leikhóps á píslarsögunni. Hlutverk Krists hefur djúpstæð áhrif á persónu Daniels sem lætur svo fyrir slysni lífið á krossinum. Dauði hans er þó ekki til einskis þar sem líffæri hans og líkamshlutar eru grædd í og á þá sem með þurfa.

## HIN LÍKNANDI RISAKRUMLA



Hinn tröllvaxni Michael Clarke Duncan lék einfeldninginn John Coffey í kvikmyndinni The Green Mile sem byggði á safmnefndri skáldsögu Stephens King. Coffey er ofsóttur, pískaður og fangelsaður ranglega og dæmdur til dauða fyrir morð á tveimur ungum stúlkum. Fangaverðir hans á dauðadeildinni uppgötva að hann er gæddur yfirnáttúrulegum líknarhæfileikum en með handayfirlagningu getur hann fjarlægt líkamleg mein með því að taka á sig þjáningar annarra. Tíma sinn í biðsal dauðans notar þessi góða sál í risastóra líkamanum til þess að lækna Tom Hanks af svæsinni þvagfærasýkingu, fjarlægir heilaæxli úr konu og vekur dauða mús upp frá dauðum. Þeir sem verða fyrir snertingu Coffeys öðlast þar fyrir utan nánast eilíft líf. Þrátt fyrir öll góðverkin og sakleysið komast fangaverðirnir, gegn betri vitund, ekki hjá því að taka Coffey af lífi. Krossinn er að vísu ekki lengur aftökutæki þannig að Coffey endar líf sitt í rafmagnsstólnum.

# Jesús á hvíta tjaldinu

Kenningar Krists eru hornsteinar vestrænnar siðmenningar þannig að hann skýtur óhjákvæmilega af og til upp kollinum í kvikmyndum, rétt eins og öðrum listaverkum og mannanna verkum yfirleitt. Hollywood gefur Jesús gaum með reglulegu millibili og þá eru efnistökin oftar en ekki umdeild ekkert síður en leikararnir sem taka að sér þetta stóra og vandasama hlutverk.



**Max Von Sydow**
Lék Jesús í The Greatest Story Ever Told árið 1965. George Stevens leikstýrði þessari tæplega 200 mínútna löngu mynd sem þótti vel heppnuð í flesta staði þótt það hefði vissulega farið fyrir brjóstið á brjóstið á mörgum að Sydow væri sænskur og þótti því undarlegt val í aðalhlutverkið.



**Ted Neeley**
Landaði hlutverki Krists í kvikmyndagerð Normans Jewison á söngleiknum Jesus Christ Superstar árið 1973. Söngleikinn þekkja flestir en í honum syngja persónurnar sig í gegnum síðustu vikurnar í lífi Jesús. Kvikmyndin þykir athyglisverð fyrir margra hluta sakir og þá ekki síst fyrir frjálslegri túlkun á hlutverki frelsarans en áður þekktist.



**Willem Dafoe**
Fékk þyrnikórónu og var krossfestur í umdeildri kvikmynd Martins Scorsese sem byggði á skáldsögunni Síðasta freisting Krists eftir Nikos Kazantzakis. Þegar The Last Temptation of Christ kom fyrir augu almennings árið 1988 vakti hún upp heitar deilur þar sem sanntrúuðum misbauð sá mannlegi Jesús sem þar birtist. Dafoe þótti þó standa sig með mikilli prýði í aðalhlutverkinu þó að myndin væri ekki allra. Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins, hafði til dæmis þetta að segja um Síðustu freistingu Krists þegar hann bar hana saman við Passion of the Christ eftir Mel Gibson: „Það er hræðileg mynd og það er ekki hægt að tala um þessar myndir í sömu setningu. Það er alveg ljóst að Gibson gerir þetta af köllun.“



**James Caviezel**
Þessi látlausi leikari var afskaplega jesúlegur Jesús í Passion of the Christ sem Mel Gibson gerði árið 2004, nánast innblásinn heilögum anda. Myndinni var almennt vel tekið þó að ofbeldið í henni væri yfirgengilegt og meðferðin á Kristi á hvíta tjaldinu fengi áhorfendur til að engjast um í sætum sínum undir píslum frelsarans á tjaldinu. Gibson þótti tefla djarft með því að gera myndina á arameísku en hitti beint í mark með því að láta Krist tjá sig á móðurmálinu.

## PÁSKAHELGIN: DÓRA TAKEFUSA HJÁ FOREVER ENTERTAINMENT

# *Framleiðir þættina Bakvið böndin með Ellen og Ernu*



**Hvað ætlar þú að gera um páskana?**
Mig langaði rosalega mikið að fara á Aldrei fór ég suður tónlistarhátíðina á Ísafirði. Ég er frekar svekkt að komast ekki þangað, það hefði verið ofboðslega skemmtilegt en það lítur út fyrir að ég verði að vinna alla páskana. Það er svo rosalega mikið að gera hjá mér þessa dagana að ég verð örugglega að sitja yfir bókhaldi. Krakkarnir verða líka að heiman um páskana þannig að ég ætla að nota tækifærið og gera vorhreingerninguna heima, þrífa gluggana og svoleiðis fyrst sólin er farin að skína. Ég vona að ég geti svo tekið smá afslöppun þess á milli og lagst upp í sófa með teppi og horft á nokkra þætti af Desperate Housewives. Ég var nefnilega að fá lánaða DVD-diska með þeim. Mesta tilhlökkunin er samt að opna páskaeggið mitt sem ég er búin að fá frá mömmu. Það er mun erfiðara fyrir mig að horfa á páskaeggið upp í hillu en börnin mín, ég er svo sjúkur sælgætisgrís. Þannig að aðal tilhlökkunin er að ráðast á eggið!

**Hvað gerðirðu um síðustu páska?**
Ég fór austur á Seyðisfjörð, í minn heimabæ eins og ég geri oft um páskana. Einu skiptin sem ég fer á skíði nú orðið er á Seyðisfirði um páska. Það er frábært að vera í fjallinu þar.



ER ÞETTA ÞITT MÁL?



Hver Reykvíkingur hendir árlega að meðaltali rúmlega 200 kg af rusli.
Við það bætist hreinsun sorps af götum borgarinnar sem kostar um 23 milljónir króna árlega. Þetta samsvarar meðalútsvari rúmlega 100 Reykvíkinga.

ÞAÐ MUNAR ENGU FYRIR ÞIG AÐ HENDA RUSLI Í TUNNUNA
ÞAÐ MUNAR ÖLLU FYRIR UMHVERFIÐ

Reykjavíkurborg

Virkjum okkur!

# Pottþéttir páskar í Reykjavík



Ein mesta ferðahelgi landsins er framundan og hugsa margir sér til hreyfings. Þeir sem eftir verða í höfuðborginni þurfa þó ekki að maula páskaegg alla páskana því nóg verður um að vera í Reykjavík. Fréttablaðið hefur tekið saman nokkrar hugmyndir að pottþéttum páskum.






















**SKÍRDAGUR**

## Kolaportið 17 ára

1 Kolaportið fagnar 17 ára afmæli sínu í dag og býður gestum og gangandi að kíkja við milli kl. 11 og 17. Barnafólk ætti sérstaklega að vera á staðnum milli kl. 13 og 15 því þá verður Pétur Pókus á svæðinu og leikur listir sínar og gefur börnum gjafir, þ.e.a.s. svo lengi sem birgðir endast. Kolaportið er líka opið á laugardaginn.

## Sprengiverk, líkamshlutar og neonljós

2 Eftir túr í Kolaportið er ekki óvitlaus hugmynd að labba við í Hafnarhúsinu þar sem standa nú yfir fjórar sýningar. Joseph Kosuth sýnir textaverk úr neonljósastöfum í portinu, Guðjón Bjarnason sýnir sprengiverk úr stálrörum, Johan Coplans sýnir líkamshluti og sjálfsmyndir og að lokum má sjá ýmis verk eftir Erró á safninu. Safnið er opið frá 10 til 17 alla páskana og það sama má segja um Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn.

## Bubbi og Konan

3 Það er orðið alllangt síðan höfuðborgarbúar fengu að sjá Bubba einan með gítarinn á sviði. Það er hins vegar heldur betur að breytast því Bubbi hleypir af stokkunum tónleikaröð með fimm tónleikum í kvöld og verða þeir allir haldnir á Nasa við Austurvöll. Á hverjum tónleikum mun Bubbi taka fyrir eina plötu en spila líka annað efni í bland, í takt við eigin löngun og stemninguna í salnum. Ein besta dægurplata íslenskrar tónlistarsögu verður tekin fyrir í kvöld, platan Kona sem kom út árið 1985. Á henni er að finna lög eins og Róméó og Júlía, Talað við gluggann og Systir minna auðmýktu bræðra. Tónleikarnir hefjast kl. 21 en húsið opnar kl. 20.

## Blús frá Chicago

4 Blúshátíð Reykjavíkur er í fullum gangi í höfuðborginni og býður hún upp á stórtónleika á Nordica hotel með aðalgestum hátíðarinnar, dívunum þremur frá Chicago, þeim Deitru Farr, Zoru Young & Grönu Louise, ásamt Vinum Dóra. Kjörið er að fara fyrst á veitingastaðinn Vox og fá sér þar að borða en hann býður upp á sérstakan matseðil í tengslum við blúshátíðina. Tónleikarnir byrja kl. 21.

**FÖSTUDAGURINN LANGI**

## Tónleikar í kirkju

5 Það er góður siður að fara í kirkju um páskana, ef ekki í messu þá á tónleika. Það er t.d. kjörið að bregða sér í Langholtskirkju kl. 16 og hlýða þar á kór kirkjunnar flytja Petite Messe solennelle eftir Gioachino Rossini en mikil trúargleði ku einkenna verkið. Í Fríkirkjunni verða svo þrjár dívur frá Chicago með sálmatónleika kl. 20 en tónleikarnir eru partur af Blúshátíð Reykjavíkur.

## Spenna í bíó

6 Það er ekki úr vegi að skella sér í bíó um páskana því bíóhúsin halda opnu eins og venjulega alla páskana. Það má t.d. tékka á nýju spennumyndinni með Harrison Ford, Firewall sem frumsýnd er í Sambíóunum í dag. Harrison Ford leikur þar öryggis-







málastjóra banka sem neyðist til að aðstoða við innbrot í bankann þegar ræningjar halda fjölskyldu hans í gíslingu. Harrison leikur á móti Óskarsverðlaunahafanum Virginu Madsen („Sideways“).

**Ray Davies tónleikar**

7 Breski rokkarinn Ray Davies er kominn til landsins og verður með tónleika í Háskólabíói í kvöld. Þegar síðast fréttist voru enn óseldir miðar á tónleikana en miðaverðið er 6900 kr. Þetta er í fjórða sinn sem Davies heldur tónleika á Íslandi og mun hann flytja blöndu af gömlum perlum sem og efni af nýjustu plötu sinni. Kappinn verður ætíð kenndur við hljómsveit sína The Kinks sem er ein áhrifamesta hljómsveit rokksögunnar.

**Rokk og ról**

8 Þeir sem vilja sletta almennilega úr klaufunum í kvöld skella sér á risadansleik á Gauknum. Það eru engir aðrir en snillingarnir í Jet Black Joe sem stíga þar á svið og rokka fram á rauða nótt.

**LAUGARDAGUR**

**Lúxuslunch á Vegamótum**

9 Hvað er betra en að sofa út og tölta síðan niður í bæ og fá sér góðan brunch? Kaffihúsið Vegamót við Vegamótastíg býður upp á þrjár útgáfur af eðal brunch um helgar sem enginn verður svikinn af. Brunchinn er afgreiddur frá opnun til 17.30. Við mælum með Lúxus útgáfunni sem inniheldur: hrærð egg og beikon, pastramiskinku, maribo og goudaost, tvær tegundir af brauði, ferska ávexti, pönnukökur og sýróp, banana- og ávaxtasmoothy og nýkreistan appelsínusafa.

**Typpatal**

10 Þeir sem enn hafa ekki séð Typpatal með Audda geta skellt sér á Nasa í kvöld og notið þessa vinsæla uppistands. Það fer hver að verða síðastur að sjá Audda í þessu hlutverki því sýningum fer senn að ljúka. Húsið opnar kl. 20 og miðar eru seldir á miði.is og í Skífunni.

**Tvöfalt stuð á Players**

11 Stórhljómsveitirnar Papar og Brimkló verða saman á sviðinu á Players í Kópavogi bæði á föstudags- og laugardagskvöld. Paparnir voru að senda frá sér nýja plötu og munu líklega taka lög af henni og Brimkló á nóg af gömlum og góðum smellum. Það verður pottþétt hægt að hrista skankana all duglega þarna.













**SUNNUDAGUR**

**Páskabaðið**

12 Það er kjörið að drífa sig í sund í dag og skola súkkulaðiklístrið af sér. Vesturbæjarlaugin er opin frá kl. 10 til 18 og Laugardalslaugin frá kl. 10 til 20.

**Húsdýrin heimsótt**

13 Flestir krakkar landsins eru fullir af orku í dag eftir heiftarlegt páskaeggjaát. Það er kjörið að fara í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn með krakkana og láta þau brenna einhverju af sykrinum. Það er opið alla páskana frá kl. 10 til 17.

**Hressileg sunnudagsganga**

14 Ferðafélag Íslands stendur alltaf fyrir göngutúrum á sunnudögum og bregður ekki út af vananum á páskadag. Gengið verður í 3 til 5 klst. í nágrenni Reykjavíkur og verður lagt af stað frá Mörkinni 6, kl. 10. Það kostar ekkert að taka þátt í göngutúrnum, bara að mæta á staðinn í útivistarfatnaði, með nesti og góða skapið í farteskinu.

**Íslensk heimildarmynd á Rúv**

15 Ríkissjónvarpið sýnir áhugaverða heimildarmynd eftir Þorstein Jónsson kl. 19.40 í kvöld um líf eldri borgara á dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði sem nefnist Ómur af söng. Eldri borgarar og aðstæður þeirra hafa verið mikið í umræðunni að undanförnu svo það verður fróðlegt að fá nánari innsýn í daglegt líf á týpísku dvalarheimili, en ekki er að efa að þar er oft fjör og skemmtilegt að vera.



# Hollywood snýr baki við hefndinni

Valur Gunnarsson fjallar um viðhorfsbreytingar í Hollywood. Hefndin hefur í gegnum tíðina verið lykilhugtak í Draumaverksmiðjunni en hún hefur nú gengisfallið og gildi hennar er dregið í efa.

Eitt áhugaverðasta atriðið í kvikmynd Steven Spielberg, Munich, sýnir herráðsfund í Ísrael sem setinn er af Goldu Meir forsætisráðherra. Rætt er um hvað gera skuli til að bregðast við morði ellefu ísraelskra íþróttamanna af völdum palestínskra hryðjuverkamanna í München. „Við höfum gert loftárásir á þjálfunarbúðir Palestínumanna og drepið 60 manns,“ segir einn herforinginn. „Það eru engin viðbrögð,“ segir annar. Golda Meir bætir því við að allar siðmenningar verði stundum að gera málamiðlanir gagnvart eigin gildum.

## Auga fyrir auga

Í Gamla testamentinu segir að taka skuli auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. Hefnd er nauðsynlegt viðbragð í samfélögum þar sem ekki er til neitt yfirvald. Ef ekkert réttarkerfi er til staðar er eina leiðin til að koma í veg fyrir ofbeldi að láta ofbeldismenn óttast hefndaraðgerðir þeirra sem fyrir ofbeldinu verða. Slíkt viðgengst í sumum hverfum í Belfast í dag þar sem löggæsla hefur fallið niður, og menn eru skotnir í hnéskeljarnar að framan fyrir minniháttar brot og að aftan fyrir meiriháttar. Hið sama gilti um Ísland á Þjóðveldisöld, strangasta refsing samfélagsins var að dæma menn í útlegð og var þar með viðurkennt að menn mættu hefna sín á brotamanninum.

## Stríð og friður

Eftir lok Napóleonsstríða stóðu eftir fimm stórveldi í Evrópu: Bretland, Frakkland, Prússland, Rússland og Austurríki. Þessi ríki mynduðu mismunandi bandalög sín á milli, sem öll voru nógu sterk til að koma í veg fyrir auðveldan sigur eins aðila yfir öðrum, og gátu þannig tryggt fælingarmáttinn. Evrópa var laus við meiriháttar styrjaldir í hundrað ár og margir töldu að nútímavopn væru svo hrikaleg að enginn myndi þora að sleppa þeim lausum. Það var eigi að síður gert árið 1914, og ofbeldishringiða hófst sem lauk ekki fyrr en 1945.

## Kjarnorkuvopn og Kúbudeila

Með tilkomu kjarnorkuvopna fékk fælingarmátturinn hins vegar enn sterkari merkingu. Í Bandaríkjunum var talað um „massive retaliation,“ árás myndi ekki einungis verða svarað með samsvarandi árás heldur margfalt sterkari. Stórveldin hófu að byggja upp vopnabúr sem gátu ekki bara tortímt andstæðingnum einu sinni heldur margoft, sem er lógísk niðurstaða þeirrar margföldunaráhrifa sem kenningin gefur til kynna. Í Kúbudeilunni árið 1962 kom næstum því til kastanna, en komið var í veg fyrir að stríð brytist út.

## Hefnd Costners

Hugmyndin um „massive retaliation“ hefur átt greiða leið inn í bandarískar kvikmyndir, þó þær fjalli sjaldnast á beinan hátt um stjórnmál. Söguþráðurinn er gjarnan á þá leið að vinur/kærasta/eiginkona söguhetjunnar er drepin, og fjallar svo kvikmyndin um hvernig söguhetjan hefnir sín margfalt á öllum þeim sem áttu þátt í glæpnum. Hugmyndinni er líklega best lýst í kvikmyndinni „The Untouchables,“ þegar Malone, leikinn af Sean Connery, útskýrir leikreglur fyrir Eliot Ness, leiknum af Kevin Costner: „Ef þeir taka upp hníf tekur þú upp byssu, ef þeir senda einn af þínum mönnum á spítala sendir þú einn af þeirra í líkhúsið.“ Undir lok myndarinnar er hinn fyrrum löghlýðni Ness farinn að henda mönnum fram af húsþökum án dóms og laga. Bandaríski draumadrengurinn og Íslandsvinurinn Costner lék einnig í mynd sem bar einfaldlega titilinn Revenge, þar sem hann markvisst myrðir alla starfsmenn fyrrum vinar síns sem hafði látið berja hann til óbóta.



**MUNICH** Ísraelar hefna morða á ellefu íþróttamönnum í mynd Spielbergs en að þessu sinni er hefndin ekki upphafin heldur er þvert á móti grafið undan henni.

## Auga fyrir auga gerir heiminn blindan

Eins og kemur fram í kvikmyndinni Munich hefur Ísraelsríki beitt sömu aðferðum gegn Palestínumönnum.

Ekki er nóg að drepa 60 fyrir 11, fimm á móti einum, hefndin þarf að vera margfaldari en það. Upp úr hefst mikil ofbeldishringiða, þar sem hverri aftöku Ísraelsmanna er svarað með frekari morðum af höndum Palestínumanna.

Vandamálið við fælingarkenninguna er að hún virkar aðeins sé henni ekki beitt, svo sem í kalda stríðinu. En um leið og menn byrja að hefna kallar hefndin á enn meiri hefnd og úr verður hringrás sem erfitt er að stöðva. Því hrundi íslenska þjóðveldið til grunna, því hrundu gömlu valdablokkir Evrópu í hringiðu heimsstyrjaldanna, og óvíst er hvenær átökunum fyrir botni Miðjarðarhafs muni ljúka.

## Hefnd og fullnæging

Flestar bíómyndir sem fjalla um hefnd enda með því að hetjan myrðir aðalskúrkinn á hrottafenginn hátt, hefndinni og hetjunni er fullnægt. Í Munich fáum við að sjá bókstaflega fullnægingu söguhetjunnar að hefnd lokinni, en hún er enginn lokapunktur. Hann veltir því fyrir sér hvort hefndin hafi verið réttmæt og hvort einhverju hafi í raun verið áorkað. Bæði sá sem hefnir og sá sem fyrirskipaði hefndina eru komnir á glapstigu, og ofbeldið heldur áfram. Í lokaatriði myndarinnar býður hann yfirmanni sínum að brjóta með sér brauð að gyðingasið en yfirmaðurinn hafnar því. Málamiðlanir gyðinga við eigin siðmenningu í uppruna myndarinnar hafa leitt af sér allsherjar höfnun á gildum hennar.

## Tvöföld tímamót

Munich er í raun tvöfalt tímamótaverk fyrir Hollywood, leikstýrð af manni sem er öðrum fremur holdgervingur Draumaverksmiðjunnar. Hún er ein fyrsta myndin til að fjalla um átökin í Palestínu, eitt stærsta vandamál samtímans, og markar hún því tímamót í pólitískri kvikmyndagerð. Myndin markar einnig tímamót í nálgun á viðfangsefninu hefnd, sem hefur löngum verið dásömuð á hvíta tjaldinu en er nú dregin í efa.

Niðurstaða Munich er lýst í orðum einnar aukapersónunnar: „Við ætluðum að sýna fram á að það er kostnaðarsamt að myrða gyðinga, en það er ekki beinlínis ódýrt að drepa Palestínumenn heldur.“ Hefndin getur hitt skotmörk, en hún getur aldrei náð markmiðum.




TAKTU ÞÁTT!

# Leystu krossgátuna!

Þú gætir unnið 10.000 kr. gjafabréf á einum besta veitingastað landsins, Argentínu steikhúsi.

Þú sendir SMS skeytið **JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ** á númerið **1900!**

**Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.**

ARGENTÍNA

**Borðapantanir 551 9555**
**www.argentina.is**




99 kr/SMS
**Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.**









Frítt fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd með forráðamönnum • www.bluelagoon.is



# Gjöfin vex í pakkanum

**5.000 kr. verða 7.000 kr.**

Vildarviðskiptavinur Sparisjóðsins sem gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð Sparisjóðsins eða meira fær 2.000 króna viðbót við gjöfina frá Sparisjóðnum. Gefðu gjöf sem stækkar í pakkanum!

**Framtíðarsjóður**

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kíktu á spar.is og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.

SPARISJÓÐURINN
– fyrir framtíðina

Fiton/SÍA FI116713


## STUÐ MILLI STRÍÐA Páskafrí

**SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR** ÆTLAR AÐ HAFA ÞAÐ GOTT UM PÁSKANA



Þegar ég var í skóla þá var jólafríið í miklu uppáhaldi enda langt og gott. Páskafrí var aftur á móti ekki jafn huggulegt enda stutt í prófin og einhvern veginn alltaf eitthvert samviskubit að trufla mann í afslöppuninni sem óneitanlega setti mestan svip sitt á fríið.

Eftir að ég varð hluti af hinni vinnandi stétt hefur dæmið algjörlega snúist við. Jólafríið er iðulega ansi snautlegt og stutt og fyrir það þarf maður engu að síður að sinna ótal skyldum, gjafakaupum og fjölskylduboðum. Páskafríið er hins vegar eitthvað svo skuldbindingalaust að það er alveg dásamlegt. Hafandi skrifað þetta þá óttast ég pínulítið að ég sé búin að koma mér í vond mál fyrir páskafríið. Ég var að minnsta kosti búin að gera svo víðtækar áætlanir fyrir þessa fimm daga að það var nánast ógerlegt að standast þær.

Ég áttaði mig á því þegar ég skrifaði lista yfir það sem ég ætlaði að gera um páskana og á honum var svona sirka allt sem ég hef trassað undanfarið auk ýmissa skemmtilegra viðburða. Í stuttu máli þá ætlaði ég út úr bænum í ferðalag, ég ætlaði að heimsækja ættingja og vini og halda matarboð. Tiltekt var auðvitað á dagskránni, gott ef stórtæk geymsluhreingerning var ekki komin á kortið. Svo ætlaði ég að sjálfsögðu að slappa af og hafa það huggulegt.

Þegar ég las listann yfir þá sá ég að gamla páskafrísamviskubitið var skammt undan. Fyrirhuguð afslöppun yrði ekki mjög notaleg ef ég væri alltaf að hugsa um geymslutiltektina ógurlegu og allt hitt sem ég ætla að gera.

Ég hef því afráðið að leggja öll plön til hliðar og reyna bara að njóta lífsins, hvort sem það verður í geymslunni eða í matarboðum. Reyna að minnsta kosti að forðast samviskubit og eiga gleðilega páska og það vona ég að lesendur eigi sömuleiðis.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG BA Í SÁLFRÆÐI

# Svefnleysi eykur lystina og getur leitt til offitu

Margir hafa vanið sig á, ómeðvitað eða meðvitað, að sofa almennt lítið. Kannski ekki nema 4-6 tíma á nóttu. Ég hef jafnvel heyrt fólk státa sig á litlum svefni og vilja kannski með því undirstrika annasaman lífstíl sinn. Að sofa of lítið mun þó koma niður á okkur á einn eða annan hátt, því það er einhver ástæða fyrir þeirra miklu þörf líkamans að þurfa að hvílast vel. Þrátt fyrir margar rannsóknir á svefni er enn ekki hægt að skýra fullkomlega út af hverju þessi þörf stafar.
Margir rannsóknir hafa hins vegar sýnt fram á að svefnleysi getur haft í för með sér ýmsar neikvæðar afleiðingar, meðal annars aukna matarlyst sem getur þar af leiðandi leitt til offitu.

### Breytt mataræði og hreyfingarleysi eru ekki eini sökudólgurinn

Í nýlegu hefti af Psychology Today kemur fram að fullorðið fólk sefur að meðaltali tveimur tímum skemur nú í dag, en fyrir 40 árum. En á þessum tíma hafa Vesturlandabúar þyngst umtalsvert. Ástæðan sem mest hefur verið talað um er breyting á mataræði og hreyfingarleysi, en svo virðist sem svefnleysi geti einnig haft sitt að segja.
Í þessu virta sálfræðitímariti er sagt frá tveimur rannsóknum sem sýna fram á fylgni milli of lítils svefns og ruglings á virkni hormóna sem stjórna matarlyst og seðjun. Í stuttu máli virðist fólk borða of mikið þegar það sefur of lítið.

### Svefnleysi getur ruglað hormónastarfsemi

Skoðaðar voru svefnvenjur eitt þúsund sjálfboðaliða í 17 ár og kom í ljós að þeir sem sváfu almennt um fimm tíma á nóttu mældust með hærri líkamsþyngdarstuðul (BMI) en þeir sem sváfu í átta tíma, það er að segja voru þyngri. Þá kom í ljós að þeir sem sváfu of lítið höfðu meira magn af gherlin-hormóni í blóðinu. Gherlin er framleitt í maganum og sendir frá sér merki um hungurtilfinningu til heilans. Einnig kom í ljós að þeir sem sváfu of lítið höfðu minna magn af leptíni, sem er annað hormón sem stjórnar matarlyst og sendi heilanum boð um magafylli. Þetta háa hlutfall gherlins á móti lágu hlutfalli leptíns í líkamanum er talið auka matarlyst þessa fólks og það borðar því umfram þörf sína og þyngist.

### Getur þetta átt við þig?

Taktu þér nú smátíma til að velta fyrir þér hvort þetta gæti átt við þig. Kannastu við það að þegar þú sefur of lítið ertu sífellt að maula og langar meira í eitthvað sætt, feitt og/eða saltað? Ef svo er, ertu ekki ein(n) um það. Þetta hefur einmitt komið fram í rannsókn sem gerð var á svefni sex ungra manna sem fengu aðeins að sofa í fjórar klukkustundir á sólarhring í sex daga. Þeir komu svo ári síðar og fengu þá að sofa nægilega mikið í sex daga. Magn gherlins og leptíns var mælt hjá mönnunum bæði árin og það borið saman. Í ljós kom að þegar þeir sváfu minna var magn gherlins hærra og leptíns lægra en þeir fengu nægan svefn. Að auki sóttu þeir meira í sætan, feitan og saltan mat, þegar þeir sváfu of lítið.
Ef þú átt í baráttu við aukakílóin, leiddu þá hugann að svefnvenjum þínum. Þessar rannsóknir sýna fram á mikilvægi þess að sofa nóg, svo þessi mikilvægu hormón, gherlin og leptín haldist í réttum hlutföllum. Þá helst matarlystin frekar í skefjum og heilinn segir okkur tímanlega hvenær við erum orðin södd.

*Farið vel með ykkur,*
*Borghildur*

# Meðallífslíkur 34 ár

***Lífslíkur manna í heiminum eru lægstar í Simbabve en hæstar í Japan.***

Í nýrri skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum segir að lífslíkur fólks frá Simbabve séu mun minni en annars staðar í heiminum. Konur frá Simbabve lifa að meðaltali í 34 ár en karlarnir lifa að meðaltali í 37 ár.
Síðustu tólf mánuði hafa lífslíkur kvenna í Simbabve minnkað um tvö ár og samkvæmt skýrslunni eru lífslíkur þeirra þær lægstu í heiminum. Konurnar eru mun líklegri til að vera smitaðar af HIV-veirunni en þó koma aðrir þættir einnig við sögu enda er efnahagur landsins í molum og lífsskilyrði afar erfið.
Þau tíu lönd sem hafa lægstu lífslíkurnar eru öll í Afríku. Íbúar í Svasílandi og Síerra Leóne ná að meðaltali ekki 40 ára aldri. Japan var það land þar sem lífslíkur voru hæstar en þar lifir fólk að meðaltali til 82 ára aldurs.



Lífslíkur fólks í Simbabve eru lágar og að meðaltali nær fólk þar ekki fertugsaldrinum.



Framvísa þarf tilvísun til þess að fá þjónustu hjartalækna endurgreidda.

# Ný reglugerð um greiðsluþátttöku

***Framvísa þarf tilvísun frá heimilislækni eða heilsugæslulækni til þess að fá endurgreiðslu frá Tryggingastofnun vegna þjónustu hjartalæknis.***

Reglugerð um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunnar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í hjartalækningum var gefin út um síðustu mánaðamót. Samkvæmt þessari reglugerð þurfa sjúklingar að framvísa tilvísun frá heimilislækni eða heilsugæslulækni til þess að fá endurgreiðslu frá Tryggingastofnun. Reglugerðin tók gildi 8. apríl síðastliðinn og þeir sem fara til hjartalæknis án tilvísunar frá öðrum lækni verða að greiða fyrir þá þjónustu sjálfir þar sem þeir eiga ekki rétt á endurgreiðslu.


allt atvinna
Alla sunnudaga

KENNARANÁMSKEIÐ FYRIR ÞIG?
ROPE YOGA WORKOUT
www.ropeyoga.is



SKÍÐAPÁSKAR Á SIGLUFIRÐI

**Þriðjudagur 11. apríl**
**Lyftur:** Opið 14 – 20
**Sundlaugin:** Opið frá kl. 6:30 – 10 og 14 – 21

**Miðvikudagur 12. apríl**
**Lyftur:** Opið frá 14 – 20
**Sundlaugin:** Opið frá kl. 6:30 – 10 og 14 – 21
**Allinn Sportbar:** Trúbadorinn Teitur – nýr og ferskur – Frítt inn!
**BíóSalur:** FÍLAPENSLAR 15 ára og ball á eftir með Mðaldarmönnum.

**Fimmtudagur 13. apríl**
Skírdagur.
**Lyftur:** Opið 10 -17
Leikjabraut og brettabraut
**Sundlaugin:** Opin frá kl. 13 – 19
**Bíó Salur:** FÍLAPENSLAR

**Föstudagur 14. apríl**
Föstudagurinn langi
**Lyftur:** Opið 10 – 22
Leikjabraut og brettabraut
Tyrolagleði kl. 18
Garpamót kl. 18
**Sundlaugin:** Opin frá kl. 13 – 19
**Allinn Sportbar:** Stórdansleikur með hljómsveitinni VON
**Bíó Salur:** Ball með Terlín frá miðnætti.

**Laugardagur 15. apríl**
**Lyftur:** Opið frá 10 – 17
Leikjabraut og brettabraut
Andlitsmálun og páskaeggjamót fyrir 12 ára og yngri kl. 14.
**Sundlaugin:** Opin frá kl. 10 – 19.
**Allinn Sportbar:** Sönskemmtunin allt frá óperu til Idol og dansleikur með Stúlla og Sævari á eftir.
**Bíó Salur:** Ball með Spútnikk frá kl. 23.
**Bátahúsið:** Söngskemmtun karlakórsins kl. 20:30.

**Sunnudagur 16. apríl.**
Páskadagur
**Lyftur:** Opið frá 10 – 17
Leikjabraut og brettabraut
Bretta- og freestylekeppni samhliðasvig kl. 14
**Sundlaugin:** Opin frá kl. 15 – 19
**Allinn Sportbar:** Trúbadorinn Teitur – Frítt inn !
**Bíó Barinn:** Lifandi tónlist frá kl. 23 – 3

**Mánudagur 17. apríl**
Annar í páskum
**Lyftur:** Opið frá 10 – 17
Leikjabraut og brettabraut
**Sundlaugin:** Lokað.

Við höfum opið alla páskana

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skírdagur | 11.30 | — | 22.00 |
| Föstudagurinn langi | 15.00 | — | 21.00 |
| Laugardagur | 11.30 | — | 22.00 |
| Páskadagur | 15.00 | — | 21.00 |
| Annar í páskum | 15.00 | — | 21.00 |

Gleðilega hátíð



NINGS

Sími 588 9899 • Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Flóki Inn - Heimilisleg herbergi til leigu í lengri eða skemmri tíma á frábæru verði. Hafðu samband í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

AMERICAN STYLE

**AMERICAN STYLE Á BÍLDSHÖFÐA OG SKIPHOLTI**
Afgreiðsla og Grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu **Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

aktu taktu

**Afgreiðsla og Vaktstjórn Viltu vinna með skemmtilegu fólki?**
Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. **Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri (Óttar) í síma 898-2130, milli 9:00-17:00. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum.**

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi. Einnig vantar manneskju frá kl. 13-18.30 irka daga. S. 555 0480 og 896 9808.

**Húsasmiðjan.**
Helgarstarfsmaður óskast til starfa í verslun okkar í Hvarfahverfi í Kópavogi. **Uppl. í síma 660 3193.**

**Húsasmiðjan**
Óskar eftir afgreiðslumanni á kassa í nýrri verslun okkar í Hvarfahverfi í Kópavogi. Uppl. í síma 660 3193. **Uppl. í síma 660 3193.**

**Viltu vinna hjá góður fyrirtæki með skemmtilegu fólki?**
Kringlukránni vantar aukavinnufólk til þjónustustarfa í sal, bar og dyravörslu. Lágmarksaldur er 18 ára. **Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Smáralind**
Okkur vantar duglegt og skemmtilegt fólk til að vinna með okkur í stærstu verslun landsins! Um er að ræða störf í undirfatadeild, snyrtivörudeild, bakarí, salatbar og í kassadeild. Hægt er að sækja um í gegnum www.hagkaup.is, koma í Hagkaup Smáralind eða hringja í Trausta verslunarstjóra í síma 530 1000 og sjá hvort þetta sé ekki eitthvað fyrir þig.

Domino's Pizza

Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í þjónustuver í fullt starf og í hlutastarf. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga. Áhugasamir sæki um á www.dominos.is

**Veitingahúsið Vegamót**
óskar eftir dyravörðum og fólki í glasatínslu um helgar. **Uppl. á staðnum. Dyraverðir sendi uppl. á dyravarsla@vegamot.is.**

**Veitingahúsið Vegamót**
óskar eftir þjónum í fullt starf og hlutastarf í sumar. **Uppl. á staðnum hjá Símoni, Bryndísi, Andra eða Óla. Einnig er hægt að senda umsókn á vegamot@vegamot.is**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Óskum eftir vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Dekkjahöllin, s.462 3002 & 471 2002.

Europris. Starfsfólk óskast. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 511 3322. EUROPRIS.

Au pair Þýskaland. Einstæð þýsk móðir, með 5 ára stúlku og hund óskar eftir au pair. Uppl. veitir Magga, janmagga@t-online.de

Saumakona óskast, þarf að vera vön. Uppl. í s. 867 3460.

**Just-Eat.is**
Óskum eftir vönum pizzasendlum á eigin bíl sem geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

Söluturninn Rebbi í Hamraborg. Starfskraft vantar í afgreiðslu, ekki yngri en 18 ára, reyklaus. Umsóknareyðublöð á staðnum. S. 554 5350.

**Vörubifreiðastjóri óskast**
Vinnuvélaréttindi engin fyrirstaða. Uppl. í s. 893 1791.

**Ræstingar**
Starfskraftur óskast til ræstingastarfa við ræstingar á skrifstofu á sv. 110 RVK. Vinnutími 7:30 - 13:00. Upplýsingar í síma 894 2297 eða á halldor@allt-hreint.is

Hjólbarðaverkstæði vantar vana menn í vinnu fullt starf og hlutastörf t.d m. skóla. Uppl. í síma 699 8901. Höfðadekk Tangarhöfða 15.

Starfsmaður óskast í heildverslun til lager og útkeyrslustarfa. Uppl. í s. 863 4252.

Hótel Valhöll leitar að kraftmiklu og jákvæðu fólki í allar stöður. Sumarstörf og framtíðarstörf í boði. Umsóknir sendist á anita@hotelvalholl.is f. 23/4 nk.

**Íslandslyftur ehf**
Vegna aukinna umsvifa vantar okkur menn í þjónustu á fólkslyftum og við uppsetningu á nýjum lyftum. Rafirkjar, vélfræðingar eða menn með góða þekkingu á vélbúnaði, mega vera vanir. Uppl. í s. 860 7601 eða otis@islandslyftur.is.

Óska eftir starfsmönnum í hellulagnir o.fl. Helst vanir. Aðeins þeir sem nenna að vinna koma til greina. S. 895 0570.

**Auglýsingasölu starfskraftur**
Sveigjanlegur vinnutími, mjög miklir tekjumöguleikar. Reynsla skilyrði. Uppl. í síma 615 0000.

## Atvinna óskast

RS-Járnabinding ehf óska eftir vinnu.Tilboð óskast. Sími 820 4362.

## Viðskiptatækifæri

**Leitar þú að öryggi?**
Komdu góðu til leiðar og skapaðu þér háar tekjur í leiðinni: www.Gott-Folk.com.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Lokið :**
Dúnrey, Sellafild, Pentagon, Kreml
**Opnið :**
Himnatorg & Miðnes
Sameinumst í friðarferli og þjóðarsátt, látum gott afleiða, framrás þjóðar til heilla. Sjálfstætt fólk í lífsleikni.
**Árni Bergþór.**

## Ýmislegt

**Ég hef aldrei verið með þessum mönnum. Annað er lygi.**
Hrafnhildur.

## Einkamál

TANTRA
Erótísk verslun
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS



Til Sölu Land Cruiser 90VX diesel, beinsk. 33" breyttur árg. '97. Ek. 292.000 km. Leður, lúga, álf. Verð: 1.450 þ. stgr. Mögul. 100 % lán. Uppl. í síma 892 5628.

TANTRA
Erótísk verslun
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA.
OPIÐ UM PÁSKANA:
SKÍRDAG 13:00 - 17:00 OG Á LAUGARD. 12:00-18:00
20 % AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PÁSKAEGGJUM
Fákafeni 11 S. 588 6969
Hlíðasmára 13 S. 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Ég er myndarlega 53 ára kona og langar til að kynnast góðum manni til að ferðast með. Svör sendist til fbl. merkt "pósa".

Maðurinn sem sá konuna versla í Europris í Skútuvogi sem var að skoða seglið hjá manninum, er vinsamlegast beðin um að leggja inn nafn og símanr. hjá Fréttablaðinu merkt "6768"









# SUMARHÚSALÓÐIR

**Sumarhúsalóðir við Sogið**
Stórar og fallegar sumarhúsalóðir með útsýni yfir Sogið í landi Ásgarðs á besta stað í Grímsnesinu.
Upplýsingar veita Valtýr 898 0801 - Sigurður 895 5786

# NÁM

**Nemi óskast.**
GK Snyrtistofa óskar eftir nema í snyrtifræði. Upplýsingar veitir Guðlaug í síma 695-4654.
GK Snyrtistofa
Kjarni - Þverholt 2. 270 Mosfellsbær. gksnyrtistofa@gksnyrtistofa.is

# Vefstjóri - Spennandi tækifæri!

**Vegna aukinna verkefna óskar eitt öflugasta þjónustufyrirtæki landsins eftir að ráða vefstjóra til starfa. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið:**
- Uppsetning vefja fyrirtækisins
- Stýring innri og ytri vefja fyrirtækisins
- Önnur spennandi verkefni er tengjast vefstjórn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð þekking á skipulagi, hönnun og smíði vefja
- Kunnátta í vefsíðugerð m.a. HTML, Photoshop og Lisa.Net æskileg
- Góð íslenskukunnátta
- Lipurð í samskiptum og góð þjónustulund

**Í boði er mjög líflegt og skemmtilegt starf á öflugum vinnustað fyrir einstakling sem getur unnið sjálfstætt.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

Strandgötu 53
735 Eskifirði
Sími 540 7140
www.img.is




allt
brúðkaup
Alla þriðjudaga


VOPNAFJARÐAR HREPPUR

# Vopnafjarðarskóli auglýsir

**Kennara vantar við skólann næsta skólaár.**

**Kennslugreinar:** Íþróttir, sérkennsla, danska, myndmennt, tónmennt, smíðar, heimilisfræði, tölvufræðsla og náttúrufræði. Þá vantar okkur forfallakennara frá 19. apríl til loka skólaárs.

**Flutningsstyrkur og ódýrt húsnæði í boði.**

Frekari upplýsingar veita: Aðalbjörn, skólastjóri, sími 470-3251 og 861-4256.
Þórunn, aðstoðarskólastjóri, sími 470-3252 ; 846-4851.
Netföng: adalbjorn@vopnaskoli.is og thorunn@vopnaskoli.is

# DALVÍKURBYGGÐ

## Grunnskólakennarar Skólaárið 2006-2007

**Lausar eru til umsóknar nokkrar stöður við nýjan sameinaðan grunnskóla sem tekur til starfa í Dalvíkurbyggð 1. ágúst 2006.**

Stafsstöðvar hins nýja sameinaða grunnskóla verða tvær, Dalvíkurskóli með 295 nemendur í 1. - 10. bekk og Árskógarskóli með 50 nemendur í 1. - 8. bekk. Allar aðstæður til skólahalds eru mjög góðar svo og búnaður, endurmenntunarverkefni eru á dagskrá ásamt Olweus áætluninni gegn einelti. ÚtEy-Félags- og skólaþjónusta starfar á svæðinu og annast sérfræðiþjónustu o.fl. fyrir skólana.

Kennara vantar í handmennt, myndmennt, heimilisfræði, upplýsinga- og tæknimennt, íþróttir, stærðfræði á unglingastigi, tungumál á unglingastigi og umsjón á miðstigi.

Upplýsingar um stöðurnar gefa Anna Baldvina Jóhannesdóttir skólastjóri í símum 460-4980, 864-5982; netf. anna@dalvikurskoli.is , Gísli Bjarnason aðstoðarskólastjóri í símum 460-4980, 863-1329 netfang gisli@dalvikurskoli.is og Kristján Sigurðsson skólastjóri Árskógarskóla í símum 466-1970, 898-7331; netfang krsig@ismennt.is Heimasíða: www.dalvikurskoli.is

**Dalvíkurbyggð** er 2000 íbúa sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð sem varð til við sameiningu þriggja sveitarfélaga árið 1998. Samgöngur eru góðar, aðeins hálftíma akstur er til Akureyrar, umhverfi er sérlega fjölskylduvænt og atvinnulíf, þjónusta og menningarlíf með miklum blóma. Aðstæður til útivistar og íþróttaiðkunar eru með því besta og fjölbreytilegasta sem gerist hér á landi sumar jafnt sem vetur. Hitaveita er í öllum þéttbýliskjörnunum, ódýr upphitun og góð sundaðstaða. Ýmsar nánari upplýsingar er að finna á vef Dalvíkurbyggðar: http://www.dalvik.is

**Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2006.**
**Skólastjóri**

# Rafvirkjar!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa. Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið rafbodi@rafbodi.is.
Upplýsingar gefur Ragnar í síma 694 1500 á vinnutíma.

**Rafboði ehf. • Skeiðarási 3 • Garðabæ**

VERKTAKAR MAGNI

## Vantar vana bílstjóra á búkollur sem fyrst

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100 eða 545-1805.**

# Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags

***Félagsfundur verður haldinn í Eflingu-stéttarfélagi miðvikudaginn 19. apríl nk.***

Fundurinn verður haldinn í Kiwanishúsinu við Engjateig og hefst kl. 18.00.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

1. Félagsmál
   Reglugerðir sjúkrasjóða
   Tillögur að breytingum til aðalfundar 2006
2. Önnur mál

*Mætum vel og stundvíslega.*
Stjórn Eflingar-stéttarfélags

# Vopnafjarðarskóli auglýsir

**Kennara vantar við skólann næsta skólaár.**

**Kennslugreinar:** Íþróttir, sérkennsla, danska, myndmennt, tónmennt, smíðar, heimilisfræði, tölvufræðsla og náttúrufræði. Þá vantar okkur forfallakennara frá 19. apríl til loka skólaárs.

**Flutningsstyrkur og ódýrt húsnæði í boði.**

Frekari upplýsingar veita: Aðalbjörn, skólastjóri, sími 470-3251 og 861-4256.
Þórunn, aðstoðarskólastjóri, sími 470-3252 ; 846-4851.
Netföng: adalbjorn@vopnaskoli.is og thorunn@vopnaskoli.is

# Lágafellsskóli Mosfellsbæ

## Grunnskólakennarar

**Skólaárið 2006 - 2007 eru eftirfarandi kennarastöður lausar:**

Dönskukennsla á unglingastigi
Íslenskukennsla á unglingastigi
Heimilisfræðikennsla
Smíðakennsla 70% staða
Sérkennsla á mið- og unglingastigi

*Hæfniskröfur:*
Leitað er eftir kennurum með skipulagshæfileika, samstarfsvilja og jákvætt viðmót. Áhugi á að vinna með börnum og unglingum nauðsynlegur auk frumkvæðis og metnaðar.

Launakjör eru samkv. kjarasamningi LN og KÍ. Upplýsingar um störfin gefa: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri s: 525-9200 / 896-8230, netfang: johannam@lagafellsskoli.is , María Lea Guðjónsdóttir, deildarstjóri s. 525-9200/8612121, netfang: marialea@lagafellsskoli.is og Methúsalem Hilmarsson, deildarstjóri, s: 5259200/6903703, netfang: meddi@lagafellsskoli.is
**Umsóknarfrestur um störfin er til 2. maí.**
Umsóknir sendist Lágafellsskóla, v/Lækjarhlíð, 270 Mosfellsbæ.

## FUNDIR

# Aðalfundur
**Íslandsdeildar Amnesty International**

Aðalfundur Íslandsdeildar Amnesty International verður haldinn laugardaginn 22. apríl kl. 14.00 í Litlu Brekku við Bankastræti.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum deildarinnar.
Allir félagar Íslandsdeildar Amnesty International velkomnir.

# Opnunartími í afgreiðslu

**mán.-mið. 8 -18**
**fim. og fös. 8 -19**
**helgar 11 -16**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

Fíton/SÍA FI016110

# Bolholt GUESTHOUSE

Bolholt 6 * 105 Reykjavík * Sími: 517-4050




## Vetrartilboð:

**Fullbúin stúdíó-íbúð á 25.000 kr. vikan.**
**Nettenging í íbúðum. Aðgangur að þvottahúsi.**
**www.bolholt.is**

# Markaðstengill

Í boði er starf markaðstengils í lausasölu hjá 365 prentmiðlum. Umsækjandi þarf að vera sjálfstæður, kraftmikill og skapandi einstaklingur.

Starfið er fjölbreytt og felur í sér umsjón með daglegri lausasölu prentmiðla 365, tengsl við sölustaði og framsetningu blaðanna í verslunum, sem og sköpun nýrra viðskiptatækifæra og nýjunga í lausasölu.

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af sölustörfum, geti unnið sjálfstætt, sé ábyrgur og hafi hæfni í mannlegum samskiptum.

Skrifleg umsókn ásamt meðfylgjandi ferilskrá yfir menntun og starfsreynslu skal send á johanna@365.is fyrir 21. apríl 2006. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

# Ertu þjarkur?

með gott hjartalag



Starf í Vinnuskóla Reykjavíkur gefur leiðbeinendum einstaka möguleika til að njóta útivistar og eiga þátt í að prýða Reykjavíkurborg og útmörkina.

Verkstjórn fyrir vinnuflokk unglinga gefur mikilvæga stjórnunarreynslu sem nýtist fyrir starfsferil leiðbeinenda.

Vinnuskólaþjarkurinn býður velkomna til sumarstarfa árið 2006 leiðbeinendur og grunnskólanemendur í fjölbreytt störf hjá Vinnuskóla Reykjavíkur.

**Umsækjendum er bent á að sækja um rafrænt á: www.vinnuskoli.is eða www.vuf.is**

VINNUSKÓLI REYKJAVÍKUR

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar • Skúlagata 19 • 101 Reykjavík • Sími 411 8500

---

RE/MAX MJÓDD



Ásdís Ósk
Sölufulltrúi
863 0402
asdis@remax.is



Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is



Jónas Örn
Jónasson hdl.
lögg.fasteignasali
520 9550



**Opið hús** laugardag, sunnudag og mánudag kl. 14:00 -16:00

## Kerhraun C100

GRÍMSNESI

Nýlegt sumarhús á einni hæð með stórum palli. Komið er inn í forstofu með fatahengi. Þaðan er gengið inná gang með parketi á gólfi. Stofa og eldhús eru í opnu björtu rými, einnig parketlagt, frábært útsýni. Eldhúsinnréttingin er u-laga úr eik með efri og neðri skápum. Í stofu er kamína. Salernið er rúmgott með flísum á gólfi, innrétting er við vask. Í húsinu er 3 svefnherbergi með parketi og eitt með skápum. Stór verönd er á tveimur hliðum hússins með miklu útsýni. Rafmagn er í bústaðnum og kalt vatn er í bústaðnum og hitaveita væntanleg í haust sem hægt verður að tengjast. Lóðin er 5.075 fm. eignarlóð sem stendur innst í götu á mjög góðum útsýnisstað. HAFIÐ SAMBAND VIÐ INDÍÖNU Í SÍMA: 6989915





**Verð: 12.400.000**

Stærð: 65,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 12,6 millj.

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

www.remax.is

---

# BÚGARÐABYGGÐ Í ÁRBORG

**Vegna mikillar sölu og stöðugrar eftirspurnar er 2. áfangi nú einnig til sölu.**

## PÁSKAKYNNING

*„Opið hús“ um páskana*

*Dagana 13. - 17. apríl geta áhugasamir komið á svæðið og kynnt sér aðstæður milli klukkan 12 og 17*




Fjóra km frá Selfossi hefur verið skipulögð búgarðabyggð sem er nýjung í íslensku skipulagi. Tjarnabyggð er skipulögð á um 600 ha af frjósömu og góðu byggingarlandi og þar verða í boði 1-6 ha lóðir með öllum þægindum og þjónustu þéttbýlisins.

ÁRBORGIR · FASTEIGNAMARKAÐURINN ehf · EIGNAMIÐLUN · FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN · LÖGMENN SUÐURLANDI

**Nánari upplýsingar á www.tjarnabyggd.is eða í síma 898-0343**

# SKEMMTILEGAST & LEIÐINLEGAST



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR, MARKAÐSSTJÓRI OG VARABORGARFULLTRÚI SAMFYLKINGARINNAR.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## *Leiðinlegt að kaupa föt*

**Skemmtilegast...**
...finnst mér að tala við áhugavert fólk, að liggja í baði, elda góðan mat og borða góðan mat. Þó ég sinni því ekki eins vel þá finnst mér einnig mjög skemmtilegt að dansa, veiða og ferðast, sérstaklega um hálendið.

**Leiðinlegast...**
...Mér finnst alveg skelfilega leiðinlegt að kaupa á mig föt, þrífa og útrétta.

# TOPP 5: KIRK DOUGLAS



**1. Paths of Glory (1957).** Ein af fyrstu myndum Stanleys Kubrick. Douglas barðist við Gregory Peck um hlutverkið. Myndin var bönnuð í Frakklandi en hún gerist í Frakklandi á tímum fyrri heimstyrjaldarinnar.
**2. Lonely are the Brave (1962).** Eina myndin sem Douglas fékk tilnefningu til BAFTA-verðlaunanna fyrir. Hlaut þau hins vegar ekki frekar en óskarsverðlaunin, nokkurn tímann. Myndin var kölluð The Last Hero í Bandaríkjunum. Myndin er skrifuð eftir sögu Edwards Abbey.
**3. Ace in the Hole (1951).** Myndin fékk lélega dóma og vonda aðsókn á sínum tíma. Var titli myndarinnar meðal annars breytt í The Big Carnival, gegn vilja Billys Wilder, leikstjóra. Þurfti Wilder meðal annars að borga upp fyrir tapið á myndinni með sinni næstu, Stalag 17.
**4. Spartacus (1960).** Douglas framleiddi sjálfur myndina. Hann fékk Kubrick til þess að leikstýra myndinni eftir ósætti við Anthony Mann. Douglas fékk marga stórleikara í aukahlutverk með því að láta þá fá handrit þar sem hlutverk þeirra var ýkt.
**5. Lust for Life (1956).** Douglas leikur Vincent van Gogh í myndinni. Douglas fékk tilnefningu til óskarsverðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni en hlaut þau ekki. Óskarinn fyrir bestan leik í aukahlutverki hlaut hins vegar Anthony Quinn sem kom þó aðeins fram í tólf mínútur í myndinni.

# VISSIR ÞÚ...

...að fyrsta kjarnorkusprengjan sem sprengd var sprakk í Nýju-Mexíkó 16. júlí?

...að hún kallaðist „tólið“ eða „Gadget?“

...að með sprengingunni lauk „The Manhattan Project“ sem var dulnefni yfir tilraunir bandamanna til að smíða kjarnavopn?

...að vísindamenn deildu um hvort sprengjan gæti mögulega leitt til keðjuverkunar sem myndi splundra hverju einasta atómi á jörðinni?

...að þeir ákváðu samt að prófa?

...að næstu tvær kjarnorkusprengjur voru sprengdar yfir Nagasaki og Hiroshima?

...að sérstök valnefnd sá um að velja hvaða borgir skyldu sprengdar upp?

...að á endanum stóð valið á milli Kyoto, Hiroshima, Yokohama, Niigata, Nagasaki og vopnabúrsins í Kokura?

...að Kyoto var strikuð út af listanum vegna þess að hún var miðstöð menntamanna í Japan og samkvæmt nefndinni væru íbúar hennar líklegri til að gera sér grein fyrir eyðingarmætti kjarnorkuvopna og myndu því vera líklegri til að semja frið eftir sprengjurnar?

...að önnur ástæða er að Henry L. Stimson, stríðsmálaráðherra Bandaríkjanna hafði farið í brúðkaupsferð til borgarinnar?

...að Hiroshima varð fyrir valinu vegna stærðar sinnar, hernaðarmikilvægis og staðsetningar? Borgin stendur í dalverpi og það hafði þau áhrif að eyðileggingin varð meiri.

...að sprengjan sem sprakk yfir Hiroshima var kölluð „Litli strákur,“ eða „Little boy?“






Sveitarfélagið ÁLFTANES

### Auglýsing um skipulagsmál á Álftanesi

Bæjarstjórn Álftaness samþykkti þann 10. apríl 2006 eftirfarandi tillögur að aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 og breytingu á deiliskipulaginu „Bessastaðhreppur - Miðsvæðisreitur“ - Miðsvæði á Álftanesi. Tillögurnar lágu frammi til kynningar á bæjarskrifstofum Álftaness og á heimasíðu Sveitarfélagsins Álftanes, www.alftanes.is.

### Aðalskipulag Álftaness 2005-2024.

Aðalskipulagstillagan var auglýst skv. 1. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og lá frammi til kynningar 16. desember 2005 - 12. janúar 2006.
Athugasemdafrestur rann út þann 27. janúar og alls bárust 32 athugasemdir.
Bæjarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína. Athugasemdirnar gáfu tilefni til breytinga á greinargerð og hefur tillagan verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu tillögunnar.

### Miðsvæði á Álftanesi.

Deiliskipulagstillagan er breyting á hluta deiliskipulagsins: „Bessastaðahreppur Miðsvæðisreitur - Deiliskipulag júní 1999“, skipulagi á suðurhluta þess svæðis er frestað, samfara gildistöku tillögunnar.
Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og lá frammi til kynningar frá 11. nóvember til 8. desember 2005.
Deiliskipulagið nær til reits sem afmarkast af Breiðumýri í vestri, íþrótta- og skólasvæði og byggðar við Skólatún og Suðurtún í norðri, Norðurnesvegi í austri og Suðurnesvegi í suðri.
Samtals bárust 705 athugasemdir. 683 íbúar skrifuðu undir undirskriftalista. Umsagnir sveitarstjórnar um athugasemdir hafa verið sendar þeim sem þær gerðu. Athugasemdirnar gáfu tilefni til breytinga á skipulagsgreinargerð og uppdráttum.
Til samræmis við samþykkt bæjarstjórnar Álftaness á deiliskipulagi miðsvæðis á Álftanesi hafa verið gerðar breytingar á skipulagsmörkum tiltekinna skipulagsáætlana.
Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

**Þeir sem óska nánari upplýsinga um ofangreindar tillögur og niðurstöðu bæjarstjórnar geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Álftaness, Bjarnastöðum.**

Álftanesi 11. apríl 2006.
Bjarni S. Einarsson
skipulagsfulltrúi





CONCERT KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ RÁS 2:
CONCERT
RÁS 2
LOKSINS - SUNNY AFTERNOON
RAY
DAVIES
Örfáir miðar enn óseldir!
MEÐ HLJÓMSVEIT
ANNAÐ KVÖLD
HÁSKÓLABÍÓI
MIÐASALA VIÐ INNGANGINN
HÚSIÐ OPNAR 18:30
TÓNLEIKAR HEFJAST 19:30
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum
Concert ef greitt er með Mastercard
á forsöludegi Mastercard
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
Tilboðsklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/tilbodsklubbur
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
Á WWW.CONCERT.IS
OG WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR
CONCERT


SAMEINAÐ DREIFIKERFI
365
Síminn



# BYLTING FYRIR ÁHORFENDUR

digital ísland Skjárinn

Síminn og 365 miðlar hafa gert með sér samning um að báðir aðilar dreifi íslenskum sjónvarpsrásum Digital Íslands og Skjásins. Samningurinn felur í sér jafnan aðgang viðskiptavina þeirra um allt landið að öllum íslensku sjónvarpsrásunum.

Samkomulaginu verður náð í 3 skrefum:

- **15. apríl** mun **SKJÁR***EINN* nást með Digital Íslandi og **Sirkus** með Breiðbandi Símans.
- **15. júní** verða allar **opnar sjónvarpsrásir** Digital Íslands og Skjásins aðgengilegar á öllum kerfum.
- **15. september** verður hægt að senda út **læstar sjónvarpsrásir** Digital Íslands og Skjásins um öll kerfin.

Mikilvægur áfangi í dreifingu innlends sjónvarpsefnis sem felur í sér mikinn ávinning fyrir sjónvarpsáhorfendur hvar sem er á landinu.

2 | SKJÁREINN | ENSKI BOLTINN | NFS | 2 BÍÓ | SÝN | SIRKUS

**Kl. 17.00**

*Ljóðakaffi í Jaðarleikhúsinu í Miðvangi 41 í Hafnarfirði. Ljóðskáld lesa úr verkum sínum og verða kaffiveitingar til sölu til styrktar Mannréttindaskrifstofu Íslands. Um kvöldið verða tónleikar með hljómsveitinni Aizyou sem spilar frumsamda tónlist.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Komdu í grænlenskan her

Nú um páskahelgina lýkur sýningunni „Rethinking Nordic Colonialism“ í Nýlistasafninu en þar skoða listamenn frá fyrrum nýlendum hvernig nýlendustefnan birtist í samtímanum og sér í lagi hér á Norðurlöndunum.

Verkin eru af ýmsum toga, til að mynda býður grænlenski listamaðurinn Inuk Silis Hoegh landsmönnum upp á inngöngu í hinn nýja grænlenska her, listamaðurinn Steve Oudit frá Vestur Indíum skoðar nútímavæðinguna í ljósi þrælahalds og nýlendukúgunar og bandaríska blökkukonan Kara Walker varpar ljósi á kynþáttafordóma nútímans. Grænlenska listakonan Julie Edel Hardenberg sýnir ljósmyndir frá Grænlandi og innsetningu með fánum allra Norðurlandanna og Ósk Vilhjálmsdóttir gagnrýnir stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda með háðuglegum hætti. Í safninu má einnig sjá kvikmyndir átta kvikmyndagerðarmenn frá Norðurlöndunum, Kanada , Kenya, Ítalíu og Bandaríkjunum.




**SÝNINGUM LÝKUR Í NÝLISTASAFNINU UM PÁSKANA** Nýlendustefnan tekur á sig ólíkar myndir.

Sýningin er á fjórðu hæð Nýlistasafnsins við Laugaveg 26 er opin alla daga frá 13-17. Þegar sýningunni lýkur mun hún ferðast áfram til Grænlands, Færeyja og Finnlands.

### > Ekki missa af...

Margmiðlunarsýningunni The Big Cry í Kassanum í Þjóðleikhúsinu en þar fer söngkonan Margrét Sigurðardóttir á kostum í ýmsum hlutverkum.

Sýningum í Listasafni Reykjavíkur. Heimsfrægir hugmyndalistamenn sína á Kjarvalsstöðum og Hafnarhúsið er líka opið um páskahelgina.

Tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands í Glerárkirkju í dag. Flutt verður Skálholtsmessa eftir Hróðmar Inga Sigurðsson og annar hluti óratoríu Messíasar eftir G.F. Händel.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
7. sýn. mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** -örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 20/4 nokkur sæti laus, 9. sýn. fös. 21/4 nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 22/4 nokkur sæti laus, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** - **uppselt**, fim. 20/4 nokkur sæti laus, fös. 21/4 nokkur sæti laus, lau. 22/4, sun. 23/4, fim. 27/4 nokkur sæti laus, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4. **Aðeins þessar 8 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**, fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**. **Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

THE BIG CRY
Mið. 19/4 kl. 21:00, fim. 20/4. kl. 21:00. **Aðeins þessar 2 sýningar eftir.**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
MIÐASALAN ER LOKUÐ YFIR PÁSKANA. OPNUM AFTUR ÞRIÐJUDAGINN 18. APRÍL



**KÓR LANGHOLTSKIRKJU HELDUR TÓNLEIKA Á MORGUN** Hrífandi glæsileiki messu Rossini. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

# Innileg trúargleði Rossini

**Verkið Petite Messe solenelle er af mörgum talið eitt fegursta verk Rossini en á morgun flytur Kór Langholtskirkju þessa hrífandi tónsmíð á árlegum tónleikum sínum á föstudaginn langa.**

Jón Stefánsson organleikari og kórstjóri í Langholtskirkju segir að verkið sé í miklu uppáhaldi hjá kórnum og söngvurunum en þau fluttu það síðast fyrir níu árum. „Þetta verk er merkilegt fyrir margra hluta sakir því Rossini var alveg hættur að semja og sestur í helgan stein þegar hann tók allt í einu til við að semja þetta verk,“ útskýrir Jón og bætir við að Rossini sé þekktastur fyrir óperur sínar og hafi ekki fengist mikið við trúarlega tónlist.

Með handriti að verkinu fylgdi lítið bréf til Guðs þar sem Rossini spurði hann allra náðarsamlegast hvort þessi „fátæklega litla messa“ væri heilög tónlist eða vanhelg. „Hann hlýtur að hafa verið gamansamur maður,“ segir Jón og áréttar að óperunar hans séu með glettnu yfirbragði.

Verkið er skrifað fyrir kór, fjóra einsöngvara, píanó og harmoníum en einsöngvarar á morgun verða Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Sesselja Kristjánsdóttir, Jónas Guðmundsson og Ágúst Ólafsson en á píanó leikur Anna Guðný Guðmundsóttir og Steingrímur Þórhallsson á harmoníum. Tónleikarnir verða síðan endurteknir sunnudaginn eftir páska, þann 23. apríl.

„Við höfum haldið árvissa tónleika á föstudaginn langa síðan ég byrjaði í Langholtskirkju,“ segir Jón og grínast með að hann þori varla að láta uppi hvenær það var. „Ég kom til starfa að vorlagi 1964 og ári síðar stóð ég fyrir fyrstu tónleikunum á föstudaginn langa en í allt öðru formi og með öðruvísi kór.“ Í seinni tíð hefur kórinn jafnan flutt stór trúarleg verk og messur, þar á meðal Jóhannesarpassíu Bachs og Messías eftir Handel. „Þetta er orðinn fastur punktur hjá okkur,“ segir Jón. Tónleikarnir loka vetrardagskrá kórsins sem hefur snúist í ýmsu þennan annasama tíma en í vetur frumflutti kórinn meðal annars nýtt verk eftir Þórð Magnússon tónskáld sem sérstaklega var samið fyrir þau.

Næg verkefni bíða kórstjórans því á sumardaginn fyrsta mun Jón stjórna æskukórnum Graduale Nobili á tónleikum þeirra í kirkjunni og einnig er á döfinni að Kammerkór Langholtskirkju hljóðriti verk Jóns Ásgeirssonar sem samið var við ljóðaflokkinn fræga eftir Stein Steinarr, „Tíminn og vatnið“, sem kórinn flutti síðasta haust.

Tónleikarnir á föstudaginn langa hefjast kl. 16.00 í Langholtskirkju en hægt að að kaupa miða á vefsíðunni www.midi.is.

kristrun@frettabladid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ




Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Su 23/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl 14 Su 21/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KALLI Á ÞAKINU
í dag kl. 14 UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum UPPSELT
Fi 20/4 kl. 14, sumard. fyrsti UPPSELT
Fi 20/4 kl. 17, sumard. fyrsti AUKASÝNING
Lau 22/4 kl. 14 UPPSELT

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS Su 21/5 kl. 20 UPPS
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING

VILTU FINNA MILLJÓN?
-Nýja svið-
Forsýningar miðaverð 1.500 kr.
Fö 12/5 kl. 20 Lau 13/5 kl. 20
Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20
FRUMSÝNING Fö 19/5 kl. 20 UPPSELT

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20
Fi 18/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 27/4 kl. 20 AUKASÝNING
Su 30/4 kl 20 AUKASÝNING
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN
Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20
Fö 19/5 kl. 20 Su 21/5 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Lau 22/4 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

FORÐIST OKKUR
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 17 & 20 Su 23/4 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!

DANSleikhúsið
Mi 19/4 kl. 20 Su 23/4 KL. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR

TENÓRINN
Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING
Sunnudagur 14. maí kl. 19
Laugardagur 20. maí kl. 19
Laugardagur 27. maí kl. 19
Laugardagur 3. júní kl. 19
Laugardagur 10. júní kl. 19
„Besta söngleikjauppfærsla leikársins“ S.S Frbl.
„Ótrúlega kraftmikil sýning. “ S.L RÚV
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga fram að páskum kl. 14-18 - Símasala kl. 10-18.
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN




GERÐUBERG
Lokað um páskana
Menningarmiðstöðin Gerðuberg verður lokuð frá skírdegi og opnar á ný þriðjudaginn 18. apríl.
Gleðilega páska!
Vissir þú...
...að í GERÐUBERGI er fjölbreytt og góð aðstaða fyrir fundi fyrirlestra, námskeið og ráðstefnur
www.gerduberg.is

# Passíusálmar í Skálholti

Að venju verða hátíðartónleikar í Skálholti á páskum en á laugardaginn flytur meistari Megas eigin lög við valda Passíusálma Hallgríms Péturssonar ásamt Kammerkór Biskupstungna og hljómsveit. Nýlega flutti hópurinn svipaða tónleikadagskrá í Hallgrímskirkju og komust þá færri að en vildu. Miðasala fyrir tónleikana verður í Skálholti.

Klukkustund fyrir tónleikana, sem hefjast munu kl. 17, heldur Margrét Eggertsdóttir fyrirlestur um sálmana og Hallgrím Pétursson og lærifõður hans Brynjólf Sveinsson en á þessu ári er 400 ára ártíð Brynjólfs Skálholtsbiskups fagnað.



**SÁLMAR Í SKÁLHOLTI Á LAUGARDAG** Færri komust að en vildu í Hallgrímskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á föstudaginn langa verða einnig haldnir kyrrðartónleikar í Skálholti en þá verður flutt trúarleg tónlist í anda boðskapar píslarsögunnar í Skálholtsdómkirkju en þeir tónleikar hefjast kl. 21 og er aðgangur ókeypis og öllum heimill sem vilja njóta næðis og eiga íhugunar- og kyrrðarstund í Skálholti.

- khh



**EIÐAR** Gömlu dagarnir rifjaðir upp.

# Eiðanemar

Skólafélagar á Eiðum frá árunum 1945-1953 ætla að koma saman og rifja upp góða daga í Stangarhyl 4 síðasta vetrardag, 19. apríl.

Allir velunnarar Eiða eru hjartanlega velkomnir en tilkynna ber þátttöku til undirbúningsnefndarinnar en hana skipa meðal annarra Guðmundur Vilhjálmsson, Gyða Ragnarsdóttir og Ólafur Einarsson.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

10 11 12 **13** 14 15 16

### Fimmtudagur

**TÓNLEIKAR**

- 16.00 **Sinfóníuhljómsveit Norðurlands** og **Kammerkór Norðurlands** halda tónleika í **Glerárkirkju**.
- 20.00 Tónlistarhátíð í **Mývatnssveit**. Kammertónleikar í **Félagsheimilinu Skjólbrekku**.
- 21.30 **Grandmothers Records** efna til tónleika á Grand Rokki. Fram koma **Lay Low, The Diversion Sessions** og **Campfire Backtracts**.

**OPNANIR**

- 21.00 **Kristján Pétur Sigurðsson** opnar sýninguna **Populus trichocarpa** í **Populus tremula** í Listagilinu á Akureyri. Sýningin verður opin páskahelgina frá 14-17.

**SÝNINGAR**

- **Helga Egilsdóttir** myndlistarkona sýnir í **Galleri Animu** í **Ingólfsstræti 8**.

**UPPÁKOMUR**

- 17.00 **Ljóðakaffi** í **Jaðarleikhúsinu** í **Miðvangi 41**. Ljóðskáld lesa úr verkum sínum og kaffiveitingar verða til sölu til styrktar **Mannréttindaskrifstofu Íslands**.

11 12 13 **14** 15 16 17

### Föstudagur

**TÓNLEIKAR**

- 00.00 Hljómsveitin **nevolution** leikur á **Bar 11**.
- 16.00 **Kór Langholtskirkju** flytur **Petite Messe solenelle** eftir **Rossini** ásamt einsöngvurum.
- 21.00 Tónlistarhátíð í **Mývatnssveit**. Kirkjutónleikar í **Reykjahlíðarkirkju**.




















**> Tilvalið er...**

... að fá sér passíuávöxt um páskana. Það er þó engin písl eða kvöl að borða passíuávöxt. Nafnið er upprunnið frá Jesúítum sem notuðu ávöxtinn í trúboði sínu í Rómönsku-Ameríku til að sýna indíánum elsku Krists. Bragðið er sætt og ilmurinn suðrænn og yndislegur.

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN: JAKOBÍNA SIGURÐARDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI HREYFIGREININGAR

## *Nætursöltuð ýsa með kartöflum og rúgbrauði*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Ég gæti ekki verið án skyrs. Ég nota það mikið fyrir fjölskylduna, kaupi hvítt skyr og hræri það með mjólk. En ég er óánægð með hversu þunnt skyrið er orðið í dollunum, sakna þykka skyrsins.

**Fyrsta minningin um mat?**
Ýsa með storknuðu floti sem ég gat ekki borðað.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Hreindýrakjöt á jólunum.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Spaghettí. Mér klígjar við því.



**Leyndarmál úr eldhússkápunum?**
Góðar ósaltaðar kryddtegundir geta gert gæfumuninn.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Nætursöltuð ýsa með soðnum kartöflum og seyddu rúgbrauði fer alltaf vel í maga.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Ost, mjólk og smjör.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða mat tækir þú með þér?**
Harðfisk því hann er góður þó hann sé geymdur lengi.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**

Kóreanskt rís-sælgæti. Í Kóreu er ekki allt svona sætt eins og hjá okkur og sælgætið þeirra er næstum ósætt. Mér fannst það reyndar ekkert rosa gott en alls ekki vont samt.

**VEITINGASTAÐURINN**

**BÚLLAN**

REYKJAVÍKURVEGI 62 SÍMI: 5551430




## *Hamborgarar í heimsklassa*

**Hvernig er stemningin?** Hafnarfjörður hefur lengi verið kunnur fyrir aragrúa af skyndibitastöðum enda heimili KFC hér á Íslandi. Hamborgarabúlla Tómasar var engu að síður kærkomin viðbót í flóruna því andrúmsloftið þar er bæði skemmmtilegt og persónulegt. Búllan hóf fyrst starfsemi sína við Mýrargötu en vinsældirnir költuðu á fleiri útibú. Staðurinn í Hafnarfirði er einn sá stærsti en nú er þessi stórskemmtilegi veitingastaður kominn til Egilsstaða og einnig er reiknað með að opna stað uppi á Höfða. Hamborgararnir eru glóðarsteikir, gestirnir geta séð þá verða til, tekið með sér heim eða tyllt sér niður í notalegu umhverfi. Enski boltinn rúllar oft á stórum skjá eða eitthvað þaðan af skemmtilegra.

**Matseðillinn?** Hann er ekki flókinn. Hamborgarar, sjeik, gos og bjór að ógleymdum frönsku kartöflunum, kokteilsósunni og eiginlega fæst allt sem prýðir góðan hamborgarastað.

**Vinsælast?** Tilboð aldarinnar er alveg ótrúlega vinsælt en það er hamborgari, franskar og gos.

**Verð?** Tilboðið er á 890 krónur, en ef fólk vill fá sér sjeik kostar það 1090. Búllan í Hafnarfirði hefur vínveitingaleyfi og bjórþyrstir gestir geta því skolað herlegheitunum niður fyrir 1220 krónur.

# Lasagne sem mettar

**Eldhúsið hjá athafnakonunni Tinnu Jóhannsdóttur er ekkert venjulegt eldhús. Innréttingin er sambland af erfðagóssi og Ikea og þar er líka að finna mikið af nýtískulegum tækjum.**

„Maðurinn minn rekur sérvöruverslunina Kaffiboð sem selur ýmsa hluti til heimilisins, þannig að eldhúsið nýtur vissulega góðs af því,“ segir Tinna. Má þar nefna kaffivél sem fjölskyldan tekur meira að segja með sér í veiðiferðir, brauðrist með útvarpi og gæðalega safapressu.

„Eldhúsið er svo lítið að við verðum að vanda vel tækjavalið,“ segir Tinna og bendir á að þau eigi t.d. enga uppþvottavél. Það hindrar þau þó ekki í því að halda 20 manna matarboð. „Þá elda ég oft besta lasagna í heimi sem er með rauðvíni, múskati og sellerí. Það er afar drjúgt og því kjörið í fjölmennar veislur.

Ég fer sjaldan eftir uppskriftum en er meistari í því að búa til eitthvað úr því sem er til í ísskápnum,“ segir Tinna sem gefur lesendum uppskriftina sem virðist geta mett þúsundir. Við lasagnegerðina notar Tinna forláta álpott frá ömmu sinni sem hún segist reyndar neita að skila og líti á sem fyrirframgreiddan arf. „Amma fær pottinn lánaðan einu sinni á ári. Það er á jólunum en þá sýður hún súkkulaði í honum en ég tek hann með heim strax að jólaboði loknu.“



**GAMALT OG NÝTT** Eldhúsið hjá Tinnu er afar skemmtilegt og fullt af alls kyns nýtískulegum tækjum, en gamli álpotturinn frá ömmu er þó ómissandi við eldamennskuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**BESTA LASAGNE Í HEIMI FYRIR 8:**

500 gr nautahakk
sletta af rauðvíni
1/2 hvítlaukur
4 stórar gulrætur
1/2 selleríbúnt
1 rauðlaukur
1/2 hvítlaukur
1 stór rauð paprika
3 dósir afhýddir tómatar
1 dós af tómatpuré
Lasagne plötur
ostur og gráðostur

**MÚSKATJAFNINGUR**

1 bolli mjólk
1 bolli smjör
1 bolli hveiti
1 tsk mulið múskat

Kjötið er steikt í rauðvíninu ásamt fínsöxuðum hvítlauknum. Saltað og pipræð. Kjötið er lagt til hliðar en í staðinn er grænmetið, sem er frekar smátt niðurskorið, sett í pottinn. Það er léttsteikt í olíu á háum hita.

Nautahakkinu og grænmetinu er síðan blandað saman og tómötunum og tómatpuréinu bætt út í. Smakkað til og kryddað eftir smekk. Þetta er látið malla á lágum hita í klst. en múskatjafningurinn gerður á meðan.

Byrjið á því að bræða saman mjólk og smjör. Bætið síðan hveitinu og múskatinu varlega út í við ekki of háan hita. Finnið til eldfast mót og raðið í það á víxl múskatjafningi, kjötsósunni, osti og lasagneplötum. Hyljið toppinn með osti og raðið gráðosti yfir. Bakið í ofni við 200 gráður í um 25 mín.

Athugið að út í kjötsósuna má gjarnan bæta einhverju sem er að renna út í ísskápnum, eins og rjóma, kotasælu, rjómaosti, ab-mjólk eða sýrðum rjóma. Borið fram með fersku salati, brauði og rauðvíni.

# Áströlsk vín yfir páskana

Eflaust verður lambakjöt á borðum fjölmargra Íslendinga á páskum og páskaegg og annað súkkulaði fer varla fram hjá nokkru mannsbarni. Þegar hugað er að vínkaupum fyrir páskana er ágætt að hafa þessar staðreyndir í huga og velja vín sem passa vel með lambakjötinu en eru jafnframt góð með sætum eftirréttum og til að dreypa á með súkkulaði. Betri vín frá Ástralíu eru góður kostur með lambinu og súkkulaðinu, þau eru jafnan mjúk og allt að því sæt, sem er elegant með súkkulaðinu, en um leið bragðmikil berjavín sem eiga vel við villta lambið okkar.



Peter Lehmann er einn kunnasti víngerðarmaður Ástralíu og vín hans ásamt vínunum frá Rosemount vinsælustu áströlsku vínin hérlendis. Báðir þessir framleiðendur búa til prýðileg blönduð vín sem kölluð eru GSM eftir þrúgunum grenache, shiraz og mourvédre. Peter Lehmann GSM er afar mjúkt vín og súkkulaðivænt, kostar 1.390 kr. á en Rosemount GSM er öllu kraftmeira og er á 1.990 kr.



Shiraz-þrúgan er höfuðþrúga Ástrala og ein bestu kaupin frá Peter Lehmann er vínið Futures Shiraz á 1.690 kr. Wyndham BIN 555 á 1.390 kr. er annað fyrirtaks shirazvín, örlítil sæta og þægileg eik með smá súkkulaðiáhrifum gerir vínið spennandi. - elv




betra bragð
betri gæði
betra verð

THAI heritage

Allt í tælenska matinn

na na thai

Skeifan 4 • s. 5881818


Í BÍÓ
HARRISON FORD
PAUL BETTANY
MEÐ HINUM EINA SANNA
HARRISON FORD.
MÖGNUÐ SPENNUMYND
FRÁ BYRJUN TIL ENDA.
FIREWALL
EKKERT ER HÆTTULEGRA EN MAÐUR SEM
ER UM ÞAÐ BIL AÐ MISSA ALLT.
BYLGJAN
Studiobílar ehf.
CHRYSLER
Háskólabíó
SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI

*I want this guy dead! I want his family dead! I want his house burned to the ground! I want to go there in the middle of the night and piss on his ashes!*

Al Capone talar hreint út um hvernig hann vilji sjá Eliot Ness deyja. Robert DeNiro fór á kostum í hlutverki glæpaforingjans frá Chicago í The Untouchables.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Stærsta stjarnan í Hollywood

Harrison Ford er án nokkurs vafa ein stærsta kvikmyndastjarna heims, fyrr og síðar. Flestir þekkja söguna á bak við misheppnað upphaf hjá Ford þegar hann ákvað að leggja leiklistina á hilluna og fór að smíða. George Lucas vildi hins vegar fá hann í American Graffiti og þá fór snjóboltinn að rúlla, hefur eiginlega aldrei staðnæmst þótt hægt hafi verulega á honum að undanförnu enda aldurinn farinn að færast yfir.

Í kjölfarið á American Graffiti opnuðust fyrir honum margar dyr. Francis Ford Coppola fékk honum í lítið hlutverk í kvikmyndinni Conversation og Ford landaði einnig hlutverki í sjónvarpsmyndinni Judgement: The Court Martial of Lt. William Calley. Lucas ákvað að fá Ford aftur til liðs við sig þegar hann kvikmyndaði ævintýrið sitt um Loga geimgengil og systur hans Leiu. Ford fékk að leika hinn ákaflega hrokafulla Han Solo og skyggði frammistaða hans á Svarthöfða og aðrar persónur. Fjórum árum síðar kom besti vinur Lucas, Steven Spielberg, að máli við Ford og bað hann um að leika fornleifafræðinginn Indiana Jones. Framhaldið þekkja flestir en bæði Stjörnustríðsbálkurinn og þríleikurinn um Jones eru meðal vinsælustu kvikmynda heims.

Þrátt fyrir gríðarlega velgengni hefur Ford aldrei hlotið Óskarinn þrátt fyrir nokkrar tilraunir. Leikarinn var hins vegar útnefndur sem stærsta stjarnan á þessari öld af samtökum kvikmyndahúsaeigenda og People tímaritið kaus hann kynþokkafyllsta karlmann sem nú væri á lífi. Þá var hann útnefndur eftirlætiskvikmyndastjarna allra tíma af People's Choice Award og hlaut Cecil B. DeMille heiðursverðlaunin árið 2002 á Golden Globe.



**HARRISON FORD** Frammistaða hans í Stjörnustríðsmyndum George Lucas skyggði á alla aðra enda varð Ford stórstjarna í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Hasarmyndahetjan Paul Walker

Joey Gazelle er í frekar óvenjulegu starfi. Hann hreinsar upp eftir glæpamenn og voðaverk þeirra þannig að engin ummerki um þá eru sjáanleg. Eina kvöldstund fer eitthvað úrskeiðis og byssa sem notuð var við morð týnist. Fljótlega kemur í ljós að meira býr að baki og fjölskylda Gazelle er komin í mikla lífshættu.

Það er ofurtöffarinn og Íslandsvinurinn Paul Walker sem leikur aðalhlutverkið í þessari hasarmynd og virðist drengurinn vera að gera atlögu að því að verða næsta hasarmyndahetjan í Hollywood. Þótt myndir hans hafi ekki fengið neina glimrandi dóma hefur aðsóknin að þeim verið prýðileg. Með önnur hlutverk fara Chazz Palminteri og Cameron Bright en leikstjóri er Wayne Kramer sem fékk prýðilega dóma fyrir frumraun sína The Cooler.



**JOEY GAZELLE** Þarf að finna byssu sem notuð var við morð á lögreglumanni áður en illa fer fyrir honum og fjölskyldu hans.


17juni.is



Skemmtiatriði á 17. júní

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum.

Umsóknir um flutning atriða, uppákomur og viðburði er hægt að fylla út á vefnum www.17juni.is en einnig er hægt að skila þeim í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík á eyðublöðum sem þar fást.

**Ath. Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 1. maí**

HITT HÚSIÐ • Sími: 520 4600 • 17juni@hitthusid.is • www.17juni.is




**JACK OG BILL** Öryggissérfræðingurinn Jack Stanfield þegar fjölskylda hans er tekin í gíslingu og honum gert að brjótast inn í eigin banka.

## Tölvusérfræðingur í vanda

**Jack Stanfield lendir á milli steins og sleggju þegar fjölskyldu hans er rænt og honum gert að misnota aðstöðu sína til að ræna banka.**

Tölvusérfræðingurinn Stanfield er á mála hjá einum stærsta banka Seattle, Landrock Pacific Bank. Ferillinn er nánast flekklaus og Stanfield nýtur gríðarlegrar virðingar meðal starfsfólks síns. Hann hefur hannað mjög öruggt netkerfi fyrir bankann en á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að tölvubrjótar reyni að komast inn í fjármálakerfi hans. Þeirri tíð er nú lokið þökk sé hæfileikum Stanfields sem auk þess er vel giftur tveggja barna faðir og býr í einu af fallegustu úthverfum borgarinnar.

Stanfield gerði hins vegar ekki ráð fyrir einum veikleika í kerfinu og það er hann sjálfur. Glæpamaðurinn Bill Cox hefur fylgst með honum í heilt ár og ákveður að láta til skarar skríða. Glæpaflokkur Cox tekur fjölskyldu Stanfields í gíslingu og hann hyggst nota þá þekkingu sem Stanfield býr yfir til að komast yfir hundrað milljónir dollara.

Stanfield neyðist því til að „hakka" sig inn í eigin kerfi og má af öll fingraför um að Cox hafi nokkurn tímann verið til. Sá böggull fylgir skammrifi að stór fjárfestir hyggur á yfirtöku á bankanum sem gerir starf Stanfield enn erfiðara. Hann verður því að bregðast skjótt við ef hann ætlar að bjarga fjölskyldu sinni og starfsheiðri.

Það er sjálfur Harrison Ford sem fer með aðalhlutverkið í þessari spennumynd en breska nýstirnið Paul Bettany leikur Bill Cox. Bettany er nú að verða einhver vinsælasti leikari Breta en hann fer með hlutverk Silas í Da Vinci lyklinum sem Ron Howard leikstýrir. Auk þeirra tveggja fer Virginia Madsen með stórt hlutverk auk Robert Patrik og Alan Arkin.

- fgg

## Martröð barnapíunnar

Árið 1978 var kvikmyndin When a Stranger Calls frumsýnd og hræddi hún líftóruna úr flestum barnapíum. Rúmum aldarfjórðungi síðar er aftur kominn tími til að hrekkja aðeins þær stelpur sem passa börn þegar foreldrarnir ákveða að bregða sér aðeins frá.

Jill Johnson tekur að sér pössun fyrir rík hjón sem eiga fallegt hús fjarri mannabyggðum. Allt lítur vel út á yfirborðinu og þegar nóttin skellur á nýtur hún glæsilegs útsýnis. Þegar börnin eru komin í ró hringir síminn og rödd biður Jill um að kíkja eftir smáfólkinu. Henni til mikillar skelfingar eru þau horfin. Til að bæta gráu ofan á svart virðist símtalið koma frá húsinu. Barnapían neyðist því til að takast á við hin óboðna gest og nota alla sína krafta til að komast lífs af úr þessari martröð.

Hin unga Camilla Belle fer með aðalhlutverkið í þessari endurgerð á einhverri frægustu hryllingsmynd sögunnar. Til hennar hefur oft verið vísað og nægir þar að nefna símaatriðið fræga úr Scream. Leikstjóri myndarinnar er Simon West sem hóf feril sinn undir styrkri leiðsögn Jerry Bruckheimer með kvikmyndinni Con Air.



**JILL** Tekur að sér pössun í húsi sem er fjarri mannabyggðum. Þegar nóttin skellur á kemur í ljós að hún er ekki ein.


ICELANDAIR KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT OG BYLGJUNA
ICELANDAIR
VINSÆLASTI SÖNGVARI Á
ÍSLANDI OG VINSÆLASTA
SÓPRAN SÖNGKONA BRETLANDS
GARDAR THÓR
CORTES
KATHERINE
JENKINS
ÁSAMT 40 MANNA HLJÓMSVEIT
Í LAUGARDALSHÖLL
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 29. APRÍL 2006
STJÓRNANDI GARÐAR CORTES
ERUM AÐ SELJA SÍÐUSTU MIÐANA
BYLGJAN
20 ÁRA
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
Tilboðsklúbbs Mastercard, www.kreditkort.is/tonlist
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
Á WWW.CONCERT.IS
OG WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR
CONCERT













# Gaman í gilinu á Akureyri

Tónlistarhátíðin Gaman í gilinu hófst í gærkvöldi en þá spiluðu Benni Hemm Hemm og Bob Justman. Á laugardagskvöld spilar Jeff Who? og Númer núll og kvöldið eftir mun Bjartmar Guðlaugsson halda tónleika. Verða allir tónleikarnir haldnir í Deiglunni og hefjast klukkan 21.00.

Á föstudaginn verða jafnframt haldnir miðnæturtónleikar í Gilinu með Dean Ferrel, kontrabassaleikara og Steinunni Arnbjörgu Stefánsdóttur, sellóleikara. Inn í tónlistarhátíðina fléttast fleiri atburðir, svo sem myndlistarsýningar, gjörningar og matarboð, sem verða einnig haldin í Gilinu.

Að sögn Björns Guðmundssonar, eins af aðstandendum hátíðarinnar, gekk síðasta hátíð mjög vel. Þá komu fram Tenderfoot, Leaves, Saxófrón og djasshljómsveit frá Austurríki.



**JEFF WHO?** Spilar á laugardagskvöldinu í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, ásamt Númer núll. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

„Kunningi minn sagði að það væru áhugaverðari tónleikar á Húsavík heldur en á Akureyri. Það þarf að efla tónlistarlífið á Akureyri því á meðan maður getur valið á milli tónleika í Reykjavík er ekki það sama uppi á teningnum hér. Við vildum bæta úr því og koma um leið með smá mótvægi við hátíðinni Aldrei fór ég suður,“ segir Björn, sem vill gera hátíðina að árlegum viðburði.






**PROOF** Rapparinn Proof úr hljómsveitinni D-12 var skotinn til bana.

# Myrtur á næturklúbbi

Rapparinn Proof, meðlimur hljómsveitarinnar D-12, var skotinn til bana á næturklúbbnum Eight Mile Road í Detroit. Annar maður varð einnig fyrir skotárás.

Proof var góður vinur rapparans Eminems og var meðal annars svaramaður í brúðkaupi hans og Kim í janúar á þessu ári.



GLEÐILEGA PÁSKA

HARRISON FORD
PAUL BETTANY
FIREWALL
EKKERT ER HÆTTULEGRA EN MAÐUR SEM ER UM ÞAÐ BIL AÐ MISSA ALLT.

ÍSÖLD 2
PÁSKAMYNDIN 2006
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

PAUL WALKER
EIGHT BELOW

WOLF CREEK

FRUMSÝND SAMTÍMIS UM HEIM ALLAN.
BASIC INSTINCT 2

HARRISON FORD
PAUL BETTANY
FIREWALL

V FOR VENDETTA

BLÓÐBÖND

ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FIREWALL | KL. 3:40-5:50-8-9:10-10:30 | B.I. 16 |
| FIREWALL VIP | KL. 8-10:30 | |
| ÍSÖLD 2 ísl. tal | KL. 1-3-5-7 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA VIP | KL. 3-5:30 | |
| WOLF CREEK | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 8 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 3-5:30-8-10:30 | |
| LASSIE | KL. 1-3-5 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2-3:50 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | kl. 2 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WHEN A STRANGER CALLS | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| ÍSÖLD 2 ísl. tal | KL. 4-6 | |
| WOLF CREEK | KL. 10 | B.I. 16 |
| PINK PANTHER | KL. 4-8 | |
| DATE MOVIE | KL. 6 | B.I. 14 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FIREWALL | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 6 | |
| EIGHT BELOW | KL. 5:50 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FIREWALL | KL. 6:15-8:30-10:45 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | KL. 8:30-10:45 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 6:15-8:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 6:15 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 10:45 | B.I. 16 |

ATH: SÖMU TÍMAR 13.-17. APRÍL Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA OG KRINGLUNNI

KRINGLAN S: 588-0800

Háskólabíó

| | 13.-14. APRÍL | 15.-19. APRÍL | |
|---|---|---|---|
| FIREWALL | KL. 5:45-8-10:15 | KL. 5:45-8-10:15 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 6-8-10 | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 10 | KL. 10 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 8 | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6 | KL. 6-8 | |
| LASSIE | KL. 6 | KL. 6 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**ARNMUNDUR ERNST BJÖRNSSON** Leikarinn ungi og efnilegi verður í þættinum Upp í sveit sem hefur göngu sína á sumardaginn fyrsta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Slapp við flórinn

Sjónvarpsþátturinn Upp í sveit hefur göngu sína í Ríkissjónvarpinu á sumardaginn fyrsta klukkan 11.25.

Í þættinum mun leikarinn ungi, Arnmundur Ernst Björnsson, heimsækja fjóra sveitabæi og kynna sér starfsemina sem þar fer fram. Mun hann sækja heim nautgripa-, sauðfjár-, ferðaþjónustu- og garðyrkjubændur og spyrja þá spjörunum úr í fjórum þáttum.

Arnmundur, sem er sonur leikkonunnar og leikstjórans Eddu Heiðrúnar Backman, hefur vakið mikla athygli að undanförnu fyrir leik sinn í hinum ýmsu auglýsingum auk þess sem hann fór með hlutverk í kvikmyndinni Strákarnir okkar. Einnig hefur hann leikið í leikritinu Kalla á þakinu en sýningum á því lýkur nú um páskana.

Arnmundur segist aldrei hafa verið í sveit á sumrin og því hafi þetta verið ný reynsla fyrir sig. „Ég er ekki þessi strákur sem er sendur í sveit á sumrin og mesta reynslan mín úr sveit er örugglega frá Dalvík,“ segir Arnmundur í léttum dúr en pabbi hans er þaðan. „Ég vaknaði eldsnemma og þurfi að vera að langt fram á nótt,“ segir hann um sveitaævintýrið. „Það var gaman að upplifa þetta. Ég slapp reyndar við að moka flórinn en fékk að taka á móti lambi og mjólka kýrnar,“ segir hann.

# Blúsað á Rosenberg

Siggi Sig. og Pollock-bræður halda blúskvöld á Cafe Rosenberg í kvöld. Skemmtunin hefst klukkan 22.00 og er frítt inn.

Tónleikarnir eru haldnir í tilefni Blúshátíðar í Reykjavík sem hófst á þriðjudag. Þetta eru fyrstu tónleikar þeirra Sigga og Pollock-bræðra á þessu ári en á síðasta ári spiluðu þeir með blúsaranum Honeyboy er hann kíkti í heimsókn til Íslands.



**MIKE OG HONEYBOY** Mike Pollock ásamt Honeyboy á tónleikunum í fyrra.


# Páskar

í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Skemmtilegur Púkafeluratleikur

Finndu Mæju Pæjupúka og Obba Ofurpúka

Brúðuleikhús Helgu Steffensen
Skírdagur 13. apríl
Númi á ferð og flugi kl. 14.00
15. apríl Selurinn Snorri kl. 14.00

Sögusvuntan Brúðuleikhús Hallveigar Thorlacius
Páskadagur 16. apríl
Smjörbitasaga kl. 14.00
Annar í Páskum 17. apríl
Minnsta tröll í heimi kl. 14.00

Barnaguðsþjónusta á Páskadag kl. 11.00 með táknmálstúlki.
Sr. Bjarni Karlsson,
Sr. Jón Helgi Þórarinsson og
Sr. Hildur Eir Bolladóttir.

Vísindaveröldin og Sjávardýrasafnið troðfull af fróðleik og skemmtun.

Fyrstu 100 gestirnir fá ókeypis páskaegg nr. 1 frá Nóa Siríus alla dagana.

Cocoa Puffs lestin, Hringekjan og Ærslabelgurinn verða opin alla dagana frá kl. 11.00 til 17.00 ef veður leyfir.

Hestateyming alla dagana frá kl. 14.30 til 15.00

Mæja Pæja og Obbi Ofurpúki

Finndu Mæju og Obba
Þegar þau eru fundin er þátttökuseðlinum skilað í Kaffihúsinu.
5 heppnir gestir verða dregnir út á hverjum degi og hlýtur hver að launum eitt páskaegg nr.5 frá Nóa Siríus og Mæju og Obbadúkku.

NÓI SÍRÍUS

Opið verður alla dagana frá kl. 10.00 til 17.00

www.mu.is

Vetrardagskrá:
10.00 Garðurinn opnaður
10.30 Hreindýrum gefið
11.00 Selum gefið
11.30 Refum og minkum gefið
14.00 Svínum hleypt út ef veður leyfir
15.30 Hreindýrum gefið
15.45 Dýrum í smádýrahúsi gefið
16.00 Selum gefið
16.15 Hestum, kindum og geitum gefið
16.30 Svínum gefið og mjaltir í fjósi
17.00 Garðinum lokað



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



## Slæmt gengi Ólafs

Golfarinn Ólafur Sigurðsson átti ekki góðu gengi að fagna á EPD-mótinu í Þýskalandi sem lauk í gær. Ólafur lék hringina þrjá á fimm höggum yfir pari og var meðal neðstu manna á mótinu, af þeim sem komust í gegnum niðurskurðinn.

# sport

sport@frettabladid.is

GAMLA KEMPAN GUÐMUNDUR HRAFNKELSSON: ÍHUGAR FRAMTÍÐINA ÞESSA DAGANA

# Útilokar ekki að spila annað tímabil

Gamla kempan Guðmundur Hrafnkelsson, sem kominn er á fimmtugsaldurinn, íhugar framtíð sína í boltanum þessa dagana en þessi magnaði keppnismaður er ekkert endilega að spá í að hætta eins og margir gera ráð fyrir. Guðmundur kom heim eftir atvinnumennsku fyrir veturinn og hefur staðið á milli stanganna hjá Aftureldingu í vetur en liðið hefur valdið miklum vonbrigðum í vetur og mun líklega leika í neðri deildinni næsta vetur.

„Ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar á þessu stigi. Ég ætla mér að klára tímabilið fyrst og svo mun ég taka mér einhvern tíma til að íhuga framtíðina. Ég er ekki búinn að ákveða að hætta enda hef ég enn gaman af þessu og því aldrei að vita hvað ég geri. Ég útiloka alls ekki að spila eitt tímabil í viðbót en ég tek ekki ákvörðun strax,“ sagði Guðmundur léttur á því í gær. Spurður hvort konan sé ekki farin að setja pressu á hann að hætta sagði Guðmundur að hún væri búin að gera það lengi.

Guðmundur starfar sem verkstjóri hjá Fjölsmiðjunni sem Þorbjörn Jensson setti á laggirnar á sínum tíma. Þar hjálpar Guðmundur ungu fólki að finna sína réttu hillu á vinnumarkaðnum. „Þetta er mjög skemmtileg og gefandi vinna,“ sagði Guðmundur sem einnig fór að læra sjúkraþjálfun þegar heim var



komið en hætti því í byrjun árs enda hafði hann nóg á sinni könnu með vinnuna og handboltann.

„Þessir krakkar hafa margir hverjir flosnað upp úr skóla eða verið atvinnulausir einhverra hluta vegna og ég er að kenna þeim meðal annars að smíða og svo er þarna tölvudeild, rafmagnsdeild og eldhús þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi,“ sagði Guðmundur sem er landsleikjahæsti leikmaður Íslands en hann lék yfir 400 landsleiki á farsælum ferli.

## > Mwesigwa kominn með leikheimild

Knattspyrnukappinn Andrew Mwesigwa frá Úganda er kominn með leikheimild með ÍBV en getur samt ekki byrjað að spila með félaginu þar sem enn vantar atvinnuleyfið. Að því er fram kemur á heimasíðu ÍBV þá hafa Eyjamenn engar áhyggjur af atvinnuleyfinu og gera ráð fyrir að það detti inn fljótlega. Það tók djúgan tíma að fá leikheimildina í gegn en Eyjamenn segja það hafa verið vegna misskilnings.



BJARNI ÞÓRÐUR Í LEIK GEGN ÍBV Hefur ekki snert fótbolta frá síðasta sumri og ekki er laust við að fráhvarfseinkenni séu farin að gera vart við sig hjá kappanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bjarni Þórður Halldórsson:

## Ætlar sér að spila í sumar

FÓTBOLTI Bjarni Þórður Halldórsson, markmaður Fylkis, verður kominn á fullt skrið eftir sex vikur ef allt gengur eftir. Bjarni hefur átt við erfið meiðsli að stríða og hefur farið í tvo uppskurði, þann síðari fyrir tveimur vikum.

„Ég er miklu betri eftir seinni uppskurðinn og þetta er því allt á réttri leið. Eftir sex vikur ætla ég að byrja að æfa fótbolta aftur sem verða mikil viðbrigði þar sem ég hef ekki snert bolta frá því síðasta sumar,“ sagði Bjarni Þórður í gær.

„Ég ætla í það minnsta að verða samkeppnishæfur en hvort ég spili verður bara að koma í ljós. Ég þarf að vinna mikið upp, ég er rétt byrjaður að hjóla og lyfta eftir síðari uppskurðinn. Ég byrja svo að hlaupa aftur eftir þrjár vikur en sparka bolta eftir sex. Það er stefnan,“ sagði hinn geðþekki markmaður. - hþh

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

10 11 12 **13** 14 15 16

**Fimmtudagur**

SJÓNVARP

- ☐ 19.30 US PGA Tour á Sýn.
- ☐ 20.30 Leiðin á HM á Sýn.
- ☐ 21.00 Sænsku nördarnir á Sýn.

# Holstebro vill líka fá Heimi

**Danska liðið Tvis Holstebro hefur áhuga á því að fá Heimi Örn Árnason, leikmann Fylkis, til sín. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur liðið einnig augastað á Sigfúsi Sigurðssyni. Ólíklegt er þó að kapparnir semji við liðið.**

HANDBOLTI John Mikkelsen, yfirmaður íþróttamála hjá danska handboltaliðinu Tvis Holstebro, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri vongóður um að klófesta íslensku landsliðsmennina, Sigfús og Heimi, en leikmennirnir hafa aðra sögu að segja og ólíklegt sé að þeir fari til liðsins. „Ég gæti alveg eins komið heim og unnið í ruslinu,“ sagði Sigfús við Fréttablaðið í gær um samningstilboð Holstebro og Heimir Örn tekur í sama streng.

„Það er ekkert ákveðið í þessu en ég tel mjög ólíklegt að af þessu verði. Ég fór út og kíkti á aðstæður og leist raunar ágætlega á þær. Þeir sýndu mér svo samning sem var alls ekki nógu góður,“ sagði Heimir Örn í gær. „Ætli ég fari nokkuð núna. Ég er að hugsa um að vinna í eitt ár, og bíða eftir að konan mín klári að læra en vissulega blundar í mér áhugi á að kíkja út og prófa eitthvað nýtt,“ sagði Heimir.

„Sigfús er ekki bara frábær og reynslumikill leikmaður heldur er hann einnig frábær persónuleiki sem myndi falla vel í hópinn hér hjá Holstebro. Hann neitaði samningnum okkar og var víst ekki alveg sáttur með hann. Við erum samt sem ekki af baki dottnir og munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að fá Sigfús til okkar. Við munum halda áfram að ræða við hann fljótlega,“ sagði Mikkelsen við Fréttablaðið í gær.

„Við höfum mikinn metnað til að gera Holstebro að einu sterkasta liði Danmerkur. Það er mikil hefð fyrir handbolta hjá klúbbnum og við eigum dygga stuðningsmenn. Það eru mörg góð lið í Danmörku en við ætlum að taka áskoruninni og reyna að sanka að okkur sterkum leikmönnum. Grunnurinn hjá okkur er góður,



HEIMIR ÖRN ÁRNASON Segir samningstilboð Holstebro ekki hafa verið upp á marga fiska. Hér er hann í leik með landsliðinu gegn Noregi á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

við höfum mann á borð við Michael Bruun auk margra sterkra leikmanna,“ sagði Mikkelsen sem enn er í leikmannaleit.

„Við viljum tryggja okkur línumann og miðjumann. Augljóslega viljum við Sigfús en við höfum einnig augastað á Heimi Erni. Hann heillaði okkur og ég hef trú á því að hann vilji koma hingað til okkar, vonandi náum við samkomulagi við hann,“ sagði mjög svo bjartsýnn Mikkelsen sem virðist þurfa að opna veskið betur.

Líklegt er að forráðamenn Holstebro komi til Ísland til að fylgjast betur með Heimi og Mikkelsen útilokaði ekki að þeir fylgdust með fleiri leikmönnum á Íslandi. hjalti@frettabladid.is



AXEL STEFÁNSSON Þekkir vel til í Noregi eftir að hafa spilað þar sjálfur sem leikmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Axel Stefánsson:

## Tekur við Elverum í Noregi

HANDBOLTI Axel Stefánsson hefur skrifað undir samning við norska félagið Elverum og mun hann stýra liðinu á næsta tímabili. Axel þjálfar nú Þór á Akureyri en hafði ákveðið að hætta með liðið þar sem hann ætlar til Noregs í nám.

„Ég hef lúmskan grun um að einhver hefur lætt því til þeirra að ég væri að koma aftur í háskólann í Osló. Það hentaði vel að koma núna og gera þetta samhliða náminu. Þetta er gamalgróinn klúbbur sem varð Noregsmeistari fyrir allnokkru,“ sagði Axel en Þórir Hergeirsson stýrði þá Elverum.

„Mér líst mjög vel á verkefnið, klúbburinn er á uppleið líkt og norska deildin og því er þetta mjög spennandi,“ sagði Axel. Hann er öllum hnútum kunnugur í Noregi en hann lék með Haslum á árum áður, þar sem hann varði mark liðsins.

Einn Íslendingur leikur með Elverum, Sigurður Ari Stefánsson. Hann átti frábært tímabil með liðinu, varð markahæsti maður liðsins og sjötti markahæsti maður deildarinnar. - hþh




Wayne Rooney vinnur mál gegn slúðurblöðum:

## Fær 13 milljónir króna í skaðabætur

FÓTBOLTI Bresku slúðurblöðin The Sun og News of the World greiddu knattspyrnustjörnunni Wayne Rooney rúmar 13 milljónir í skaðabætur í gær fyrir rangan og meiðandi fréttaflutning af ungstirninu.

Blöðin héldu því fram að Rooney hefði slegið unnustu sína, Coleen McLoughlin, utan undir á skemmtistað en Rooney neitaði ávallt ásökununum og hreinsaði síðan mannorð sitt endanlega í dag. Rooney mun gefa féð sem hann fékk til góðgerðarsamtaka. - hbg



WAYNE OG COLLEEN Bresku slúðurblöðin gátu ekki sannað að hann hefði slegið hana utan undir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**WAYNE ROONEY** Fær umbun erfiðis síns í vetur með tilnefningum í báðum flokkum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Knattspyrnumaður ársins:

## Rooney gæti unnið tvöfalt

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney, leikmaður Manchester United, gæti unnið tvöfalt þegar úrslit úr kjörinu um knattspyrnumenn ársins verða kunngerð í næstu viku. Samtök enskra atvinnuknattspyrnumanna birtu listann yfir þá leikmenn sem eru tilnefndir og þar kemur fátt á óvart. Rooney er sá eini sem er tilnefndur í báðum flokkum, sem besti leikmaðurinn og sá efnilegasti.

Chelsea á þrjá leikmenn á meðal þeirra sex sem tilnefndir eru sem besti leikmaðurinn, John Terry, Frank Lampard og Joe Cole. Ásamt Rooney eru svo Steven Gerrard hjá Liverpool og Thierry Henry hjá Arsenal tilnefndir.

Arsenalmaðurinn Cecs Fabregas er talinn sigurstranglegastir í keppninni um efnilegasta leikmanninn ásamt Rooney. Hinir fjórir sem eru tilnefndir eru Darren Bent hjá Charlton, Anton Ferdinand hjá West Ham, Aaron Lennon leikmaður Tottenham auk Cristiano Ronaldo frá Manchester United. - hþh

Íslenska kvennalandsliðið gerði enga frægðarför til Hollands:

# Skömm að því að tapa þessu

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tapaði fyrir stöllum sínum frá Hollandi í Zwolle í gær, 2-1. Mark Íslands í leiknum skoraði KR-ingurinn Hólmfríður Magnúsdóttir. Þetta var fyrsta tap íslenska kvennaliðsins gegn Hollandi en Ísland hafði unnið allar fjórar fyrri viðureignir liðanna.

Jörundur Áki Sveinsson landsliðsþjálfari var ómyrkur í máli eftir leikinn enda ósáttur við stelpurnar sínar

„Það var skömm að því að tapa þessu enda erum við með betra lið. Það sem var verst af öllu var andleysið sem var ríkjandi í liðinu í síðari hálfleik. Það á ekki að líðast í landsleikjum,“ sagði Jörundur Áki en skrifast ekki andleysið á þjálfarann? „Jú, ætli það ekki. Verður hann ekki að bera ábyrgðina? Stundum er þetta svona, því miður.“

Jörundur Áki var að prófa nýja hluti í leiknum enda var leikurinn liður í undirbúningi liðsins fyrir undankeppni HM en Ísland á að mæta Hvít-Rússum fljótlega.

„Ég var að prófa að hafa tvo sóknarþenkjandi leikmenn fyrir aftan Ásthildi Helgadóttur en það gekk ekki sem skyldi og ég á ekki von á því að beita þessu afbrigði gegn Rússunum þótt það hefði verið gaman að geta beitt tveim afbrigðum,“ sagði Jörundur Áki. „Það sem var jákvæðast voru sóknirnar sem við fengum en við sköpuðum okkur nokkur góð færi og það er af hinu góða.“ - hbg



**MARKASKORARI ÍSLANDS** KR-stúlkan Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði mark Íslands í leiknum í Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SJÖLLI



**SHAQUILLE O´NEAL** Sýndi frábæra takta gegn Toronto. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Shaquille O´Neal:

## Önnur þrennan á ferlinum

**KÖRFUBOLTI** Hinn risavaxni Shaquille O´Neal náði sinni annarri þrennu á ferlinum þegar hann var allt í öllu í sigri Miami Heat á Toronto í fyrrinótt. Þetta var fyrsta þrennan hjá Shaq í yfir tíu ár en hann skoraði fimmtán stig í leiknum, hirti ellefu fráköst og gaf tíu stoðsendingar í 106-97 sigri.

Hin þrennan hjá Shaq kom á nýliðaári hans með Orlando Magic. Í leik gegn New Jersey Nets skoraði hann 28 stig, tók 24 fráköst og varði alls fimmtán bolta. - hþh



**MICHAEL BALLACK** Mun verða einn hæst launaði leikmaðurinn í Englandi, skrifi hann undir hjá Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Michael Ballack:

## Nánast kominn til Chelsea

**FÓTBOLTI** Samningaviðræður Michaels Ballack og Englandsmeistara Chelsea eru langt komnar og því eru allar líkur á því að þjóðverjinn spili með liðinu á næstu leiktíð. Þessi knái fyriliði þýska landsliðsins verður samningslaus í sumar og fer frítt frá Bayern München.

„Peningar eru ekki aðalatriðið hvað samninginn varðar. Hann mun taka ákvörðun sína eingöngu út frá íþróttalegu sjónarmiði. Við erum komnir langt í samningaviðræðurnum við Chelsea í London,“ sagði Michael Becker, umboðsmaður Ballacks.

Talið er að nýr samningur sem Bayern bauð honum hafi hljóðað upp á 36 milljónir punda en hann hefur verið gagnrýndur fyrir að hugsa einungis um peninga, en mörg lið hafa sýnt Ballack áhuga. - hþh




B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin:*

PORTSMOUTH-ARSENAL 1-1

0-1 Thierry Henry (37.), 1-1 Lomano Tresor Lua Lua (66.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **33** | **26** | **4** | **3** | **64-20** | **82** |
| MAN. UNITED | 33 | 23 | 6 | 4 | 66-30 | 75 |
| **LIVERPOOL** | **34** | **21** | **7** | **6** | **48-22** | **70** |
| TOTTENHAM | 33 | 16 | 10 | 7 | 48-33 | 58 |
| **BLACKBURN** | **33** | **16** | **6** | **11** | **45-39** | **54** |
| ARSENAL | 32 | 16 | 5 | 11 | 53-25 | 53 |
| **BOLTON** | **32** | **13** | **9** | **10** | **43-36** | **48** |
| WIGAN | 33 | 14 | 6 | 13 | 38-40 | 48 |
| **WEST HAM** | **33** | **13** | **7** | **13** | **47-50** | **46** |
| NEWCASTLE | 33 | 13 | 6 | 14 | 36-40 | 45 |
| **EVERTON** | **33** | **13** | **6** | **14** | **31-43** | **45** |
| CHARLTON | 33 | 12 | 8 | 13 | 37-42 | 44 |
| **MAN. CITY** | **33** | **12** | **4** | **17** | **40-40** | **40** |
| MIDDLESBR. | 32 | 11 | 7 | 14 | 45-54 | 40 |
| **ASTON VILLA** | **33** | **8** | **12** | **13** | **34-46** | **36** |
| FULHAM | 33 | 10 | 6 | 17 | 41-54 | 36 |
| **BIRMINGHAM** | **33** | **7** | **8** | **18** | **25-45** | **29** |
| WBA | 33 | 7 | 7 | 19 | 28-49 | 28 |
| **PORTSMOUTH** | **32** | **7** | **7** | **18** | **29-54** | **28** |
| SUNDERLAND | 32 | 2 | 5 | 25 | 21-57 | 11 |

*Enska bikarkeppnin:*

MIDDLESBROUGH-CHARLTON 4-2

1-0 Fabio Rochemback (11.), 1-1 Bryan Hughes (13.), 2-1 James Morrisson (26.), 3-1 Jimmy Floyd Hasselbaink (73.), 3-2 Jonathan Spector (75.), 4-2 Mark Viduka (77.)

*Hollenska úrvalsdeildin:*

AZ ALKMAAR-TWENTE 0-0

*Grétar Rafn Steinsson sat á varamannabekk AZ Alkmaar allan leikinn og Arnar Þór Viðarsson gerði slíkt hið sama hjá Twente.*

*Ítalska bikarkeppnin:*

ROMA-PALERMO 1-0

1-0 Damiano Tommasi (30.)

*Roma komst áfram samanlagt 2-2 á útimarkaregl-unni og er komið í úrslitaleikinn þar sem liðið mætir Inter.*

*Þýska bikarkeppnin:*

ST. PAULI-BAYERN MUNCHEN 0-3

0-1 Owen Hargreaves (15.), 0-2 Claudio Pizarro (84.), 0-3 Claudio Pizarro (89.).



**STORMVIÐRI Á BRITANNIA-LEIKVANGINUM** Það gengur mikið á hjá Stoke City þessa dagana og tími Íslendinganna hjá félaginu er hugsanlega á enda þar sem nýtt yfirtökutilboð hefur verið gert í félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Mikið líf í herbúðum Stoke City þessa dagana og skammt stórra högga á milli:

# Nýtt yfirtökutilboð og þjálfari rekinn hjá Stoke City

**FÓTBOLTI** Það er engin lognmolla í kringum Íslendingafélagið Stoke City þessa dagana. Í gær rak félagið hollenska þjálfarann Jan De Koning frá félaginu en hann hafði í tvígang verið settur af tímabundið vegna deilna við framkvæmdastjórann Johan Boskamp. „Mitt mat er að Johan hafi gert allt of mikið úr öllu málinu. Annars óska ég félaginu alls hins besta,“ sagði De Koning rétt áður en hann yfirgaf herbúðir félagsins í síðasta sinn.

Boskamp gæti farið á eftir honum fljótlega en staðarblaðið í Stoke, The Sentinel, greinir frá því í gær að ákvörðun um framtíð hans hafi verið frestað um tíu daga þar sem Peter Coates sé búinn að gera nýtt yfirtökutilboð í félagið. Boskamp hefur verið tjáð að hann muni ekki vita örlög sín hjá félaginu fyrr en eftir leikinn gegn Coventry 22. apríl næstkomandi.

Coates segir að nýja tilboðið sé hans síðasta. „Eigendurnir eru að íhuga málið og munu gefa mér svar eftir páska. Ég tel tilboðið vera mjög sanngjarnt og nú er boltinn hjá íslensku eigendunum,“ sagði Coates við The Sentinel.

Upprunalegt tilboð Coates var upp á 4 milljónir punda í peningum fyrir hlut Íslendinganna. Einnig ætlaði hann að leggja fram 5 milljónir punda til að hreinsa skuldir félagsins. Gulrótin til íslensku eigendanna var þó 3 milljón punda bónus ef Stoke kæmist í úrvalsdeildina á næstu þrem árum. Einnig var Coates til í að lofa sex milljónum punda í rekstrarfé nú þegar.

Boskamp sneri aftur til Englands í gær eftir stutta heimsókn til Íslands þar sem hann ræddi við stjórnarmenn félagsins. Boskamp vill fá nýjan tveggja ára samning en íslensku eigendurnir eru aðeins tilbúnir að semja til eins árs.

Fari svo að Coates eignist félagið eru örlög Boskamps aftur á móti ráðin því Coates vill koma með sinn eigin mann og þar er efstur á óskalistanum fyrrverandi stjóri Stoke, Tony Pulis. - hbg



**SOL CAMPBELL** Aftur í liði Arsenal en yfirgaf völlinn undir lokin með brotið nef. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

# Dýr stig í súginn hjá Arsenal

**FÓTBOLTI** Einn leikur fór fram í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar Portsmouth tók á móti Arsenal á Fratton Park. Arsenal er í mikilli keppni við Tottenham og Blackburn um fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar sem gefur þátttökurétt í Meistaradeildinni að ári og því má liðið illa við því að misstíga sig á síðustu metrunum.

Gestirnir frá London voru sprækari framan af og þeir komust verðskuldað yfir þegar Thierry Henry lék á leikmenn Portsmouth eins og þeir væru litlir skólastrákar og lagði svo boltann snekklega í markhornið með innanfótarskoti.

Porsmouth kom grimmari til leiks í síðari hálfleik og uppskar jöfnunarmark á 66. mínútu þegar Lua Lua skallaði boltann í netið með stæl. Arsenal brást við með því að bæta í sóknina og lokamínútur leiksins voru bráðfjörugar.

Arsenal fékk nokkur ákjósanleg færi til að skora sem félagið nýtti ekki og stigin tvö sem töpuðust voru blóðug í harðri baráttu um Meistaradeildarsætið.

- hbg



B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Umboðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524


515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
2 MÁNUÐIR Í HM
FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
UNDANÚRSLIT Í
MEISTARADEILDINNI
ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
AC MILAN
BARCELONA
ÞRIÐJUDAG KL. 18:30
Í KVÖLD
21:00 Sænsku nördarnir
Á MORGUN
15:50 AC Milan - Inter Milan
Á ÞRIÐJUDAG
18:30 AC Milan - Barcelona
Á MIÐVIKUDAG
18:30 Arsenal - Villarreal
LAUGARDAGINN 22. APRÍL
15:50 Chelsea - Liverpool
sýn
besta sætið

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„If I was a woodcutter, I'd cut. If I was a fire, I'd burn. But I'm a heart and I love. That's the only thing I can do."**

**Svar:** Jesús úr The Last Temptation of Christ frá 1988

# dagskrá

**Skírdagur 13. apríl**

**VIÐ TÆKIÐ SNÆFRÍÐUR INGADÓTTIR ER LEIÐ Á AÐ HORFA Á KEPPNIR**

## *Keppnin endalausa*

Undanfarið hefur varla verið hægt að opna fyrir sjónvarpið án þess að þar sé í gangi einhverskonar keppni. Ef það er ekki Gettu betur þá er það Söngvakeppni sjónvarpsins, ef það er ekki Söngvakeppni sjónvarpsins þá er það Idolið, ef það er ekki Idolið þá er bikiníkeppni á skjánum eða fatahönnuðir að keppa sín á milli. Fyrr í vetur var í gangi keppni um ástir piparsveins og svona mætti lengi telja. Ógurlega er maður að verða þreyttur á þessum endalausu keppnum enda má nú öllu ofgera. Það virðist ekki vera hægt að búa til sjónvarpsefni lengur nema einhverjum sé att saman og einn stendur uppi sem sigurvegari.

Ég ætla nú samt að horfa á Júróvision, enda er það klassakeppni. Eiginlega hefði ég meira að segja alveg verið til í að skella mér til Aþenu og fylgjast með keppninni á breiðtjaldi á einhverjum grískum pöbbi því miðarnir á sjálfa keppnina eru auðvitað löngu uppseldir. Eiginlega skil ég ekkert í því að ferðabransinn sé ekki að kveikja á þessu og búinn að setja saman eitthvert pakkatilboð fyrir landann, sérstaklega í ljósi þess að áhuginn fyrir keppninni hér á Íslandi virðist aldrei hafa verið meiri. Fólk fer í fótboltaferðir til útlanda án þess að eiga miða á völlinn og situr svo á breskum knæpum og horfir þar á leikinn hæstánægt.

Ég er viss um að einhverjir Íslendingar væru til í að borga sig í beint flug til Aþenu og fylgjast með keppninni á slitnum grískum sjónvarpsskjá með ouzo í hægri hendi og jafnvel dansa zorba þegar Silvía vinnur. Jafnvel skora á næsta mann í dans- eða drykkjukeppni – því staðreyndin er sú að það er svo miklu skemmtilegra að taka sjálfur þátt í keppnum, sama af hvaða toga það er heldur en að horfa á þær.




**ENDALAUS KEPPNI** Það er heilmargt hægt að læra af Gettu betur-keppninni en það sama er ekki hægt að segja um allar þær endalausu keppnir sem ljósvakamiðlarnir bjóða upp á.



▶ 20.45 *Kvikmynd*

WHALE RIDER



▶ 22.30 *Spenna*

NIP/TUCK



▶ 21.45 *Spenna*

RÁÐGÁTUR



▶ 22.00 *Raunveruleiki*

THE BACHELOR



▶ 18.35 *keppni*

STUMP THE SCHWAB

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Bú! **8.12** Stundarkorn **8.20** Kóalabræður **8.30** Pósturinn Páll **9.00** Kóngulóarbörn í Sólarlaut **9.50** Andarteppa **10.05** Leikfangasaga **11.20** Litli gíslinn **13.00** Rocky og Bullwinkle í ævintýrum **14.35** Eivør **15.10** Bob Dylan (1:2) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Latibær**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Fimm rithöfundar** Rætt við rithöfundana Andrej Kúrkov, Javier Cercas, Erik-Emmanuel Schmitt, Margaret Atwood og Paul Auster sem öll voru gestir Bókmenntahátíðar í Reykjavík í fyrra.
▶ **20.45 Hvalaknapinn** (Whale Rider) Nýsjálensk bíómynd frá 2003. Ellefu ára stúlka vill verða höfðingi Whangaraættbálksins á austurströnd Nýja-Sjálands en til þess þarf hún að berjast gegn þúsund ára hefð.
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur (34:47)** (Desperate Housewives II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Lífsháski (36:49) **23.55** Barnaby ræður gátuna – Málað með blóði (3:5) **1.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Rugrats Go Wild!, Barney, Með afa Leikstjóri: Norton Virgien, John Eng. 2003. **9.40** The Lizzie McGuire Movie **11.10** Alf **11.35** 3rd Rock From the Sun

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Home Improvement (7:25) **12.45** Martha **13.30** Another Pretty Face **15.00** The Sketch Show (7:8) (e) **15.25** Wife Swap (11:12) (e) **16.15** Bruce Almighty **18.05** The Simpsons (8:23)
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.10 Eivör á tónleikum í Langholtskirkju** Upptaka frá vortónleikum Gradualekórs Langholtskirkju.
**19.45 Meistarinn (16:21)**
**20.30 How I Met Your Mother (13:22)**
**20.55 Touch of Frost – Near Death Exprience** (Jack Frost – Lífshætta) Ný mynd um lögregluvarðstjórann viðskotailla „Jack" Frost og morðrannsóknir hans.
▶ **22.30 Nip/Tuck (14:15)** (Klippt og skorið) Christian uppgötvar að Kimber skildi ekki við hann á altarinu heldur var henni rænt af „the Carver". Quentin verður grunaður fyrir að vera „the carver". Stranglega bönnuð börnum.

**23.15** American Idol **23.55** American Idol **0.20** MEDICINE MAN **2.00** Huff (B. börnum) **2.55** American Psycho 2 (Str. b. börnum) **4.20** The Man Who Sued God **6.00** The Simpsons **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Bernie Mac (1:22)** (Eye Of The Tiger)
**20.00 Friends (10:24)** (Vinir 8)
**20.30 Splash TV 2006**
**21.00 Smallville** (Spirit) Frábærir þættir um Ofurmennið á yngri árum sínum.
▶ **21.45 X-Files** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.
**22.30 Extra Time – Footballers' Wive** Þær eru fallegar, moldríkar og geta gert það sem þær vilja!

**23.00** Invasion (14:22) (e) **23.45** Friends (10:24) (e) **0.10** Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fyrstu skrefin (e)

**16.10** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 Game tíví**
**20.00 Family Guy**
**20.30 The Office**
**21.00 Sigtið** Í hverri viku fjallar Sigtið um mikilvæg málefni: lífið, listir, vínmenningu, dauðann, fordóma, glæpi og fleira.
**21.30 Everybody loves Raymond**
▶ **22.00 The Bachelor VI – tvöfaldur úrslitaþáttur** Í sjöttu þáttaröð Bachelor fær Byron Velvick tækifæri til að finna draumakonuna og vonandi verðandi eiginkonu.
**22.50 Sex Inspectors – lokaþáttur** Kynlífssérfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para.

**23.35** Jay Leno **0.20** Law & Order: SVU (e) **1.10** Cheers (e) **1.35** Top Gear (e) **2.25** Fasteignasjónvarpið (e) **2.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

*besta sætið*

**14.30** NBA **16.30** Enska bikarkeppnin **18.12** Sportið

**18.30 Súpersport 2006**
▶ **18.35 Veistu svarið?** (Stump the Schwab) Stórskemmtilegur spurningaþáttur þar sem íþróttaáhugamenn láta ljós sitt skína.
**19.00 Spænsku mörkin**
**19.30 US PGA í nærmynd** (Inside the PGA)
**20.00 Gillette HM 2006 sportpakkinn**
**20.30 Leiðin á HM 2006** (Destination Germany)
**21.00 Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið?
**21.50 Saga HM** (1966 England) Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Englandi árið 1966.

**23.30** Fifth Gear **0.00** A1 Grand Prix

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05** Bróðir minn ljónshjarta **8.00** Stuck On You **10.00** David Bowie: Sound and Vision **12.00** Sky Captain and the World of Tomorrow **14.00** Bróðir minn ljónshjarta **16.00** Stuck On You **18.00** David Bowie: Sound and Vision **20.00 Sky Captain and the World of Tomorrow 22.00 K-19: The Widowmaker** Bönnuð börnum. **0.15** Van Wilder (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Ash Wednesday (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** K-19: The Widowmaker (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Soup **13.00** Uncut **14.00** Uncut **15.00** Beyonce Revealed **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** Fashion Police **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **21.00** The Soup **21.30** Hollywood Nights Gone Bad **22.00** Gastineau Girls **22.30** Gastineau Girls **23.00** E! News **23.30** Fashion Police **0.00** Hollywood Nights Gone Bad **0.30** Party @ the Palms **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn ÑLiðið mittî (e) **8.00** Stuðningsmannaþátturinn ÑLiðið mittî (e) **14.00** Wigan – Birmingham frá 08.04 **16.00** Sunderland – Fulham frá 08.04 **18.00** Middlesbrough – Newcastle frá 08.04
**20.00 Liverpool – Bolton frá 09.04**
**22.00 Saga stórþjóðanna á HM: Ítalía (e)**
**23.00** Tottenham – Man. City frá 08.04 **1.00** Dagskrárlok


Opið um helgina frá 11 - 22.

Lokað föstudaginn langa og páskadag.

KFC

Reykjavík • Hafnarfirði • Selfossi • Kópavogi • Mosfellsbæ • Reykjanesbæ




pipar / SÍA

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Fimm rithöfundar** **Sjónvarpið** kl. 19.40

### *Bókmenntahátíð í Reykjavík*



Hin árlega bókmenntahátíð í Reykjavík hefur alltaf verið að skapa sér stærri og stærri sess innan íslenska menningargeirans á undanförnum árum. Hefur hátíðin iðulega verið vel sótt auk þess sem þekktir og vel metnir rithöfundar hafa árlega heimsótt hátíðina. Sjónvarpið sýnir í kvöld þátt þar sem rætt er við fimm af gestum hátíðarinnar á síðasta ári sem var með veglegasta móti. Þetta voru rithöfundarnir Andrej Kúrkov, Javier Cercas, Erik-Emmanuel Schmitt, Margaret Atwood og Paul Auster. Um dagskrágerð sá Jón Egill Bergþórsson.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 4 | | 7 | | | |
| | 8 | | 3 | | | | 6 | |
| | | 2 | | 5 | 1 | 9 | | |
| | | 5 | | | | | | 3 |
| | 3 | | | | | | 5 | |
| 6 | | | | | | 2 | | |
| | | 9 | 6 | 7 | | 4 | | |
| | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 1 | | 4 | 8 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 |
| 3 | 2 | 6 | 9 | 1 | 7 | 4 | 8 | 5 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 1 | 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 5 | 3 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 6 | 3 | 1 | 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 1 | 8 |



14.10 *Fréttskýring*

KOMPÁS

**NFS**

**10.00** Fréttir **10.10** Vísindaveröld **11.00** Trúarbrögðin

**12.00** Hádegisfréttir / markaðurinn / íþróttir/ veður **12.25** Ferðahelgin **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.10** Vísindaveröld **14.00** Fréttir **14.10** Kompás (e) **15.00** Trúarbrögðin **16.00** Fréttir **16.10** Vísindaveröld **17.00** Ferðahelgin **17.25** Dæmalaus veröld **17.35** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur

**18.00** Kvöldfréttir, íþróttir og veður
**19.10** **Viðtalsþáttur í umsjá Svavars Halldórssonar** (Maður í mynd)
**19.40** **Ferðahelgin** (Í umsjá Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur)
**20.05** **Vísindaveröld** (Samantekt í umsjá Sigurðar Þ. Ragnarssonar)
**21.00** **Trúarbrögðin** (Þáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur)
**22.00** **Viðtalsþáttur í umsjá Svavars Halldórssonar** (Maður í mynd)
**22.30** **Fréttir**

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Bæn **8.10** Bachsveitin í Skálholti **9.03** Lamentatio **10.15** Sagnaslóð **11.00** Guðsþjónusta í Fíladelfíu, Hátúni 2

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Er einhver frá Fairwood hérna inni? **14.00** Á vængjum strengsins **15.00** Fallegast á fóninn **16.08** Mozart á íslensku leiksviði **17.08** Fiðlukonsert Beethovens

**18.00** Fréttir **18.21** Stúlka með sólhlíf **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Kirkjulistahátíð 2005: Matteusarpassía eftir Trond Kverno **22.15** Orð kvöldsins **22.22** Útvarpsleikhúsið

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **9.03** Skírdagsmorgunn með Hrafnhildi Halldórsdóttur

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Spurningakeppni fjölmiðlanna **14.00** 1966

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.21** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Spurningakeppni fjölmiðlanna **20.30** Konsert **22.10** Tónlist að hætti hússinsl

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying




# AFGREIÐSLUTÍMI SUNDSTAÐA UM PÁSKA





| | Skírdagur | Föstud.langi | Laugardagur | Páskadagur | Annar í páskum |
|---|---|---|---|---|---|
| | 13. apríl | 14. apríl | 15. apríl | 16. apríl | 17. apríl |
| ÁRBÆJARLAUG | kl. 10-20 | kl. 10-20 | kl. 8-22 | kl. 10-20 | kl. 10-20 |
| BREIÐHOLTSLAUG | kl. 10-18 | **Lokað** | kl. 8-20 | **Lokað** | kl. 10-18 |
| GRAFARVOGSLAUG | kl. 10-18 | **Lokað** | kl. 8-20:30 | **Lokað** | kl. 10-18 |
| KLÉBERGSLAUG | kl. 11-17 | **Lokað** | kl. 11-17 | **Lokað** | kl. 11-17 |
| LAUGARDALSLAUG | kl. 10-20 | kl. 10-20 | kl. 8-22 | kl. 10-20 | kl. 10-20 |
| SUNDHÖLLIN | kl. 10-18 | **Lokað** | kl. 8-19 | **Lokað** | kl. 10-18 |
| VESTURBÆJARLAUG | kl. 10-18 | kl. 10-18 | kl. 8-20 | kl. 10-18 | kl. 10-18 |

Laugarnar í Reykjavík

Skemmtilegur frítími

ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKUR

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„Crucifixion's a doddle."**

**Svar:**
Matthías úr Life of Brian frá 1979

# dagskrá
**Föstudaginn langa 14. apríl**

## Í TÆKINU ANNA PAQUIN LEIKUR Í FINDING FORRESTER Í SJÓNVARPINU KL. 21.05

# *Felur Óskarinn sinn*

Anna Paquin fæddist í Winnipeg í Kanada árið 1982. Hún fluttist hins vegar aðeins fjögurra ára gömul til Nýja-Sjálands ásamt foreldrum sínum. Áður en Paquin vakti fyrst verulega athygli var hennar eina leiklistarreynsla til þessa hlutverk skunks í skólaleikriti. Paquin varð síðan næstyngst allra til þess að hljóta Óskarsverðlaunin þegar hún hlaut þau fyrir leik sinn í The Piano árið 1993. Þakkarræða hennar vakti mikla athygli en fyrstu 20 sekúndurnar gerði Paquin lítið annað en að gapa. Í dag er hins vegar sagt að Paquin feli óskarsverðlaunastyttuna inni í skáp svo að vinir hennar fari ekki að ræða um verðlaunin. Hún hefur heldur ekki séð alla myndina ennþá. Eftir velgengnina í The Piano lék Paquin í nokkrum myndum, meðal annars Jane Eyre og Fly Away Home. Árið 1996 skildu hins vegar foreldrar Paquin og flutti hún þá ásamt móður sinni og



systur til Hollywood til þess að einbeita sér enn frekar að leiklistarferlinum.

Síðan þá hefur ferill Paquin haldið áfram að blómstra og hefur Paquin leikið í stórmyndum á borð við X-Men, Hurlybury, Almost Famous og fleiri góðum. Paquin þykir með hæfileikaríkustu leikkonum heimsins um þessar mundir, sérstaklega af yngri kynslóðinni. Athyglin hefur hins vegar ekki farið neitt sérlega vel í Paquin og þykir hún einstaklega feimin og gefur sjaldan tækifæri á sér. Fyrir nokkrum árum síðan flutti Paquin til New York þar sem hún hóf nám í Columbia-háskólanum. Í New York hefur Paquin einnig sinnt leiklistinni og hefur hún leikið í fjölmörgum leikhúsverkum auk þess em hún hefur tekið að sér hlutverk í leikhúsum í London. Framtíðin virðist því björt hjá þessari ungu en reyndu leikkonu.

ÞRJÁR BESTU MYNDIR ÖNNU: **THE PIANO** – 1993 **X-MEN** – 2000 **ALMOST FAMOUS** – 2000



▶ **23.25** *Kvikmynd*
SPARTACUS



▶ **21.45** *Kvikmynd*
DE-LOVELY



▶ **21.00** *Tónlist*
BAK VIÐ BÖNDIN



▶ **20.00** *Drama*
ONE TREE HILL



▶ **23.20** *Póker*
WORLD POKER

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Bú! **8.12** Stundarkorn **8.20** Kóalabræður **8.30** Pósturinn Páll **9.00** Bubbi byggir **9.45** Andarteppa **10.00** Ævintýri H.C. Andersens – Næturgalinn **10.25** Leikfangasaga II **11.55** Hundurinn minn

**13.30** Mozart-hátíð í Berlín **15.30** Bob Dylan (2:2) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Ævintýri H.C Andersens **18.25** Dalabræður

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Latibær** Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.30 Olga Borodina á Listahátíð** Upptaka frá tónleikum rússnesku sópransöngkonunnar Olgu Borodinu á Listahátíð í Reykjavík 2004.
**21.05 Forrester fundinn** (Finding Forrester) Bandarísk bíómynd frá 2000 um strák sem fær námsstyrk við virtan skóla á Manhattan og kynnist þar gömlum rithöfundi og einfara. Leikstjóri er Gus Van Sant og meðal leikenda eru Sean Connery, Rob Brown, F. Murray Abraham, Anna Paquin og Busta Rhymes. Valdís Óskarsdóttir klippti myndina.

▶ **23.25** Spartakus (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára) **2.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (George and the Dragon, Scooby Doo, Skrímslaspilið, Les triplettes de Belleville, Nýja vonda nornin) **10.50** Home Improvement **11.10** My Wife and Kids **11.35** 3rd Rock From the Sun

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Það var lagið (e) **13.25** Oprah (50:145) **14.10** Joey (23:24) **14.40** Night Court (21:22) **15.05** The Haunted Mansion **16.30** Fletch **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.10 Garðar Thor Cortes í Gravarvogskirkju** Upptaka frá margrómuðum tónleikum sem Garðar Thor Cortes hélt í Grafarvogskirkju í desember sl.
**20.00 Kidnapped (1:3)** Myndin segir frá ævintýramönnunum Breck og Balfour sem naumlega lifa af morðtilraun, skipstrand og þurfa veikum mætti að berjast fyrir frelsi sínu og réttlæti.
**20.50 Idol – Stjörnuleit** Brot af því besta.
▶ **21.45 De-Lovely** (Dá-samlegt) Stjörnum prýdd stórmynd um líf og ástir tónskáldsins Coles Porters sem naut sannarlega hins ljúfa lífs í Hollywood.

**23.50** Benny and Joon **1.25** The Banger Sisters **3.00** Almost a Woman **4.30** Shipping News (Bönnuð börnum) **6.20** Simpsons **6.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
**20.00 Sirkus RVK (e)** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar.
**20.30 Splash TV 2006 (e)**
**20.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
▶ **21.00 „bak við böndin"** Tónlistarþátturinn „bak við böndin" mun taka púlsinn á því besta sem er að gerast í íslenskri jaðartónlist.
**21.30 Idol extra 2005/2006 (e)** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
**22.00 Bikinimódel Íslands 2006**
**22.30 Supernatural (9:22) (e)**

**23.15** X-Files (e) **0.00** Þrándur bloggar **0.05** Laguna Beach (17:17) (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Sigtið (e)

**14.50** Ripley's Believe it or not! (e) **15.35** Game tíví (e) **16.05** Dr. 90210 (e) **16.35** Upphitun **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 Everybody loves Raymond (e)** Margverðlaunuð gamanþáttaröð um hinn nánast óþolandi íþróttapistlahöfund Ray Romano.
▶ **20.00 One Tree Hill** Ungstirnið Chad Michael Murray fer með aðalhlutverk í þessum dramatísku unglinga- og fjölskylduþáttum.
**21.00 Triangle 1/3** Æsispennandi sjónvarpsmynd í þremur hlutum um ógnir Bermúda þríhyrningsins.
**22.30 Celebrities Uncensored** E sjónvarpsstöðin telur niður þau 101 atvik sem hafa hrist hvað mest upp í heimsbyggðinni á síðustu árum, í máli og myndum.

**23.15** Sigtið (e) **23.45** The Shark Net (e) **0.45** The Dead Zone (e) **1.30** The Bachelor VI (e) **3.00** Sex Inspectors – lokaþáttur (e) **3.35** Tvöfaldur Jay Leno **5.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
besta sætið

**10.45** Skólahreysti 2006 **11.30** Skólahreysti 2006

**12.20** Skólahreysti 2006 **13.10** Skólahreysti 2006 **14.00** Skólahreysti 2006 **15.50** Ítalski boltinn **17.50** Leiðin á HM **18.20** Spænski bikarinn

**20.20 Spænski bikarinn**
**20.30 Motorworld**
**21.00 Spænski bikarinn**
**22.55 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi. Magnaður þáttur þar sem farið er allar íþróttir eru teknar fyrir.
▶ **23.25 World Poker** (Heimsbikarinn í póker)Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til er ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur HM í póker átt miklum vinsældum að fagna og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra.

**00.55** NBA – Bestu leikirnir (LA Lakers – Boston Celtics 1985)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.15** Loch Ness **8.00** The Five Senses **10.00** Tortilla Soup **12.00** Along Came Polly **14.00** Loch Ness **16.00** The Five Senses **18.00** Tortilla Soup **20.00 Along Came Polly** (Svo kom Polly) Rómantísk gamanmynd. Aðalhlutverk: Ben Stiller, Jennifer Aniston, Philip Seymour Hoffman. .**22.00 The Juror** (Kviðdómarinn) Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Original Sin (Bönnuð börnum) **2.00** The Laramie Project (Bönnuð börnum) **4.00** The Juror (e) (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**11.00** It's So Over: 50 Biggest Celebrity Break-Ups **13.00** 50 Steamiest Southern Stars **14.00** 50 Steamiest Southern Stars **15.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **17.00** Glamour's 50 Biggest Fashion Dos and Don'ts **18.00** E! News **18.30** Supermodels Gone Bad **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** E! News **23.30** Behind the Scenes **0.00** Style Star **0.30** Hollywood Nights Gone Bad **1.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Man. Utd. – Arsenal frá 09.04 **16.00** Aston Villa – WBA frá 09.04 **18.00** Upphitun
**18.35 Man. Utd. – Sunderland (b)**
**20.45 Upphitun (e)**
**21.15 Charlton – Everton frá 08.04** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.
**23.15** Dagskrárlok


# PÁSKADAGSKRÁ

**NFS tekur á sig sérstakan páskabúning yfir páskahátíðina og í boði verður fjölbreytt og fróðleg íslensk dagskrár.**

**Skírdagur**

**VÍSINDAVERÖLD** kl. 10.10
Samantekt af rómuðum fræðsluinnslögum Sigurðar Þ. Ragnarssonar veðurfræðings sem send hafa verið reglulega út á NFS.

**ÉG LIFI - OG ÞÉR MUNUÐ LIFA** kl. 11.00 (1. þáttur)
Verðlaunaheimildarmynd um gosið í Heimaey.

**FERÐAHELGIN** kl. 12.25
Snæfríður Ingadóttur fer yfir allt það helsta í ferða- og menningarlífinu um páskana.

**MAÐUR Í MYND** kl. 19.10
Viðtalsþáttur í þremur hlutum sem sýndur verður yfir páskana á NFS. Í fyrsta þættinum ræðir Svavar Halldórsson við Kristínu Ingólfsdóttur.

**Föstudagurinn langi**

**FRÉTTALJÓS** kl. 10.10
Glúmur Baldvinsson fjallar um trúarbrögð heimsins og ræðir við fulltrúa helstu trúarbragðasamtaka á Íslandi um mismunandi siði trúarinnar.

**MAÐURINN JESÚS KRISTUR** kl. 11.00
Sölvi Tryggvason ræðir um hina raunverulegu manneskju Jesús Krist, ásamt prestunum Bjarna Karlssyni og Þórhalli Heimissyni; ekki síst út frá metsöluskáldsögunni Da Vinci-lyklinum.

**FERMINGIN - TIL HVERS?** kl. 12.25
Inga Lind Karlssdóttir veltir fyrir sér ásamt gestum þýðingu fermingarinnar og hvort að tilgangurinn með henni hafi gufað upp.

**MAÐUR Í MYND** kl. 19.10
Sigmundur Ernir Rúnarsson ræðir við Sr. Hjálmar Jónsson Dómkirkjuprest.

NFS digital ísland vísir VEFTV

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

De-Lovely **Stöð 2** kl. 21.30

### *Ástir og ævi Coles Porter*



Myndin fjallar um ástir og ævi tónlistarskáldsins Coles Porter, sem er helst þekktur fyrir margar dægurlagaperlur og söngleikinn Kysstu mig Kata. Um er að ræða söngleik þar sem farið er yfir helstu æviskeið Porters en umfram allt er fjallað um viðkvæmt ástarlíf hans. Margir heimsþekktir söngvarar koma fram í myndinni og má þar helst nefna Robbie Williams, Elvis Costello, Diane Krall og Sheryl Crowe. Með helstu aðalhlutverk fara hins vegar þau Kevin Kline, Jonathan Pryce og Ashley Judd.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 5 | 9 | | | 4 | |
| | | 9 | 6 | | | 7 | | |
| | 6 | 8 | | | | | 1 | |
| | 7 | | | 4 | | | | |
| 1 | | | | | | | | 7 |
| | | | | 3 | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 3 | 9 | |
| | | 1 | | | 7 | 4 | | |
| | 2 | | | 6 | 5 | | | 8 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 8 | 4 | 3 | 9 | 2 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 2 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 2 | 4 | 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 8 | 2 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 4 | 8 |
| 8 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 4 | 3 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 4 | 8 | 9 | 6 |



▶ **14.10** *Fréttaskýring*

KOMPÁS

NFS

**10.00** Fréttir

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **14.00** Fréttir ▶ **14.10** Kompás (e) **16.00** Fréttir **17.25** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **17.35** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur

**18.00** Kvöldfréttir, íþróttir og veður
**22.30 Kvöldfréttir, íþróttir og veður**

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Það er gaman að grúska í orðum **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying


# Tilboðsdagar
## í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

-ferð til fjár



Dagana **29. mars til 19. apríl** njóta farþegar sem mæta í innritun fyrir **klukkan 6.00** að morgni sértilboða í verslunum flugstöðvarinnar.

SECURITAS
Farþegum sem mæta á einkabílum fyrir klukkan 6.00 að morgni býðst að geyma bílinn **frítt í tvo sólarhringa** á langtímabílastæði Securitas.

Við minnum farþega á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og **hvetjum því fólk til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.**

**20%** afsláttur af Galerie kertastjökum frá Menu

KAFFITÁR **25%** afsláttur af gjafakassa sem inniheldur pressukönnu, nýbrennt kaffi og súkkulaði. Verð nú: 2090 kr.

IGSveitingar **15%** afsláttur af veitingum

FRÍHÖFNIN **15%** afsláttur af snyrtivörum

**15%** afsláttur af Tomas Sabo vörum

**20%** afsláttur af Kappa og And1 vörum og 15% afsláttur af Teva skóm

**15%** afsláttur af Burberry töskum og Sand dömufatnaði

MEMORIES of ICELAND **20%** afsláttur af Lost in Iceland bolum

Eymundsson **30%** afsláttur af flugfreyjutösku (50 cm á hjólum) Verð nú: 3490 kr.

Optical Studio **FRÍTT FYRIR ÞIG!** Þegar þú pantar þér ný gleraugu fylgir frítt par af sólglerjum með þínum fjærstyrkleika

Landsbankinn Allir sem koma í Landsbankann í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og kaupa gjaldeyri fá skemmtilega litabók með Sprota og félögum fyrir börnin

Ef þú kaupir BLUE LAGOON mineral moisturizing krem (200ml) eða BLUE LAGOON mineral intensive krem (200ml) eða BLUE LAGOON algae and mineral body lotion (200ml) þá færðu BLUE LAGOON algae and mineral sturtugel (200 ml) **að gjöf**

**Athugið að innritun hefst kl. 5.00**

ferð til fjár!
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



## HRÓSIÐ

*...fær hjartaskurðlæknirinn og djassgeggjarinn Tómas Guðbjartsson sem aðstoðar við undirbúning fyrir tónleika sænska djasspíanistans Anders Widmark sem spilar á Listahátíð.*

# Helgin okkar



**Morgunverðurinn:** Það er bara á páskunum sem má borða nammi í morgunmat. Dýrindis páskaegg og kaffi með því er hressandi á páskadagsmorgni.

**Heimasíðan:** Skoðaðu dásamlega klikkaða og flotta götutísku í Helsinki á heimasíðunni www.hel-looks.com.

**Leikritið:** Skelltu þér á Ronju ræningjadóttur í Borgarleikhúsinu og njóttu þess að rifja upp hversu yndislegt er að gleyma sér í fallegu ævintýri.

**Hádegisverðurinn:** Sestu inn á Kaffi Hljómalind og fáðu þér eitthvað lífrænt og gott. Drekktu Yogi-te með að sjálfsögðu og njóttu reyklausa loftsins og heimilislega andans.



**Spólan:** Farðu út á leigu og taktu afgönsku myndina Children of Heaven. Sæt og hugljúf mynd sem allir í fjölskyldunni hrífast af.

**Bíómyndin:** Taktu börnin eða litla frændfólkið í smá skemmtiferð í bíó á Ice Age 2. Njóttu þess að heyra hlátrasköllin óma um salinn. Myndin er líka þrælskemmtileg.

**Tónleikarnir:** Ray Davies í Háskólabíói á morgun, nema hvað. Kappinn er forsprakki einnar skemmtilegustu hljómsveitar allra tíma, The Kinks.





**Veitingahúsið:** Farðu á B5 og njóttu þess að snæða dýrindis málsverð í reyklausu lofti. Lykilorðið hér er „reyklausu". Gæti ekki verið betra.

**CD:** Hlustaðu á fyrri disk stúlknanna í CocoRosie, La Maison de Mon Reve. Hann er yndi en stúlkurnar halda tónleika hér á landi þann 17. maí.



**LÁRÉTT:** 2 nautasteik 6 kusk 8 mjöl 9 fæða 11 leita að 12 búningur 14 rista 16 í röð 17 utan 18 enþá 20 tveir eins 21 velta.

**LÓÐRÉTT:** 1 hjartaáfall 3 kringum 4 peningagræðgi 5 hamfletta 7 ólærður 10 struns 13 vanþóknun 15 sál 16 húðpoki 19 á líðandi stundu.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** 2 buff, 6 ló, 8 mél, 9 ala, 11 gá, 12 gervi, 14 skera, 16 hi, 17 inn, 18 enn, 20 dd, 21 snúa.

**LÓÐRÉTT:** 1 slag, 3 um, 4 fégirnd, 5 flá, 7 ólesinn, 10 ark, 13 vei, 15 andi, 16 hes, 19 nú.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ólafur Hannibalsson og Hans Kristján Árnason
2. Hjördís Björk Hákonardóttir
3. Sigfús Sigurðsson

Xit hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

TÓNLISTARHÁTÍÐ Á AUSTURLANDI: SUNGIÐ INNAN UM ÁLFANA

# Viðræður í gangi við Belle & Sebastian

Skipuleggjendur tónlistarhátíðarinnar „Þakka þér fyrir að ég kom" sem verður haldin í Borgarfirði eystra í sumar eiga í viðræðum við skosku hljómsveitina Belle & Sebastian um að koma á hátíðina.

Þetta verður í annað sinn sem tónlistarhátíðin er haldin en í fyrra spilaði þar Emilíana Torrini við mjög góðar undirtektir.

Auk Belle & Sebastian hefur Mugison samþykkt að spila á hátíðinni, sem verður haldin dagana 28. og 29. júlí. Emilíana Torrini er einnig áhugasöm um að mæta aftur til leiks.

„Þetta lítur ágætlega út og Belle & Sebastian hafa lýst yfir áhuga sínum á að koma. Það hafa margir reynt að fá þá hingað en það hefur ekki gengið hingað til," segir Arnmundur Viðar Ásgeirsson, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar, sem er haldin á vegum Kjarvalsstofu.

Ástæðan fyrir áhuga skosku sveitarinnar á borgfirsku hátíðinni er sú að Emilíana Torrini þekkir meðlimi hennar, enda eru þeir á mála hjá sama útgáfufyrirtæki og hún, hinu breska Rough Trade. Hefur hún talað ákaflega vel um tónleika sína í fyrra, meðal annars við meðlimi Belle & Sebastian.

„Við byrjuðum í sakleysi okkar í fyrra, vorum stórhuga og fengum vinkonu Borgarfjarðar, Emilíönu, til að koma og halda tónleika. Þetta voru mjög sérstakir tónleikar sem við héldum í gamalli bræðslu fyrir framan 600 manns. Þarna er gott að vera og stutt í álfana. Álfaborgin með álfadrottninguna er þarna í 100 metra fjarlægð og þetta er gert í samráði við þá. Tónlistarmennirnir þurfa líka að passa inn í kúltúrinn til að mega koma," segir Arnmundur Viðar í léttum dúr.



**EMILÍANA TORRINI** Söngkonan knáa kom fram á hátíðinni í fyrra við mjög góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Álfar eru Borgfirðingum greinilega hugleiknir því á síðasta ári gaf Kjarvalsstofa út plötu með álfasögum með bæði íslensku og ensku tali í tilefni af verkefninu Álfahöfuðborgin Borgarfjörður, sem mun halda áfram í sumar.



**BELLE & SEBASTIAN** Hljómsveitin Belle & Sebastian gaf nýverið út plötuna The Life Pursuit.

Hvað varðar hið sérstæða nafn tónlistarhátíðarinnar, „Þakka þér fyrir að ég kom", segir Arnmundur að ákveðin saga sé á bak við það. „Hún heitir þetta vegna þess að Kjarval sagði þetta þegar hann kom í sjötugsafmæli fóstru sinnar. Þá þakkaði hann henni fyrir að hafa komið sér í Borgarfjörðinn," segir hann. Vonandi verða áheyrendurnir sem leggja leið sína austur í sumar jafnþakklátir.

freyr@frettabladid.is

# Hrunadans Matthíasar

Morgunblaðið birti í miðopnu í gær ljóðabálkinn „Hrunadans" eftir Matthías Johannessen. Fréttablaðið leitaði til tveggja ljóðaunnenda og spurði þá álits á tiltækinu.

**Eiríkur Guðmundsson, umsjónarmaður Víðsjár á Rás 1** „Ég kann vel að meta þetta hjá Mattíhasi. Og gott hjá Morgunblaðinu að leggja miðopnuna undir kvæði, þeir mættu gera það oftar. Matthías hefur áður lagt undir sig opnur, til dæmis þegar hann skrifaði að gefnu tilefni um hálendið og auðnina fyrir nokkrum árum. Slík skrif sjást ekki í dagblöðunum lengur. Það er eðli gamalla skálda að amast við samtímanum, það gerði Benedikt Gröndal fyrir hundrað árum. Og mér hugnast þessi kveðskapur vel. Miklu betur en til dæmis Staksteinar og margs konar vitleysa í blöðunum um fermingar og stelpur sem eru að byrja að sofa hjá."



**Jón Kalman Stefánsson, rithöfundur** „Það var gleðileg tilbreyting að lesa ljóð á miðopnu Morgunblaðsins, og það er auðvitað miður að maður þurfi að tala um tilbreytingu í því samhengi. Ég hef oft spurt mig, og stundum aðra líka, hvers vegna dagblöðin sæki ekki meira í þann fjarsjóð sem býr í skáldskapnum. Ég vona bara að Morgunblaðið sé að átta sig á þessu, og að við eigum eftir að lesa fleiri ljóð og eftir fleiri skáld á næstunni. Það er sláttur í kvæði Matthíasar, og það er mikill hiti. Þetta er einskonar hólmganga við samtímann eða tíðarandann, sem er gott því við eigum að hjóla oftar í þá skepnu. Kannski vinnur lengd ljóðsins og dagblaðsformið þó ekki nógu vel saman, en ég held ljóðinu þó til haga, blaðið sjálft fer í endurvinnslu. Svo bíð ég spenntur eftir næsta kvæði, kannski eftir Þorstein frá Hamri, Sigurð Pálsson, Gyrði Elíasson, Ingibjörg Haraldsdóttur…og hver veit nema Fréttablaðið kveiki líka á perunni, svei mér þá, eða eins og þar stendur; nú er gaman."



Sumar 2006
Laugardalshöll 21.–23. apríl 2006
Glæsileg sumarsýning



Regína Ósk syngur kl. 13:00 á opnun sýningarinnar föstudaginn 21. apríl.



Silvía Nótt kemur fram ásamt fylgdarliði kl. 15:00 laugardaginn 22. apríl.



Snorri Snorrason Idol-stjarna skemmtir kl. 15:00 sunnudaginn 23. apríl.

Takið frá dagana 21.-23. apríl fyrir stórviðburð í Laugardalshöll

# Tökum lokið á Kaldri slóð

Tökum á íslensku kvikmyndinni Kaldri slóð lauk að morgni miðvikudags en síðasti tökudagurinn fór fram í snæviþöktum Bláfjöllum. „Það eru allir voða ánægðir og steinsofandi," sagði Vala Hrönn Viggósdóttir, framkvæmdastjóri verkefnisins, þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hennar. „Við erum nokkurn veginn á áætlun og þetta gekk allt stóráfallalaust fyrir sig. Við þurftum aðeins að bíða eftir snjó sem kom svo þegar á þurfti að halda." Að hennar sögn hefur tökuliðið verið á flakki um landið síðustu mánuðina en myndin er tekin á Illugastöðum í Norðurárdal, í Reykjavík, Bláfjöllum og í þremur virkjunum við Búrfell, Sultartanga og Vatnsfell. Köld slóð er framleiðsluverkefni kvikmyndafyrirtækjanna Spark og Storm í samvinnu við danska aðila. Þetta er spennumynd um harðsvíraðan blaðamann sem lendir í mikilli hættu þegar hann rannsakar dularfullt dauðsfall í virkjun á hálendi Íslands. Aðalhlutverkin eru í höndum Þrösts Leós Gunnarssonar og Elvu Óskar Ólafsdóttur. Leikstjóri myndarinnar er Björn Br. Björnsson en handritið skrifaði Kristinn Þórðarson. Kvikmyndin er væntanleg til sýningar um jólin.



**JÓLAFRUMSÝNING** Íslendingar munu sjá kvikmyndina Kalda slóð í bíóhúsum um næstu jól.

Nýi sjávarútvegurinn

# VANTAR FÓLK SEM ER TILBÚIÐ AÐ VINNA Í ÞREMUR HEIMSÁLFUM.

# HELST Á SAMA TÍMA.











**Steindór Sigurgeirsson**
Hong Kong

Störf í sjávarútvegi eru mun fjölbreyttari en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Greinin hefur breyst mikið á undanförnum árum og mikil eftirspurn er eftir fólki með þekkingu á sjávarútvegi til starfa á alþjóðlegum vettvangi. Steindór Sigurgeirsson útskrifaðist úr sjávarútvegsfræði frá Háskólanum á Akureyri árið 1997:

„Það er mikið að gerast í sjávarútvegsgeiranum – ógrynni tækifæra í spennandi umhverfi. Ég starfa í Hong Kong og kann afar vel við það. Sjávarútvegsfræðin hefur reynst mér ómetanlegur undirbúningur fyrir þetta starf. Fyrirtækin hér í Asíu eru að stækka mjög hratt og mikil þörf er fyrir fólk með góða sjávarútvegstengda rekstrarmenntun.“

**Nám í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri er ekki einungis góður grunnur fyrir störf í sjávarútvegi því útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir starfskraftar, m.a. hjá fjármálastofnunum, útflutningsfyrirtækjum og víðar.**

**Kynntu þér málið:**
→ nyisjavarutvegurinn.is

VÍSIR · HB GRANDI · VINNSLUSTÖÐIN HF. · BRIM SEAFOOD

Háskólinn á Akureyri:
**www.unak.is**

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR
GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## Perigeri

Ég var rjóð og heit af vandlætingu og særðri réttlætiskennd þegar ég óð inn á herbergi 407 hjá Sillu frænku. Var með fullan poka af matvælum rétt eins og ég væri mætt á flóðasvæði í Mið-Evrópu. Hún frænka mín skyldi ekki svelta, vegna setuverkfalls og skilningsleysis sljórra og harðbrjósta ráðamanna. En mér til mikillar undrunar sat Silla þar vel tilhöfð og pakksödd og í kringum hana álíka pokar og ég hélt á sem samúðarfullir ættingjar höfðu komið með til hjálpar á neyðarsvæðið.

**„ELSKU** Silla mín“, stundi ég upp, „hvernig líður þér? Hver hjálpaði þér að klæða þig í morgun?“ „Ég hef nú hingað til getað troðið mér í kjólgopann hjálparlaust,“ sagði Silla. „Má bjóða þér perigeri?“ „Perigeri?“ spurði ég skelfingu lostin. Sannfærð um að nú væri farið að slá út í fyrir gömlu konunni, hremmingar vegna umsáturs umönnunarstéttarinnar væru farnar að koma niður á þeim er síst skyldi. „Perigeri þýðir kaka á litháísku,“ sagði Silla, „hún færði mér þetta hún Rekvita mín, hún var svo leið yfir að geta ekki mætt í vinnuna í dag en sagði að þær yrðu að standa saman stelpurnar, ekki gera neitt í tvo daga þá myndu þessir labbakútar á Alþingi kannske skilja um hvað málið snýst þegar þeir þurfa að fara að mata hana ömmu sína sjálfir. „Labbakútar!“ hrópaði ég upp yfir mig. Ég fann áður óþekkta fordóma gegn útlendingum hlaðast upp í sál minni. „Vogar þessi litháíska stúlka sér að kalla ráðamenn íslensku þjóðarinnar labbakúta?“

**„ÉG** kenndi henni þetta orð,“ sagði Silla döpur „og ég sé eftir því. Þessi ljúfa stúlka, hún mundi aldrei nota þetta orð ekki einu sinni um alþingismenn, ef hún vissi hvað það þýddi. Hún knúsar mig alltaf þessi elska ef hún hefur smá stund á hlaupunum, hér er orðið svo undirmannað allir á þönum! Stundum sendir hún mér bara jesúnsja bútsjini í dyragættinni, það er fingurkoss á litháísku. Eins og það eigi ekki að borga slíkum gersemum almennileg laun.“


AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ








